

## Framleiða danska stórmynd

FEÐGARNIR SIGURJÓN SIGHVATSSON OG ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON KOMA BÁÐIR AÐ GERÐ DÖNSKU STÓRMYNDARINNAR VALHALLA RISING.

12

## Álfatrú og ómálga afgreiðslufólk

ÍSLENDINGAR TRÚA ÁLÍKA MIKIÐ Á HULDUFÓLK OG DRAUGA OG ÞEIR GERÐU FYRIR ÞRJÁTÍU ÁRUM. ÞETTA SÝNDI VIÐAMIKIL KÖNNUN SEM TERRY GUNNELL STÝRÐI Á VEGUM FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR HÍ.

16&17




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. janúar 2008 — 5. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## SUNNUDAGUR



### Baltasar í biðstöðu

Verkfall handritshöfunda í Hollywood er þrándur í götu Baltasars Kormáks.

FÓLK 30



### Sterk sem karlar og fjölkunnug mjög

Fyrsta leikverk Brynhildar Guðjónsdóttur.

TÍMAMÓT 10

### Stendur ríkisstjórnin vaktina í byggðamálum?

Illugi Gunnarsson og Svandís Svavarsdóttir velta fyrir sér byggðamálum.

BITBEIN 8



### Jafntefli

Ísland og Noregur skildu jöfn, 28-28, á æfingamóti sem fram fer í Danmörku.

ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐAST EINHVER ÚRKOMA** Í dag verður norðaustlæg átt norðan til annars vestlæg átt, strekkingur sunnan og vestan til annars hægari. Víðast slydda eða snjókoma en þó rigning með köflum sunnan og suðaustan til. Hiti 0-5 stig.

VEÐUR 4

# Þekktum ofbeldishrottum úthýst af börum bæjarins

**Þekktir ofbeldismenn verða útilokaðir frá skemmtistöðum. Nöfn þeirra og myndir verða aðgengilegar í gagnabanka kráareigenda. Lögreglustjóri segir ekki sjáanlegt að vandinn sé bundinn við ákveðna menn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er allra hagur að stoppa ofbeldi,“ segir Kormákur Geirharðsson, stjórnarmaður í Félagi kráareigenda, sem boðar hertar aðgerðir gegn ofbeldismönnum í miðbænum.

Að sögn Kormáks stendur fámennur hópur manna endurtekið fyrir ofbeldisverkum á öldurhúsum. Ætlunin sé að safna upplýsingum um þá í sérstakan gagnabanka fyrir veitingamenn.

„Við erum með heimasíðu þar sem við ætlum að sýna myndir af þessum mönnum þannig að dyraverðir geti lært þá utan að og meinað þeim einfaldlega inngöngu,“ segir Kormákur.

Að því er Kormákur segir eru slagsmál áfall fyrir kráargesti og afar slæm fyrir viðskiptin. Minni líkur séu á ofbeldisverkum ef vissir menn verði hreinlega útilokaðir frá stöðunum.

„Til dæmis er best að stoppa strax við hurðina menn á borð við þennan strák sem er alltaf að berja bestu fótboltamennina af því að hann getur ekkert sjálfur,“ segir Kormákur. Þar vísar hann til Davíðs Smára Helenarsonar sem mun vera einn þeirra sem réðst að landsliðsmanninum Hannesi Þ. Sigurðssyni á Hverfisbarnum tveimur dögum fyrir jól og var þátttakandi í árás þar sem maður fótbrotnaði á Apótekinu milli jóla og nýárs. Hann hefur einnig verið sakaður um að hafa veist að Eiði Smára Guðjohnsen í miðbænum.

Kormákur boðar frekara samstarf við lögregluna. „Þeir eru undirmannaðir en við erum með hátt í þrjú hundruð menn á launum sem dyraverði og það er aukið öryggi fyrir miðbæinn ef þessir aðilar vinna saman,“ segir hann.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segist hafa nefnt þann möguleika áður að setja þá sem séu stöðugt til vandræða í miðborginni í sérstakt skemmistaðabann eins og heimilt sé að gera.

„Við könnuðum í haust hvort ákveðnir einstaklingar væru meira til vandræða heldur en aðrir en athugun okkar benti ekki til þess að þetta væri bundið við lítinn hóp. Þeir sem voru stórtækastir voru kannski með tvö eða þrjú brot. En það hefur kannski verið að breytast á síðustu vikum,“ segir lögreglustjórinn.

- gar

MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON



**EYJAMENN TAKA FORSKOT Á SÆLUNA** Þótt Eyjamenn fari eftir sama dagatali og aðrir Íslendingar var þrettándinn haldinn þar hátíðlegur í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir, fótboltakona og íþróttamaður ársins, kvaddi jólin með sínu fólki heima í Eyjum.

Jólin kvödd degi fyrr en vant er:

## Þrettándanum fagnað í Eyjum

**HÁTÍÐAHÖLD** Mikil þrettándagleði fór fram í Heimaey í gærkvöld, degi áður en þrettándinn gekk í garð. Mjög fjölmennt var við hátíðarhöldin enda veður með besta móti.

Að sögn Elliða Vignissonar bæjarstjóra var þessi háttur hafður á til að koma til móts við þann fjölda fólks sem kýs að upplifa þrettándahátíðina í Eyjum og getur nú komist heim í dag og farið til skóla eða vinnu á morgun eins og ekkert hefði í skorist.

Meðal þess sem fram fór var Grýludansleikur þar sem um þrjú hundruð manns dilluðu sér í takt við þá gömlu. Að því loknu tóku synir Grýlu við og leiddu mikla blysför í gegnum bæinn. Álfar og tröll tóku einnig þátt í hátíðarhöldunum.

Gleðinni lauk svo með dansleik í Höllinni í Heimaey þar sem SSSól spilaði fyrir dansi fram eftir nóttu.

- jse






Tekjur Arnaldar Indriðasonar af Harðskafa nema um fimmtán milljónum króna:

# Mesta jólabókaflóð sögunnar

**BÓKSALA** „Það verður ýmislegt framkvæmt í sumar. Ég á stórt hús sem má margt gera við,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn margra metsöluhöfunda nýafstaðinna bókajóla.

Bókaútgefendur og höfundar eru himinlifandi með bóksölu þessarar bókavertíðar. Að sögn Kristjáns B. Jónassonar, formanns Félags íslenskra bókaútgefenda, er fjöldi titla sem fór vel yfir tíu þúsund eintaka sölu.

Hann nefnir til dæmis Hagkaupsbókina Útkall eftir Óttar Sveinsson, Bíbí eftir Vigdísi Grímsdóttur, Guðna eftir Sigmund Erni og Ösku eftir Yrsu Sigurðardóttur að ógleymdum konunginum sjálfum, Arnaldi Indriðasyni, en Harðskafi hans var prentuð í hátt í þrjátíu þúsund eintökum. Þýddar bækur sem fóru vel yfir tíu þúsund seld eintök eru Leyndarmálið, Harry Potter og Þúsund bjartar sólir.

„Þetta eru mestu bókajól sögunnar,“ segir Kristján. Og útgefandinn Pétur Már Ólafsson hjá Veröld segir þetta „mestu sölu Veraldarsögunnar“ en Veröld gefur út bækur Yrsu og Sigmundar Ernis.

Samkvæmt samningum höfunda og útgefenda fá höfundar í sinn hlut 23 prósent af heildsöluverði bókar. Miðað við það má, að gefnum öðrum forsendum, meta hlut Arnaldar eftir bókajólin á fimmtán milljónir.

- jbg / sjá síðu 30



**ARNALDUR INDRIÐASON** Nýjasta bók hans, Harðskafi, var prentuð í hátt í 30 þúsund eintökum og seldist í bílförmum fyrir jólin.




## SPURNING DAGSINS



*Bubbi, ætlaði hann ekki bara að taka Stál og hníf?*

„Ja, hann var alla vega með hnífinn. Annars óska ég honum þess að hans næsta uppátæki verði að drífa sig á Vog.

Maður gekk berserksgang og dró upp hníf við innganginn á Laugardalshöll í fyrradag þegar tónleikar Bubba fóru þar fram.

Legu Sundabrautar þarf að ákveða sem fyrst að mati formanns samgöngunefndar:

# Brýnir ráðherra til ákvarðanatöku

**STJÓRNMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar Alþingis, telur ótækt að óvissa ríki lengur um Sundabraut. Taka verði ákvörðun um legu brautarinnar á næstu vikum.

„Þetta hefur dregist allt of lengi og nú þarf að taka af skarið. Það gengur ekki að málið sé þannig statt að enginn viti í hvaða farvegi það er,“ segir Steinunn og vill ógjarnan að flokksbróðir hennar, Kristján Möller samgönguráðherra, skýli sér á bak við tæknilegar útfærslur til að forðast ákvarðanatöku.

Það er samgönguráðherra að taka ákvörðun með blessun ríkisstjórnar enda ríkissjóðs að greiða.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Valið stendur á milli tveggja leiða, innri leiðar og ytri leiðar (göng) og er kostnaður við ytri leiðina talinn vera sextán milljarðar króna. Innri leiðin er umtalsvert ódýrari og er jafnvel talið að muni um 5 til 10 milljarða.

Þó eiginlegt ákvarðanavald sé í höndum samgönguráðherra telur Steinunn Valdís mikilvægt að ákvörðun verði tekin í samráði við yfirvöld í Reykjavík. Þar á bæ hefur verið talað fyrir ytri leið.

Faxaflóahafnir hafa þegar boðist til að annast framkvæmd Sundaganga í svokallaðri einkaframkvæmd en Kristján Möller telur að bjóða þurfi verkið út. Steinunn Valdís efast um nauðsyn þess og bendir á að samið var við Spöl um gerð Hvalfjarðarganga á sínum tíma án útboðs. - bþs

Poppstjarna í geðrannsókn:

## Britney Spears missir forræðið

**BANDARÍKIN Poppsöngkonan Britney Spears missti í gær forræði yfir sonum sínum tveimur. Réttargæslumaður hefur úrskurðað að fyrrum eiginmaður hennar, Kevin Federline, fái fullt forræði yfir börnunum. Heimsóknarréttur Spears hefur verið afnuminn.**

**Spears var aðfaranótt föstudagsins sótt á sjúkrabíl á heimili sitt í Beverly Hills og flutt á Cedars-Sinai sjúkrahúsið til geðrannsóknar. Hún var í annarlegu ástandi og neitaði að láta börnin af hendi og því var lögregla kölluð til. Málið verður næst tekið fyrir 14. janúar.** - hs



ELLIÐAÁRNAR Enn þrengir að laxveiði í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laxastofninn í Elliðaánum:

## Nýrnaveikum hrognum eytt

**LÍFRÍKIÐ** Hrognum af laxastofni Elliðaánna frá því í haust sem áttu að standa undir gönguseiðasleppingum hefur verið eytt, að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

„Er þetta annað árið í röð sem nýrnaveiki kemur fram eftir kreistingu á klaklaxi úr Elliðaánum. Því er ljóst að hvorki verður sleppt seiðum í árnar í vor né vorið 2009 og munu þær því þurfa að treysta alfarið á náttúrulega hrygningu í kjölfarið,“ segir á svfr.is. Kemur fram að veiðimenn megi næsta sumar hirða færri laxa en áður og enn frekar verði þrengt að maðkaveiði. - gar

Par handtekið eftir tónleika:

## Sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL Manninum, sem handtekinn var ásamt lagskonu sinni eftir að hafa brugðið hnífi á loft á tónleikum Bubba í Laugardalshöll í fyrrakvöld, ógnað starfsfólki og síðan keyrt utan í bíl þegar þau voru á flótta undan lögreglu, hefur verið sleppt úr haldi. Maðurinn var ökuréttindalaus. Stúlkan er sautján ára en hann tíu árum eldri. Að sögn lögreglu fannst smáræði af fíkniefnum í fórum þeirra. Samkvæmt upplýsingum lögreglu hefur maðurinn áður komið við sögu lögreglu. Lögregla naut aðstoðar sérsveitarinnar við handtöku þeirra.** - jse

# Ferðamenn í spreng fengu hvergi að pissa

**Hópur amerískra eldri borgara komst í hann krappan á ferð sinni um Suðurland á nýársdag. Allir þurftu þeir að komast á salerni en hópurinn kom alls staðar að luktum dyrum – þar til björgunarsveit Hvolsvallar kom til aðstoðar.**

**BJÖRGUN** „Maður býður ekki hópi eldri borgara frá Ameríku að pissa úti við rútu í éljagangi,“ segir Valgerður Pálsdóttir fararstjóri, en hún komst í hann krappan á ferð sinni með hópi bandarískra ferðamanna um Suðurland á nýársdag.

„Við lögðum af stað úr Reykjavík en þegar komið var á Selfoss var blaðran farin að segja til sín hjá mörgum. Þar var þó hvergi opið,“ segir Valgerður. Hópurinn hélt aftur af stað og vonaði innilega að hægt yrði að stoppa á Hellu. Vonbrigðin urðu nokkur þegar þangað var komið og allt var lokað. Enn einu sinni var haldið af stað og óskuðu þá allir þess heitt að á Hvolsvelli, næsta bæjarfélagi á Suðurlandi, myndi einhver bjarga þeim úr nauðum sínum.

„En þar var ekki sálu að sjá. Við prófuðum að banka upp á hjá lögreglunni en enginn kom til dyra,“ segir Valgerður, sem segist því næst hafa ætlað að bregða á það ráð að banka upp á á elliheimilinu. „En þá datt Halldóri bílstjóra í hug að hringja í félaga sinn úr björgunarsveitinni á staðnum, og það var ekki að spyrja að því, skömmu seinna kom maður og opnaði áhaldahúsið fyrir okkur. Það er greinilega ekkert viðvik svo smávægilegt að björgunarmenn séu ekki tilbúnir að aðstoða.“

Jón Hermannsson, bifvélavirki og björgunarsveitarmaður á Hvolsvelli, segir hafa verið afar ánægjulegt að geta komið til aðstoðar. „Það er skemmtilegast að greiða úr smáhremmingum, stóru málin eru öllu flóknari,“ segir Jón hæversklega.



HÓLPNIR FERÐAMENN Ekki aðeins gladdist fólkið við að komast loks á salerni heldur fylltist það miklum áhuga á því að kynna sér störf björgunarsveita sem vinna frítt og selja flugelda eins og gerist hér á landi. MYND/VALGERÐUR

> Það hefur margt breyst til batnaðar en fólk verður að geta brugðið sér afsíðis á leið sinni um landið.
>
> ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR
> FERÐAMÁLASTJÓRI

Valgerður segir hópinn hafa notið heimsóknarinnar hjá björgunarsveitinni mjög. Ekki hafi aðeins verið gott að komast á salerni heldur hafi fólkinu þótt áhugavert að skoða tæki björgunarsveitarinnar og fræðast um hana. „Fólkinu kom svo mjög á óvart að sjá allt sprengiefni sveitarinnar,“ segir hún og skellir upp úr en útskýrir því næst að fólkið hafi komið frá Pennsylvaníu þar sem mjög strangar reglur gilda um flugelda. Hópurinn launaði þó greiðann með því að kaupa sprengitertur sem síðan var skotið upp við Seljalandsfoss við mikinn fögnuð.

Þó að Valgerður segi ferðina um Suðurland hafa verið hina skemmtilegustu sé þörf á því að fólk átti sig á nauðsyn þess að koma til móts við ferðamenn þótt hátíð ríki í bæ. „Frá því í fyrra hefur fjöldinn þrefaldast hér yfir jólahátíðarnar,“ segir hún. Um 3.500 erlendir ferðamenn dvöldu hérlendis um áramótin.

Undir orð Valgerðar tekur Ólöf Ýrr Atladóttir, nýráðinn ferðamálastjóri. „Það hefur margt breyst til batnaðar en fólk verður að geta brugðið sér afsíðis á leið sinni um landið,“ segir hún.

karen@frettabladid.is



AKRANES Bæjarráð vill dreifa eldri borgurum um byggðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæjarráð Akraness:

## Hafna sérstöku hverfi aldraðra

**SKIPULAGSMÁL** Hugmyndir um uppbyggingu 500 íbúa hverfis fyrir 50 ára og eldri í Hausthúsahverfi á Akranesi hafa verið slegnar út af borðinu.

Bæjarráð segir miðað við að uppbyggingu í Skógarhverfi verði lokið áður en vinna við ný hverfi hefjist. Hugmyndir Kalmansvíkur ehf. um eitt hverfi í Haushúsum fyrir eldri en 50 ára falli ekki að stefnumótun Aðalskipulags Akraneskaupstaðar fyrir árin 2005-2017. Hins vegar megi ræða við fulltrúa Kalmansvíkur og fleiri sem vilji byggja húsnæði fyrir eldri borgara á fleiri en einum stað á Akranesi svo sem í Skógarhverfi. - gar

Stjórnarandstaða vill kjósa:

## Kibaki tilbúinn í þjóðstjórn

**KENÍA** Forseti Kenía, Mwai Kibaki, segist tilbúinn til að mynda þjóðstjórn til að binda enda á óeirðir í landinu eftir umdeild úrslit forsetakosninganna þar í landi um síðustu helgi. Stjórnarandstaðan hafnar hins vegar samstarfi og krefst þess að kosið verði á ný.

Kibaki gaf út tilkynninguna eftir fund með bandaríska sendifulltrúanum Jendayi Frazer sem nú er í Kenía til að miðla málum. Raila Odinga, stjórnarandstöðuleiðtogi, segir að afstaða stjórnarandstöðunnar sé óbreytt og að Kibaki verði að láta af embætti. -hs






Ungmenni í fíkniefnum játa að hafa stolið milljónum af Sparisjóði Akraness:

# Sex milljónir yfir á kortinu

**LÖGREGLUMÁL** Sjö ungmenni á Akranesi voru handtekin á fimmtudags- og föstudagskvöld vegna lögreglurannsóknar á 6,5 milljóna króna yfirdrætti á debetkorti frá Sparisjóði Akraness.

Frá því síðla í nóvember og fram undir lok ársins var debetkortareikningur, sem maður um tvítugt stofnaði hjá Sparisjóði Akraness, yfirdreginn um 6,5 milljónir króna. Á fimmtudag kærði sparisjóðurinn korthafann sem var handtekinn þá um kvöldið.

„Kortið átti að vera þeim eiginleikum búið að hringja inn og athuga innistæðuna við hverja úttekt en það hringdi aldrei,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra.

Af upphæðinni sem stolið var tókst lögreglu að hafa upp á um 800 þúsund krónum á öðrum reikningum fólksins sem tengist málinu. Þá var lagt hald á um sextíu þúsund krónur í reiðufé. Verulegur hluti peninganna var notaður til fíkniefnakaupa.

Að sögn Helga er fólkinu, sem er á aldrinum sautján til tuttugu og tveggja ára, sleppt eftir yfirheyrslur þar sem málið hafi verið ágætlega upplýst og játning legið fyrir.



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON Saksóknari efnahagsbrota segir tvo menn hafa viðurkennt að hafa millifært illa fengnar milljónir um debetkort annars þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Helgi segir að auk korthafans hafi annar maður sem tók síðar við krotinu viðurkennt misnotkun á því. „Það er til yfirlit um allar færslur svo sönnunargögnin eru traust,“ segir saksóknari efnahagsbrota. - gar

www.toyota.is




## Land Cruiser 200 - Fullkomið frelsi

Það verður konungleg byrjun á nýju ári hjá söluaðilum Toyota um land allt nú um helgina. Þar ber hæst frumsýning á nýjum Land Cruiser 200, sem verður umkringdur öllum hinum stjörnunum frá Toyota.

Byrjaðu spennandi bílaár hjá Toyota. Veitingar í boði.

Opið í dag frá kl. 13 - 16

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

**GENGIÐ 04.01.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,34 | 61,64 |
| Sterlingspund | 121,42 | 122,02 |
| Evra | 90,15 | 90,65 |
| Dönsk króna | 12,097 | 12,167 |
| Norsk króna | 11,44 | 11,508 |
| Sænsk króna | 9,625 | 9,681 |
| Japanskt jen | 0,56 | 0,5632 |
| SDR | 96,96 | 97,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 118,9995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír Íslendingar eru á vegum ÖSE sem kosningaeftirlitsmenn í Georgíu:

# Útlit fyrir sigur Saakashvilis

**GEORGÍA** Forsetakosningum í Georgíu lauk í gærkvöldi og er unnið að talningu atkvæða. Samkvæmt útgönguspám í gærkvöld var allt útlit fyrir að Mikhaíl Saakashivili forseti bæri sigur úr býtum.

Halla Gunnarsdóttir blaðamaður er stödd í Georgíu ásamt Merði Árnasyni og Andra Óttarssyni en þau eru á vegum ÖSE sem kosningaeftirlitsmenn.

„Við erum búin að vera hérna síðan 1. janúar og það er mjög sérstök stemning hér. Það er allt á kafi í snjó en það hefur ekki gerst í mörg ár og hér eru jólin 7. janúar þannig að þetta er eins og það hefðu verið kosningar 22. desember á Íslandi,“ útskýrir Halla. Hlutverk þeirra er að keyra á milli staða og fylgjast með kosningunum. Þegar kosningu er lokið fylgjast þau með talningu og vakta kjörkassa þar til þeir komast í hendur yfirkjörstjórnar. „Við erum þrjú frá Íslandi en okkur er skipt upp. Ég er í Tblisi en hinir tveir voru sendir út á land og förum við um með öðrum diplómötum og fylgjumst með að allt fari vel fram,“ segir Halla.

Það eru um 300 kosningaeftirlitsmenn á vegum ÖSE og enn þá fleiri á vegum annarra sendiráða og samtaka innanlands. Auk þess að kjósa um forsetaembættið er kosið um hvort þingkosningar eigi að vera í vor eða haust og hvort Georgía eigi að ganga í NATO. Það er hins vegar ekki bindandi kosning. **- hs**



**FORSETI GEORGÍU** Var spáð sigri í gærkvöld.

Ellefu biðu skipbrot í eystri:

## Biðu björgunar í þrjá mánuði

**RÚSSLAND** Ellefu manns sem biðu skipbrot fyrir um þremur mánuðum í afskekktu héraði Rússlands var bjargað í gær.

Stormur eyðilagði báta fólksins 10. október síðastliðinn en þá voru þau stödd um 100 kílómetra frá höfuðborg héraðsins Petropavlovsk-Kamchatsky. Fólkið hafði haldið í sér lífinu með því að borða fisk sem það veiddi. Auk þess höfðu þau fundið hveiti í gamalli herstöð. Fimm héldu af stað til að leita hjálpar og rákust á hóp hermanna eftir fjögurra daga göngu. Í kjölfarið var kallað eftir aðstoð. **- hs**

Krónubréfaútgáfa:

## Bréf fyrir 30 milljarða króna

**VIÐSKIPTI Hollenski bankinn Rabobank gaf í gær út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir þrjátíu milljarða að nafnvirði. Bréfin koma að öllum líkindum í stað eldri bréfa sem eru á gjalddaga í lok mánaðarins, að því er fram kemur í Hálffimm fréttum Greiningardeildar Kaupþings.**

**Þá falla raunar bréf frá Rabobank að nafnvirði 45 milljarða króna í gjalddaga, svo útgáfan í gær mætir þessu ekki að fullu. Alls eru krónubréf að nafnvirði áttatíu milljarðar króna á gjalddaga á fyrstu tveimur mánuðum ársins.**

**Gengi krónunnar styrktist á föstdudag í kjölfar útgáfunnar.** - ikh

Fundu plöntur og þýfi:

## Kannabisrækt í íbúð á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL** Fimm kannabisplöntur fundust við húsleit lögreglu í íbúð á Akureyri í fyrradag. Auk þess fannst þýfi úr innbroti í veitingahúsið Strikið, fimm hitalampar og annar búnaður sem notaður var við ræktunina á plöntunum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni voru tveir menn á þrítugsaldri í íbúðinni, og voru þeir báðir handteknir. Við yfirheyrslur viðurkenndu þeir að hafa ræktað kannabisplönturnar, og annar þeirra játaði að hafa brotist inn á Strikið. **- sþs**

**VENESÚELA**

### Leitað að flugvélarflaki

Björgunarmenn í Venesúela leita nú að flaki flugvélar sem hvarf skammt undan ströndum Venesúela á föstudaginn. Um borð voru að minnsta kosti fjórtán manns og þar af voru átta Ítalir og Svisslendingur.

# Tímabært að setja reglur um gjafirnar

**Viðskiptaráðherra segir best fyrir alla að hafa skýrar reglur um gjafir til stjórnmálamanna og opinberra starfsmanna. Ríkisendurskoðun kallaði eftir slíkum reglum árið 2003. Mál Fjármálaeftirlits skoðað á næstunni í viðskiptaráðuneyti.**

**STJÓRNSÝSLA** Tímabært er að settar verði almennar og skýrar reglur um gjafir til stjórnmálamanna og opinberra starfsmanna, að mati Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra.

„Það er sjálfsagt að bæta þessu við tímamótalöggjöf sem sett var um starfsemi stjórnmálaflokka og fjárreiður. Með henni voru styrkveitingar til flokkanna frá fyrirtækjum takmarkaðar og mér finnst sjálfsagt að bæta við hana skýrum reglum um leyfilegt verðmæti gjafa,“ segir Björgvin.

Hann nefnir sem dæmi að allar gjafir sem teljist yfir ákveðnu virði yrðu skráðar skilmerkilega og verðmæti þeirra haldið til haga. Sama gildi um opinbera starfsmenn. Setja þurfi skýr mörk.

„Yfirleitt eru þetta smágjafir en það á hvorki að vera stjórnmálamannsins né starfsmannsins að velkjast í vafa um þetta og hvort hann megi taka við gjöfinni. Ég held að allir taki undir það að það er bæði gefendum og þiggjendum til hagsbóta,“ segir ráðherra.

Spurður hvort ekki væri einfaldast að opinberir starfsmenn tækju alls ekki við gjöfum frá fyrirtækjum, segir Björgvin eflaust skiptar skoðanir um það og hann hafi ekki gert það upp við sig endanlega.

„Aðalmálið er að mörkin séu skýr, alveg sama hver niðurstaðan verður. Ég get ekki gefið mér hana. En það á að vera skýr, afdráttarlaus lína.“

Fram hefur komið að lykilstarfsmenn Fjármálaeftirlitsins tóku við rauðvínsflöskum frá Kaupþingi fyrir jólin. Í skýrum reglum eftirlitsins segir að starfsmönnum þess sé óheimilt að taka við slíkum gjöfum nema viðskiptavinir [bankans] fái þær almennt.

Spurður hvort þetta gefi tilefni til að áminna forstjóra Fjármálaeftirlitsins, segist viðskiptaráðherra ekki vilja taka afstöðu til þess að órannsökuðu máli. Það verði hins vegar skoðað „alveg á næstunni“.

Ekki náðist tal af Jónasi Friðriki Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, við vinnslu fréttarinnar.

klemens@frettabladid.is



**Æ SÉR GJÖF TIL GJALDA** Hversu mikil verðmæti þarf til að hafa áhrif á þiggjanda gjafar? Viðskiptaráðherra tekur ekki afstöðu til þess en vill setja skýrar reglur um gjafir. MYND/ÚR SAFNI

### VANTAR SKÝRAR SIÐAREGLUR

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir að engin skýr viðmið séu um hvað teljist eðlilegar og hvað óeðlilegar gjafir til opinberra starfsmanna og stjórnmálamanna.

Ríkisendurskoðun fjallaði um þessi og önnur álitamál í skýrslu um siðareglur í opinberri stjórnsýslu sem birtist árið 2003.



**SIGURÐUR ÞÓRÐARSON**

Síðan hafa nokkrar opinberar stofnanir sett sér sínar eigin reglur, en þó ekki alþingismenn.

Í siðareglum Ríkisendurskoðunar sjálfrar segir að starfsmenn hennar skuli „varast að þiggja gjafir eða nýta sér fríðindi frá þeim sem hafa hagsmuna að gæta vegna endurskoðunarstarfa þeirra“.



**KVEIKJUM ELD** Slökkviliðið hefur gefið leyfi fyrir sjö brennum í dag.

Þrettándanum fagnað:

## Brennur á sjö stöðum í dag

**BRENNUR** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hefur gefið leyfi fyrir sjö brennum í dag. Þær verða á eftirtöldum stöðum; á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi, í Gufuneslandi og á Ægisíðu í Reykjavík og hefjast klukkan 17, á Tjarnarvöllum Hafnarfirði og við Reynisvatn austan Sæmundarskóla í Reykjavík klukkan 18. Klukkan 19 verður kveikt í brennu á bökkum Gestshúss á Álftanesi og klukkan 20.30 hefst brenna við hesthúsin í Holtahverfi í Mosfellsbæ.

Sá fyrirvari er þó á leyfunum að veður verði skaplegt en ekki eru líkur á því að veðrið setji strik í reikninginn eins og á gamlársdag. **- jse**

**VATÍKANIÐ**

### Páfi kallar eftir friði í Kenía

Benedikt páfi XVI fordæmdi í gær drápin í Kenía í kjölfar umdeildra kosninga þar í landi og hvatti hann til samningaviðræðna og að bundinn yrði endi á ofbeldisverk.

**AKUREYRI**

### Sinueldar vegna flugelda

Slökkviliðið á Akureyri var kallað að sumarhúsabyggð í landi Pétursborgar vegna sinubruna í gær. Eldurinn var kominn nærri sumarhúsi þegar slökkviliðsmenn komu á vettvang. Upptök eldsins eru rakin til þess að gestir á svæðinu voru að skjóta upp flugeldum.


**Bílar til sölu:**





**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Árgerð 2004, Ekinn 108 þ.km, Dísel, 2982 cc. slagrými, 163 hestöfl
Sjálfskipting, Breyttur 35” dekk, 8 manna, Ljósakastarar

Verð 4.790.000
Möguleg skipti á ódýrari





**Jaguar Sovereign 3.2 Auto**
Árgerð 1991, Bensín, Ekinn 140 þ., Bensín, 3239 cc. slagrými, 6 strokkar
203 hestöfl, Sjálfskipting, Leðurklæðning, ABS, viðarklæðning

Verð 590.000 stgr.

**S. 821 3494**


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SÆMILEGA RÓLEGT Í ÞESSU**

Enda þótt það sé vestan sperringur í honum með vestur- og suðurströndinni eru kortin almennt fremur róleg næstu daga. Það er helst að sjá að það verði strekkingur á annesjum á Vestfjörðum, einkum þó á morgun en að öðru leyti rólegt. Það kólnar heldur til morguns og þá má búast við snjókomu nyrðra en nokkuð björtu veðri syðra. Svipað á þriðjudag.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Vestan 5-10 m/s. Dálítil slydda og síðar snjókoma. Hiti nálægt frostmarki.

um hádegi »







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skúrir | London | 7°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C skúrir |
| Billund | 4°C skúrir | París | 8°C alskýjað | Lúxemborg | 5°C léttskýjað |
| Osló | -1°C snjóél | Amsterdam | 5°C hálfskýjað | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C ringing | Frankfurt | 3°C skúrir | Róm | 14°C skúrir |
| Gautaborg | 5°C skúrir | Berlín | 2°C rigning | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Cayenne

**Við skrifuðum ekki sögu fjórhjóladrifsins.**
**Bara skemmtilegu kaflana.**

**Porsche**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú verið beitt(ur) ofbeldi á skemmtistað?*

| | |
|---|---|
| Já | 37% |
| Nei | 63% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að Barack Obama verði forsetaframbjóðandi demókrata?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Maður á sjötugsaldri ákærður meira en sjö árum eftir að upp komst um brotið:

# Ákærður eftir sjö og hálft ár

**DÓMSMÁL** Maður á sjötugsaldri hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt á árunum 1999 og 2000 með því að hafa dregið fyrirtækinu TB-tæknibúnaði rúmlega 157 þúsund krónur af iðgjaldsgreiðslum starfsmanna fyrirtækisins. Einnig runnu greiðslur starfsmanna sem áttu að fara til Verslunarmannafélags Reykjavíkur, samtals rúmlega 39 þúsund krónur, til fyrirtækisins. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag.

Sjö og hálft ár er liðið frá því brotin áttu sér stað en þau komust upp skömmu síðar. Guðjón Magnússon, fulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir nokkra þætti ráða því að manninum sé ekki birt ákæra fyrr en nú. Málið er angi af gjaldþroti. „Fyrst reyna stéttarfélögin að innheimta upphæðirnar sem um ræðir hjá félögunum sjálfum. Það getur tekið tvö til þrjú ár. Síðan berst málið til lögreglunnar. Af þessu leiðir að málið verður ekki forgangsmál hjá lögreglunni. En það gefur auga leið að þetta er of langur tími," segir Guðjón.

Málið barst til lögreglunnar um mitt ár 2003 og hefur það verið þar til meðferðar síðan. **- mh**



**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Sjö og hálft ár liðu frá því málið kom upp, þar til ákært var í því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sniðganga Gullna hnöttinn:

# Leikarar virða verkfallsmúra

**BANDARÍKIN** Talsmaður Samtaka leikara í Hollywood, Alan Rosenberg, segir að einróma samkomulag hafi náðst um að virða verkfall handritshöfunda í Hollywood. Félagar í samtökunum ætla að sniðganga Golden Globe-verðlaunahátíðina sem fyrirhuguð er um næstu helgi.

Golden Globe-verðlaunin þykja koma næst á eftir Óskarsverðlaununum hvað orðstír varðar. Ef helstu leikarar ákveða að sniðganga athöfnina er óvíst hvort henni verður yfir höfuð sjónvarpað. Enn eru þó viðræður í gangi í því augnamiði að ná einhvers konar málamiðlun. **- hs**




## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Réttindalaus á ofsahraða

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði ökumann um miðnætti í fyrrinótt sem mældist á 134 kílómetra hraða. Við eftirgrennslan kom í ljós að hann var réttindalaus og með fíkniefni. Tveir farþegar voru í bílnum.

### Á fullu gasi á ljósastaur

Ökumaður á Húsavík varð fyrir því óláni að bensíngjöfin festist niðri þegar hann var að aka úr stæði í fyrrinótt. Ökuferðin varð því styttri en fyrirhugað var en bíllinn hafnaði á ljósastaur. Bíllinn er ónýtur, sem og ljósastaurinn, en ökumanninn sakaði ekki.

## NORÐURÞING

### Hafna bótakröfu

Byggðaráð Norðurþings hafnar kröfu kaupenda jarðarinnar Eyvindarstaða um bætur vegna meintra skertra afnota af jörðinni og aukakostnaðar. Byggðaráð segir að kaupendunum hafi verið fullkunnugt um hvað þeir buðu í og keyptu.

## BÚRMA

### Sjálfstæðisafmælis minnst

Fylgismenn flokks Aung San Suu Kyi, stjórnarandstöðuleiðtoga í Búrma (Mjanmar), minntust á föstudag sextíu ára sjálfstæðisafmælis landsins með því að krefjast þess að hún yrði látin laus úr stofufangelsi og að sleppt yrði pólitískum föngum, sem voru fangelsaðir er herforingjastjórnin batt enda á mótmæli lýðræðissinna í fyrra.



**FRÁ VEITINGU SAMFÉLAGSVERÐLAUNA 2007.** Ævar Jóhannesson hlaut viðurkenninguna Hvunndagshetjan og Uppfræðari ársins var Benedikt Erlingsson. Fyrir framlag til æskulýðsmála fékk Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll verðlaun og Freyja Haraldsdóttir í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Heiðursverðlaun hlaut Þorgerður Ingólfsdóttir og Samfélagsverðlaunin fékk AFA, aðstandendafélag aldraðra.

# Góðverkin verðlaunuð

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar. Lesendur geta haft áhrif á valið með því að senda inn tilnefningar. Allir koma til greina sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta samfélagið.**

**VIÐURKENNING** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í næsta mánuði, þriðja árið í röð, og skiptast í fimm flokka.

Sá fyrsti nefnist Hvunndagshetjan og koma verðlaunin í hlut einstaklings sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

Næsti flokkur nefnist Frá kynslóð til kynslóðar. Þar koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

Til atlögu gegn fordómum nefnist þriðji flokkurinn. Þau verðlaun geta fallið hvort sem er einstaklingi eða félagasamtökum í skaut. Heiðursverðlaun hreppir einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi og fimmti og síðasti flokkurinn nefnist einfaldlega Samfélagsverðlaunin og eru þau veglegust. Ein milljón króna fer þar til félagasamtaka sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Allir sem eiga skilið virðingarvott fyrir gjörðir sínar og framgöngu koma til greina sem verðlaunahafar, jafnt óþekktir einstaklingar sem þjóðþekktir.

Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, er formaður dómnefndar eins og undanfarin ár og með henni er fólk úr ýmsum áttum. „Þetta er einstaklega ánægjulegt verkefni, ekki síst vegna þess að tilnefningar lesenda varpa ljósi á góð verk sem unnin eru hvarvetna í þjóðfélaginu," segir hún. „Það er líka skemmtilegt að fá tækifæri til að vekja athygli á þessum verkum sem kastljós fjölmiðla beinist sjaldan að."

Tilnefningar til samfélagsverðlaunanna má senda á visir.is eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Skilafrestur er til hádegis mánudaginn 28. janúar.

**gun@frettabladid.is**




Flugheimild veitt fyrir kyrrsetta Loftleiðaþotu í Tsjad:

# Þotan brátt í loftið

**SAMGÖNGUR** Loftleiðaþota sem franskir starfsmenn hjálparsamtaka ætluðu að nota til að smygla 103 börnum frá Afríkuríkinu Tsjad í október er enn í Tsjad. Nýverið fékkst loks heimild til að nota þotuna á ný.

Guðni Hreinsson, framkvæmdastjóri Loftleiða Icelandic, dótturfélags Icelandair, segir að nú eigi allir tilskildir pappírar að vera í lagi, og unnið sé að nauðsynlegu viðhaldi á þotunni eftir svo langa kyrrstöðu.

Loftleiðir hafa ekki tapað fé vegna málsins, enda er spænska flugfélagið Girjet með þotuna í leigu til nokkurra ára og ber því alla ábyrgð á þeim tíma.

**- bj**

„Lífið er eins og talnalás, ef þú ert með réttu tölurnar skiptir engu máli hver þú ert. Lásinn opnast!“

# Hver er þinn æðsti draumur?



## Jack Canfield kennir lögmál sigurgöngunnar á dagsnámskeiði í Háskólabíói laugardaginn 2. febrúar

Jack Canfield er stofnandi og stjórnarformaður Canfield Training Group í Santa Barbara í Kaliforníu. Fyrirtækið þjálfar athafnamenn, kennara, forstjóra fyrirtækja og fleiri til að ná persónulegum og starfstengdum árangri á stuttum tíma.

Margir Íslendingar þekkja Jack Canfield úr kvikmyndinni **„The Secret“** og samnefndri bók sem hefur farið sigurför um allan heim. Hann er einn af allra eftirsóttustu fyrirlesurum heims.

**Miðasala á www.newvision.is**




**Gerðu 2008 að tímamótaári í lífi þínu!**
**Komdu á námskeið Jack Canfields**
**í Háskólabíói þann 2. febrúar kl. 9.30-16.30**

**Verð frá 19.900 kr.**

Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða félagsmönnum sínum námskeiðsgjaldið að hluta eða í heild.

newvision

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í götumynd lágreistra timburhúsa frá aldamótunum 1900 er falið brot af sögu þjóðarinnar.

## Fílar í postulínsbúð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Mörgum kann í fljótu bragði að virðast sem tvö hús við Laugaveg geti ekki skipt sköpum til eða frá um þróun miðborgar Reykjavíkur. Sú umræða sem orðið hefur fyrst um niðurrif og nú síðast um flutning húsanna við Laugaveg 4 og 6 er þó liður í miklu stærra máli.

Laugavegurinn er lífæð miðborgar Reykjavíkur. Það er grundvallaratriði að varðveita eins og kostur er ásýnd þessarar götu sem kennd er við gönguleið reykvískra húsmæðra inn í Þvottalaugar, röð lágreistra timburhúsa sem reist voru af mismiklum vanefnum, mörg af fólki sem flust hafði utan af landi til að setjast að í höfuðstaðnum. Þarna er veigamikill hluti af sögu þjóðarinnar, sögu sem er mikilvægt að halda á lofti.

Eins og bæði borgarminjavörður og Torfusamtökin hafa bent á felst gildi þessara húsa fyrst og fremst í því að varðveita þau á þeim stað sem þau eru, sem hluta af þessari gömlu götumynd. Borgarstjóri getur því ekki bjargað sér fyrir horn með því að láta flytja húsin í stað þess að rífa þau.

Þetta skilur Svandís Svavarsdóttir, formaður skipulagsráðs, sem betur fer og hefur vonandi erindi sem erfiði við að tjónka við samstarfsflokkunum í málinu. Einnig má minna á snöfurmannlega framgöngu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra varðandi svipað mál sem upp kom í miðbæ Akureyrar á árinu sem leið. Binda verður vonir við að þessum konum takist að koma í veg fyrir niðurrif eða brottflutning húsanna við Laugaveg 4 og 6.

Sú hugmynd að flytja gömul hús í Hljómskálagarðinn er út af fyrir sig ágæt en dúkkuhúsabyggð í þeim garði má ekki blanda saman við verndun götumyndar við Laugaveg. Í þann leik verður að nota önnur hús, annaðhvort gömul hús sem orðin eru samhengislaus vegna breytinga í umhverfi sem þegar eru orðnar ellegar hreinlega að byggja ný og sæt hús í gömlum stíl, jafnvel eftirmyndir gamalla húsa sem annaðhvort eru enn til eða fallin fyrir byggingarkrönum.

Húsið númer 2 er eitt af fegurstu húsunum við Laugaveg. Það er kannski aðalástæða þess hversu mikilvægt er að varðveita húsaröðina þar fyrir ofan.

Byggingalysin við Laugaveg eru þegar allt of mörg. Þau voru börn síns tíma og urðu flest áður en farið var að ræða af alvöru um varðveislugildi húsa og götumynda hér á landi. Það er afsökun þeirra sem báru ábyrgðina.

Þeir sem bera ábyrgð á því að ryðjast yfir menningararfinn eins og fílar í postulínsbúð á árinu 2008 og reisa í stað lágreistu séríslensku húsanna alþjóðlegar 21. aldar byggingar eiga ekkert slíkt sér til málsbóta. Vonandi verðum við laus við að þurfa að horfa upp á minnismerki um skömm þeirra í líki fimm hæða glerhýsis við hlið hins fínlega og sérkennaríka húss við Laugaveg 2.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki lengur Framsókn

„Nú er ekki hægt að kenna Framsóknarflokknum um. Þetta er Samfylkingin," sagði Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta, í Fréttablaðinu á föstudaginn um umdeilda ráðningu nýs ferðamálastjóra. Hann er ekki eini framsóknarmaðurinn sem fagnar því að Svarti-Pétur pólitískra ráðninga sé nú kominn á annarra manna hendur. Helga Sigrún Harðardóttir, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokks, velti því fyrir sér á bloggsíðu sinni hversu verðmætt flokksskírteinið væri í Samfylkingunni. Guðni Albert Jóhannesson, nýr orkumálastjóri, sé bróðir Sigríðar Jóhannesdóttur, fyrrverandi alþingismanns Samfylkingarinnar, svo sé hann félagi Össurar og aðstoðarmanns hans, Einars Karls. Hins vegar sé sú sem gengið var framhjá tengdadóttir fyrrverandi ráðherra framsóknarflokksins, Páls Péturssonar.



### Tími til að anda

Eftir fréttum að dæma á föstudag var eins og lýðræðið á Íslandi væri í stórhættu. Ekki vegna þess að hér ættu sér stað pólitískar ofsóknir eða komið væri í veg fyrir frjálsa umræðu í landinu. Nei, það sem var svona hættulegt var að Ástþór Magnússon ætlaði einu sinni enn að bjóða sig fram til forseta. Fyrri hrakfarir á þeim vettvangi myndu ekkert stöðva hann. Þeir sem mestar áhyggjur höfðu ættu nú að geta andað léttar um stund, því eins og fram kom á Vísi í gær er Ástþór ekki enn búinn að gera upp hug sinn hvað varðar forsetaframboðið. Þangað til einhver er kominn fram sem ætlar í framboð og nær að skila inn öllum meðmælum ættum við kannski að anda djúpt og hætta að spá í hversu margar milljónir kosningarnar kosta, því eins og við vitum er lýðræðið dýrt.



svanborg@frettabladid.is

**BITBEIN** Svandís Svavarsdóttir spyr:

# Stendur ríkisstjórnin vaktina í byggðamálum?



ILLUGI GUNNARSSON

## Frekari aðgerða er þörf

Staða hinna dreifðu byggða á Íslandi er víða mjög viðkvæm. Sérstaklega á það við um hinar minni sjávarbyggðir sem byggja fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu, en jafnvel stærri bæir eiga sums staðar undir högg að sækja. Nokkuð góð sátt er í þjóðfélaginu um að rétt sé að sporna gegn þeirri þróun að öll byggð flytjist hingað á suðvesturhornið, þótt sjálfsagt deili menn um það hversu miklu skuli til kosta. Fyrir þessari afstöðu hafa verið færð mörg ágæt rök sem ekki er ástæða til að tíunda hér. En mig langar að vekja máls á einni röksemd sem kannski heyrist ekki oft. Hún er sú að byggðirnar eru tenging við sögu þjóðarinnar. Í þorpunum og kaupstöðunum má meðal annars gjörla sjá atvinnusögu síðustu aldar, menjar um framfarasókn þjóðarinnar í lifandi samhengi við nútíðina. Síldarsagan er til dæmis lifandi á Siglufirði, þar býr fólk sem geymir hana í minni, setur upp safn og heldur sögunni við. Ef enginn byggi á Siglufirði yrði rof í merkri sögu og í heimi alþjóðaviðskipta og hnattvæðingar er ein mesta hættan sú að tapa sérkennum og sögu, þá velkjast menn um rótlausir og án sérkenna.

### Langvarandi veiking

En spurningin er hvort ríkisstjórnin sé vakandi á verðinum. Fyrst er til að taka að niðurskurðurinn á þorskveiðiheimildum er mjög alvarleg tíðindi fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. Vissulega er sjávarútvegur ekki eins mikilvægur í þjóðarbúskapnum eins og var. En mikilvægi greinarinnar í sjávarbyggðunum er gríðarlegt. Þar er sjávarútvegurinn bakbeinið í atvinnulífinu og 30% samdráttur í þorskveiðum er sannkallað heljarslag. Þessi niðurskurður kemur í kjölfar minnkandi þorskafla þannig að samfélögin stóðu fyrir tæpt þegar þessi ótíðindi urðu. Það er því ekki að undra þó margir af forystumönnum sveitarfélaganna og atvinnulífsins séu uggandi. Stundum er því haldið fram að þær áhyggjur séu svartsýnisraus og að einungis sé kallað eftir skyndilausnum. Þá er rétt að hafa í huga að ekki syngja allir eftir nótum þegar við blasir fall í stórgrýtisfjöru, það er eðlilegt að kallað sé eftir aðstoð ríkisvaldsins þegar sverfur svo að sem raun ber vitni.

### Mótvægisaðgerðir

Ríkisstjórnin hefur því gripið til mótvægisaðgerða. Mikið átak hefur verið gert í samgöngumálum á undanförnum árum og verður heldur bætt í á næstunni. Átak til að auka fjölbreytni í menntamálum er í forgrunni og reynt er að bæta búsetuskilyrðin með almennum hætti. Sérstök Vestfjarðanefnd skilaði tillögum sínum fyrir skömmu og nú hefur forsætisráðherra tilkynnt að ráðist verði í sambærilega vinnu fyrir þau tvö landsvæði önnur sem höllustum fæti standa.

### Höfuðatriði

Þessar aðgerðir bera vott um mikinn vilja til að aðstoða byggðirnar í gegnum þann vanda sem nú steðjar að. En að lokum skiptir tvennt mestu. Að betra jafnvægi náist í efnahagsmálum þjóðarinnar, háir vextir og hátt gengi auka mjög á vanda sjávarútvegsins og hitt að hægt verði að auka verulega þorskveiðar á Íslandsmiðum innan fárra ára. Þetta tvennt verður að gerast til þess að byggðirnar eigi möguleika.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

## Tilviljanakennd og ómarkviss byggðastefna

Byggðaþróun undanfarinna ára endurspeglar að stjórnvöld hafa staðið sig illa í byggðamálum. Fólki hefur fækkað á landsbyggðinni og það flutt í stórum stíl til höfuðborgarsvæðisins. Stjórnmálaflokkar vilja í orði kveðnu styðja að byggð í landinu og hafa markað sér byggðastefnu en staðreyndirnar blasa við. En hvað hefur farið úrskeiðis? Stjórnvöld hafa sett fram lausnir í stóru og smáu en án raunverulegs árangurs. Um er að ræða stök verkefni; menningarhús eða stofnanir, samgönguböbótum hefur verið beitt og loks hefur verið lagt í miklar og stórgerðar innspýtingaraðgerðir í atvinnumálum. Stærðargráðan hefur stundum verið slík að samfélögin og innviðir þeirra verða fyrir skakkaföllum og bíða jafnvel varanlegan skaða auk áhrifa á náttúru og umhverfi. Byggðastefnan á Íslandi hefur undanfarin ár verið tilviljanakennd, ómarkviss og á köflum krampakennd.

### Hvað er til ráða?

Við vinstri græn höfum lagt áherslu á sjálfbæra atvinnustefnu þar sem hlúð er að frumkvæði og sprotum heimamanna og stutt er við atvinnu á þeim skala sem hentar hverju samfélagi. Samgöngur og fjarskipti gegna lykilhlutverki til þess að jafnræði ríki í möguleikum á að nýta frumkvæði til menntunar, atvinnusköpunar og félagslegrar þátttöku. Menntun í heimabyggð, öflugir grunnskólar og sterkir framhaldsskólar, auk raunverulegra möguleika á fjarnámi af ýmsum gerðum, styrkir sveitarfélögin. Jafnframt er mikil þörf á þolinmóðu fjármagni fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki.

### Sveitarfélögin gegna hlutverki

Hlutverk sveitarstjórnarstigsins í að marka byggðastefnu og fylgja henni eftir er mikilvægt. Efla þarf efnahagslegt og lýðræðislegt sjálfstæði sveitarfélaganna þannig að íbúunum séu tryggð tækifæri til sköpunar og frumkvæðis óháð búsetu. Drifkraftur í þágu hinna dreifðu byggða, fjölbreytni í búsetu og atvinnu er mun frekar til staðar hjá sveitarstjórnum og á samráðsvettvangi þeirra en hjá ríkinu. Sveitarfélögin þurfa að geta tekið þátt í stefnumótun og er þá algjör forsenda að þeim séu tryggðir viðunandi tekjustofnar til að geta staðið straum af kostnaði við grunnþjónustu og stoðkerfi samfélagsins.

Sveitarfélögin hafa færi á að auka aðkomu almennings að ákvarðanatöku, efla lýðræðisleg vinnubrögð og styrkja beina þátttöku íbúa í mótun og sköpun nærsamfélagsins. Slíkir möguleikar eru helstu vaxtarbroddar sveitarfélaganna til þess að eflast, halda í unga fólkið og laða að nýja íbúa.

### Stjórnvöld hafa brugðist

Öflug byggðastefna verður aðeins unnin með fullri aðkomu og áhrifum efnahagslega sjálfstæðra sveitarfélaga þar sem lýðræði og þátttaka eru höfð að leiðarljósi. Stjórnvöld hafa brugðist sveitarfélögum með því að halda þeim í svelti og halda þeim frá möguleikunum til vaxtar og viðgangs. Sterk sveitarfélög eru grunnforsenda öflugra byggða um allt land.

Borðstofusett:
Eikarborð 200cm og 6 Dyon-stólar
Útsöluverð: 134.400 kr.

Glerskápur:
Útsöluverð: 119.000 kr.

SPEGLAR
50% afsláttur

AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR

Sófi: 4ra sæta - Útsöluverð 111.300 kr.
3ja sæta - Útsöluverð 89.600 kr.

Stóll: Útsöluverð 54.600 kr.

Duncan-stóll:
Útsöluverð 33.600 kr.

Skemill:
Útsöluverð 10.500 kr.




Sófi: 4ra sæta - Útsöluverð 59.200 kr.
3ja sæta - Útsöluverð 49.600 kr.

Stóll: Útsöluverð 34.000 kr.

Duncan-stóll:
Útsöluverð 33.600 kr.

SMÁVARA
50-70% afsláttur

AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR til AFSLÁTTUR 70% AFSLÁTTUR

Borðstofusett:
Borð 200cm og 6 Dyon-stólar
Útsöluverð 79.800 kr.

Glerskápur:
Útsöluverð 65.400 kr.

# ÚTSALAN ER HAFIN!
# Allt að 70% afsláttur

Opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

NIGELLA LAWSON MATREIÐSLUKONA ER 47 ÁRA

*„Ég smakka aldrei vínið fyrst þegar ég fer út að borða á veitingastöðum, ég bið bara þjóninn um að hella í glasið.“*

***Nigella Lawson var blaðamaður á Sunday Times þegar hún skrifaði sína fyrstu matreiðslubók árið 1998 og hefur síðan stjórnað vinsælum matreiðsluþáttum í sjónvarpi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. JANÚAR 1796

## *Katrín mikla Rússakeisaraynja lést*



Katrín mikla lést þennan dag, 67 ára að aldri. Hún var fædd í Þýskalandi 1729 og giftist Pétri III Rússakeisara aðeins fimmtán ára gömul. Hjónabandið var ekki farsælt og átti Pétur sér alltaf ástkonu og bjó með henni en þó eignuðust þau hjónin einn son. Katrín var ákveðin kona, lærði strax rússnesku og fylgdist vel með því sem var að gerast í landinu og eins annars staðar í Evrópu. Árið 1962 var hún gerð að hæstráðanda í Rússlandi í fjarveru Péturs, sem var sagður hálf feginn að losna undan krúnunni og fór einungis fram á rólegt sveitasetur og nægar birgðir af vindlum og víni. Hann var drepinn hálfu ári síðar. Sjálf átti Katrín marga elskhuga og var gjafmild og rausnarleg við þá og eftir að sambandi hennar við Grigori Alexandrovich Potemkin lauk aðstoðaði hann hana við val á elskhugum eftir líkamlegum burðum og gáfnafari. Einn af elskhugum sínum, Stanislaw Poniatowski, gerði Katrín að stjórnanda Póllands. Katrín var harðsnúin við son sinn og reyndi að útiloka hann frá valdastörfum, hún horfði framhjá spillingu í hirð sinni og var sjálf sökuð um aðild að morðum á ýmsum sem ásældust krúnuna. Aldrei var sönnuð á hana aðild að morðinu á eiginmanni sínum Pétri en hún gerði heldur ekkert til að refsa þeim sem áttu sök á dauða hans heldur hækkaði þá í tign.

## MERKISATBURÐIR

**1902** Fyrsti grímudansleikurinn í Reykjavík er haldinn.

**1923** Halldór Kiljan Marie Pierre Laxness er skírður og fermdur og gerður meðlimur í heilagri kaþólskri kirkju.

**1945** George Bush giftist Barböru Pierce.

**1949** Ljósmæðraskólinn og fæðingardeild flytja í nýreist hús á lóð Landspítalans.

**1968** Rannsóknarstöð Hartaverndar í Reykjavík er formlega tekin í notkun.

**1993** Jón Páll Sigmarsson aflraunamaður andast.

**1994** Nancy Kerrigan skautadrottning verður fyrir árás lífvarða Tonyu Harding.

## AFMÆLI



**Anna Kristín Gunnarsdóttir** þingkona er 56 ára í dag.



**Bergur Þór Ingólfsson** leikari er 39 ára í dag.



**Thandie Newton** leikkona er 36 ára í dag.



**Rebecca Romijn** leikkona er 36 ára í dag.



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína *Margrét* Sveinsdóttir**
Dalbraut 16, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 3. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Jón Aðalsteinn Jónasson**
**Sveinn Grétar Jónsson** **Jónas R. Jónsson**
**Hanna Kristín Guðmundsdóttir** **Helga Benediktsdóttir**
**Jón Aðalsteinn Sveinsson** **Margrét Ragna Jónasardóttir**
**Guðrún Elísabet Ómarsdóttir** **Helga Gabríela Sigurðardóttir**
**Ásta Sigríður Sveinsdóttir** **Birta Hlín Sigurðardóttir**
**Sigurður Karl Guðgeirsson**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls eiginmanns míns,*

**Magnúsar Stefánssonar**
skipstjóra, Nýbýlavegi 84, Kópavogi.

**Fyrir hönd barna, stjúpbarna, tengdabarna og barnabarna,**

**Guðrún Friðriksdóttir.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Jenný Pétursdóttir**
Safamýri 42, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum hinn 26. desember. Útför hennar fer fram mánudaginn 7. janúar kl. 15.00 frá Grensáskirkju.

**Ólína Ágústsdóttir**
**Gunnar H. Stefánsson**
**Þóra Jenný Gunnarsdóttir**
**Stefán Sveinn Gunnarsson**
**Álfhildur Íris Arnbjörnsdóttir**
**Hekla Ólína Stefánsdóttir**



**FRUMRAUN** Brynhildur Guðjónsdóttir í hlutverki Þorgerðar Brákar. Hún er einnig höfundur verksins og er þetta frumraun Brynhildar sem leikskáld. MYND/BJARNI GRÍMSSON

**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR:** FRUMSÝNIR VERK SITT BRÁK Á SÖGULOFTINU

# Sterk sem karlar og fjölkunnug

Á söguloftinu í Landnámssetrinu í Borgarfirði verður frumsýnt í dag kl. 16 leikritið Brák eftir Brynhildi Guðjónsdóttur.

Hefð hefur skapast á Landnámssetrinu fyrir því að listamenn beri þar á borð sín eigin verk og kemur Brák sem næsta verk á eftir Mr. Skallagrímssyni eftir Benedikt Erlingsson.

„Þetta er verk sem ég tek að mér að semja fyrir Söguloftið að beiðni Kjartans Ragnarssonar og Sigríðar, Margrétar Guðmundsdóttur og ákveðið var að umfjöllunarefnið yrði Þorgerður Brák, fóstra Egils Skallagrímssonar,“ segir Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona, en þetta er frumraun hennar sem leikritaskáld. „Þorgerði Brák er lýst svo að hún var mikil fyrir sér, sterk sem karlar og fjölkunnug mjög,“ útskýrir Brynhildur.

„Þetta er engin smá lýsing því konum í fornsögunum er yfirleitt bara lýst í útliti. Af Þorgerði gustaði og Skallagrímur Kveldúlfsson víkingurinn gat ekki haft þessa konu nálægt sér. Skallagrímur ætlar að drepa Egil en þá horfir ambáttin í augu húsbónda síns og ávarpar hann og ávítar og þverbrýtur þannig reglur karlasamfélagssins með því að hreinlega tala við karlinn fyrir framan alla. Hún bjargar Agli en lætur líf sitt í staðinn og sýnir þannig af sér þann hetjuskap sem aðeins mestu kappar Íslendingasagnana eiga um sig ritaðan,“ bætir Brynhildur við.

Hún segir aðdragandann að leikritinu hafa verið langan og strangan enda aðrar áherslur við skrifin en við að leika. Hún er þó ekki ókunnug skrifum eftir háskólanám í frönskum bókmenntum en mikil vinna fór í að viða að sér efni til að byggja persónu Þorgerðar Brákar á. „Heimildir um hana eru rýrar, rétt um lúkufylli af upplýsingum í Egilssögu. Ég fer því vítt í að viða að mér og er búin að lesa Íslendingasögurnar og fornaldarsögur Norðurlanda. Jafnframt skoða ég þrælahald á landnámsöld og leita í írska annála, hversu margir þrælar voru teknir og hvað þeir kunnu.“

Brynhildur útskýrir að samkvæmt DNA-rannsóknum hafi þriðjungur landsmanna á landnámsöld verið keltneskar konur, sem hljóti að hafa haft áhrif því meðan Ísland var að byggjast hafði blómstrað menningarsamfélag á Írlandi í mörg hundruð ár. „Þeir voru farnir að yrkja undir bragarháttum sem komu ekki fram á Íslandi fyrr en með Agli Skallagrímssyni. Þar var fólk læst og skrifandi og menn gengu í skáldaskóla til að teljast fullgild skáld. Þetta var merkilegt fólk sem kom hingað til Íslands sem þrælar, annað en þessir norsku ræflar sem flúðu land sitt. Ekki voru þeir að yrkja í Noregi!“

Atli Rafn Steinarsson leikstýrir verkinu og í sameiningu tálguðu þau efnið niður í tveggja tíma sýningu og settu saman hóp fólks sér til aðstoðar. Pétur Grétarsson semur tónlist, Stígur Steinþórsson sér um leikmynd, Þórunn María Jónsdóttir gerir búninginn og Jóhann Bjarni Pálmarsson er lýsir. „Við erum djörf, sprengjum upp nýárið og frumsýnum á þrettándanum,“ segir Brynhildur og hlakkar til að sýna fólki hvað í Þorgerði Brák bjó.

„Hún er æði! Ef hennar hefði ekki notið við ættum við ekki skáldskap Egils og það þurfti líka enga smá manneskju til að ala hann upp.“

**rt@frettabladid.is**

# Áhersla á að fólk geti verið heima

Þjónustusamningur um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og stofnanaþjónustu fyrir aldraða var undirritaður í byrjun árs af heilbrigðisráðherra og bæjarstjóranum á Akureyri. Í samningunum er lögð áhersla á að gefa öldruðum kost á því að dvelja eins lengi heima hjá sér og kostur er og fólkið sjálft kýs. Auk þess á að samþætta þjónustuna og gera hana sveigjanlegri.

Með samþættingu þessarar þjónustu og sérþjónustu fatlaðra við aðra félagslega þjónustu Akureyrarbæjar fá íbúarnir áfram mjög góða og heildstæða félags- og heilbrigðisþjónustu þar sem ábyrgð sveitarfélagsins er ótvíræð, að því er fram kemur á vef Akureyrarbæjar. Bærinn hefur haft rekstur heilsugæslunnar með höndum frá 1997 og stofnanaþjónustu fyrir aldraða mun lengur. Í samningnum endurspeglast áhersla á nærþjónustuna, en sameiginlegt markmið aðila er að flytja málefni aldraðra alfarið til sveitarfélaganna innan fárra ára.



**NÝR SAMNINGUR** Bæjarstóri Akureyrar, Sigrún Björk Jakobsdóttir, og heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson. MYND/HULDA SIF

# ego dekor




| Borð 200x90 | Stóll Zoe | Borð og 6 stólar saman |
|---|---|---|
| Verð áður: 58.000,- | Verð áður: 13.900,- | Verð áður: 141.400,- |
| -40% | -40% | -40% |
| Verð nú: 34.800,- | Verð nú: 8.340,- | Verð nú: 84.840,- |






**Clay leðursófasett**
Fáanlegt í svörtu, hvítu og brúnu leðri.

| 3+1+1 | 3+2,5 |
|---|---|
| Verð áður: 227.000,- | Verð áður: 207.000,- |
| -40% | -40% |
| Verð nú: 136.200,- | Verð nú: 124.200,- |




**New Zealand hornsófi**
Fáanlegur í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Stærð: 300x225

Verð áður: 188.000,-
-25%
Verð nú: 141.000,-

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-70% AFSLÁTTUR




Borð 160x90,
Verð áður: 45.000,-
-40%
Verð nú: 27.000,-

Borð 180x90
Verð áður: 49.000,-
-40%
Verð nú: 29.400,-

Borð 200x90
Verð áður: 58.000,-
-40%
Verð nú: 34.800,-

Borðstofuskenkur,
Stærð: 200x50xH:95,
Verð áður: 129.000,-
-40%
Verð nú: 77.400,-

Borðstofuskenkur,
Stærð: 150x50xH:93,
Verð áður: 98.000,-
-40%
Verð nú: 58.800,-




**Rio leðursófasett**
Fáanlegt í svörtu, hvítu og brúnu leðri.

| 3+1+1 | 3+2 |
|---|---|
| Verð áður: 227.000,- | Verð áður: 204.000,- |
| -30% | -30% |
| Verð nú: 158.900,- | Verð nú: 142.800,- |



70%
afsláttur

Lampar
-70%
Verð frá: 2.610,-
Stærð: H:125cm og H: 140cm




**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**

# Forðumst að vinna of náið saman

**Fáar fjölskyldur á Íslandi geta státað bæði af Óskarstilnefningu og Gullpálmanum. En það geta feðgarnir Sigurjón Sighvatsson og Þórir Snær Sigurjónsson. Mynd Sigurjóns, Wild at Heart, fékk aðalverðlaunin í Cannes 1990 og stuttmynd ZikZak, Síðasti bærinn í dalnum, tilnefningu til Óskarsins fyrir tveimur árum. *Freyr Gígja Gunnarsson* settist niður með þeim og ræddi við þá um ástríðu þeirra sem stundum er sussuð niður við matarborðið.**



**ÞOLINMÆÐI OG STEFNULEYSI** Þórir telur að kvikmyndaiðnaðurinn eigi að leyfa íslenskum leikstjórum að spreyta sig á fleiri tegundum kvikmynda en einni. Sigurjóni finnst Kvikmyndamiðstöð skorta skýra stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árið 2008 verður annasamt fyrir þá feðga. Þórir Snær er ásamt félögum sínum í ZikZak að fara af stað með kvikmynd Dags Kára, A Good Heart, og Sigurjón er að framleiða stórmyndina Brothers sem skartar þremur af vinsælustu ungstirnunum í Hollywood um þessar mundir; Natalie Portman, Jake Gyllenhaal og Toby Maguire. Og það er fleira á döfinni. Þórir Snær verður meðframleiðandi í einu stærsta kvikmyndarverkefni sem Danir hafa ráðist í en það er víkingamyndin Valhalla Rising með Mads Mikkelsen í aðalhlutverki. Sigurjón verður ekki víðsfjarri en Scanbox, dreifingarfyrirtæki hans í Danmörku, mun einnig koma að framleiðslu myndarinnar. Þar að auki hyggjast Þórir og ZikZak stofna kvikmyndafyrirtæki með leikstjóra myndarinnar, hinum danska Nicholas Winding Refn, sem þeir feðgar hafa mikla trú á.

### Nú eruð þið orðnir tveir

Feðgarnir fögnuðu nýju ári fjarri skarkala höfuðborgarinnar og héldu til í húsi fjölskyldunnar á Snæfellsnesi. Að sögn Þóris var ekki það mikill vindur fyrir vestan að ekki væri hægt að skjóta upp nokkrum rakettum í lok ársins. Hins vegar gaf vonda veðrið þeim góða afsökun til að liggja yfir kvikmyndum morgna, kvölds og miðjan dag. Sigurjón er í Akademíunni í Bandaríkjunum og Þórir situr í þeirri evrópsku og þeir fá sendan aragrúa af kvikmyndum áður en verðlaunatilnefningarnar eru tilkynntar og leggja þannig sitt af mörkum. „Ætli við séum ekki búnir að sjá rjómann af bestu kvikmyndunum,“ segir Þórir.

Kvikmyndir eru sameiginleg ástríða þeirra feðga og er því oft allt sem tengist kvikmyndum á einn eða annan hátt aðalumræðuefni þeirra. Skiptir litlu máli hvort það er myndræn uppbygging Skaupsins, nýjasta afurð Tarantinos eða bara spennandi bók. „Mamma sussar stundum á okkur þegar við byrjum,“ segir Þórir og rifjar upp söguna þegar Fíaskó, kvikmyndin sem lagði grunninn að kvikmyndafyrirtækinu ZikZak, var frumsýnd. „Þá andvarpaði mamma og sagði: Nú eruð þið orðnir tveir.“ Sigurjón bætir því við að hins vegar hafi sálfræðingurinn, sérkennarinn og húsfreyjan, Sigríður Jóna Þórisdóttir, fínan smekk á kvikmyndum og hafi meira að segja, þvert gegn sínum vilja að vísu, öðru hvoru lagt hönd á plóginn með tillögum um heppilegt kvikmyndaefni.

En hvort sem kvikmyndagerð hefur hreinlega skotið rótum í fjölskyldugenunum eða er jafnvel borin fram með kvöldmatnum hefur Sigurjóni og Þóri borist liðstyrkur í kvikmyndaumræðunni. Dóttirin, Sigurborg, er þegar farin að segja sínar meiningar á kvikmyndum og er búin að skrifa sitt fyrsta kvikmyndahandrit, aðeins þrettán ára gömul. „Þannig að þetta stefnir ekki í gott,“ segir Sigurjón en báðir virðast þeir þó nokkuð sáttir við liðsaukann og taka fram að Sigurborg mæli eindregið með spænsku kvikmyndinni The Orphanage fyrir þrettán ára og eldri.

### Eini hvíti strákurinn í bekknum

Feðgarnir hafa komið sér vel fyrir á Café Konditori á Suðurlandsbrautinni í enn einni lægðinni sem gengur yfir landið og fara þaðan í huganum til Los Angeles, þangað sem fjölskyldan hélt fyrir 29 árum á vit ævintýranna. Þar hugðist Sigurjón, stórhuga og ungur maður, hasla sér völl meðal þeirra bestu. Þórir var þá rétt skriðinn á grunnskólaaldur og var fyrst komið fyrir í skóla í miðju South Central-hverfinu, einu þekktasta blökkumannahverfi L.A. Enda kom það á daginn að Þórir var eini hvíti strákurinn í bekknum. „En við fluttum síðan þaðan og fengum hús niðri við strönd þar sem Þórir var svona „beach boy með blonde hair og blue eyes“. En heimalandið togaði alltaf í unga drenginn sem kom öll sumur og í öllum fríum hingað til lands og þegar hann varð þrettán ára setti hann foreldrum sínum stólinn fyrir dyrnar og vildi fara heim. „Ég fékk það bara í gegn og flutti heim til ömmu,“ útskýrir Þórir. Sigurjón taldi hins vegar á þeim tíma að sonurinn myndi snúa aftur úr kuldanum og myrkrinu því að fátt gæti jafnast á við eilífðar sól og sumar draumalandsins. Sigurjón segir einnig að það hafi reynst þeim hjónum erfitt að sjá á eftir Þóri til Íslands en hins vegar hafi þau verið stolt af því að hann tók ákvörðun að eigin frumkvæði að vilja vera fyrst og fremst Íslendingur.

Dæmið snerist við, í öllum fríum og sumrum kom Þórir til foreldra sinna og þegar hann náði sextán ára aldri og var kominn með bílpróf var hann ráðinn sem sendill í fjölskyldufyrirtækinu. „Þetta var á gullaldarárum Propaganda,“ grínast Sigurjón með en það er þó ekki fjarri sanni. Fyrirtækið framleiddi tónlistarmyndbönd og meðal leikstjóra sem voru innan vébanda þess voru David Fincher (Seven og Zodiac), Antoine Fuqua (Training Day), Michael Bay (Transformers) og Spike Jonze (Adaptation) og þar með voru örlögin ráðin.

> Í Hollywood snýst gjörsamlega allt um kvikmyndir. Meira að segja þegar ég keypti jólatréð fyrir tveimur árum spurði náunginn sem seldi mér það hvað ég gerði. Það skipti engu máli þótt ég reyndi að draga úr atvinnugreininni með því að segjast vera íslenskur kvikmyndaframleiðandi, hann dró upp geisladisk og sagðist vera kvikmyndatónskáld.

### Hin hliðin á glamúrnum

Ýmislegt kemur upp úr kafinu þegar líður á spjallið. Þannig ætlaði Þórir aldrei að fara út í kvikmyndabransann og upplýsir að hugurinn hafi stefnt í áttina að lögfræði. Sigurjón rekur upp undrunaraugu og rámar ekkert í þær hugmyndir en man greinilega eftir því að Þóri hafi langað til að verða leikari. „Þar má eiginlega segja að ég hafi fengið mitt fyrsta heilræði frá pabba í þessari atvinnugrein. Hann benti mér á að það væru 250 þúsund íbúar á Íslandi og að það væru jafnmargir atvinnulausir leikarar í Los Angeles,“

Sigurjón telur sig hafa varað Þóri við þessari iðngrein, ekki síst þegar leikaradraumurinn fór að láta á sér kræla. „Mér finnst ég hafa frekar latt hann en hvatt. Og þegar sætu stelpurnar voru að mæta í prufurnar benti ég honum á að glamúrinn væri bara framhliðin. Bakhliðin væri aðeins flóknari.“ Og það er einmitt það sem heldur Þóri frá draumaborginni, sem hann hefur augljóslega ekki mikið álit á. „Í Hollywood snýst gjörsamlega allt um kvikmyndir. Meira að segja þegar ég keypti jólatréð fyrir tveimur árum spurði náunginn sem seldi mér það hvað ég gerði. Það skipti engu máli þótt ég reyndi að draga úr atvinnugreininni með því að segjast vera íslenskur kvikmyndaframleiðandi, hann dró upp geisladisk og sagðist vera kvikmyndatónskáld.“ Sigurjón kannast vel við þetta einkenni, en háls-, nef- og eyrnalæknirinn hans er búinn að gefa honum sömu bókina tvívegis. „Hann er bróðir fyrrverandi umboðsmanns The Doors og hefur skrifað ágæta bók um það sem hefur aldrei verið kvikmyndað í þeirra sögu.“ Sem skýrir þörf læknisins til að ota verkinu að kvikmyndaframleiðandanum.

Þórir tekur við keflinu. „Þessi slúðurblaðamynd sem allir hafa af Hollywood er ýkt. Varla nokkur maður sem reykir né drekkur, allir fara snemma að sofa, vakna sex á morgnana, borða gras og eyða helgunum í að lesa handrit. Það eru fleiri hlutir sem skipta mig máli.“ Sigurjón kinkar kolli en segir síðan að Hollywood henti honum og hans persónuleika ágætlega. „Enda er vitað mál að ég er ofvirkur,“ segir hann og heldur áfram: „En það var líka bara þannig á þessum árum sem ég fór út að ef maður ætlaði sér á annað borð að ná áfram í hinum alþjóðlega kvikmyndaheimi varð maður að vera í Hollywood. Sem betur fer fyrir þá sem ekki eru tilbúnir að takast á við hinn harða heim þar hefur margt breyst á þeim aldarfjórðungi sem er lið-

## EFTIRLÆTI FEÐGANNA



**Sigurjón Sighvatsson**
***Eftirlætismynd:*** 1900 eftir Bernardo Bertolucci og Rauður, Hvítur og Blár-þríleikur Kieslowski.
***Draumaverkefni:*** Ævisaga Mariu Callas.
***Uppáhaldsbók:*** Sjálfstætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness.
***Mynd sem ég hef horft oftast á:*** Godfather 1 og 2. Þakkargjörðarhefð að renna þeim í gegn, svona annað hvert ár.
***Besti leikstjórinn:*** Erfitt að gera upp á milli Fellini, Pasolini, Bergman og Fassbinder.



**Þórir Snær Sigurjónsson**
***Eftirlætismynd:*** Apocalypse Now eftir Coppola.
***Draumaverkefni:*** Að kvikmynda Meistarinn og Margaríta eftir Búlgakov.
***Uppáhaldsbók:*** East of Eden eftir Steinbeck.
***Mynd sem ég hef horft oftast á:*** The Untouchables eftir Brian De Palma og Pulp Fiction eftir Tarantino.
***Besti leikstjórinn:*** Billy Wilder og Kieslowski.

inn; allar þær gífurlegu tækniframfarir sem hafa átt sér stað hafa skapað tækifæri fyrir hvern og einn, að búa til sína eigin kvikmynd og með tilkomu netsins koma henni á framfæri upp á eigin spýtur.“

### Duttlungafullar smástjörnur hluti af starfinu

Starf framleiðandans lítur í fljóti bragði út fyrir að vera hálfgert draumastarf. Bara sitja á fundum með einhverjum stórstjörnum, velja handrit, hringja nokkur símtöl og svo þegar allt er klappað og klárt er bara hægt að leggjast í sólbað. Eða bara lesa einhver handrit sem lenda inni á borði. Sigurjón og Þórir segja þetta fyrst og fremst vera mikla vinnu með óreglulegum vinnutíma og duttlungafullum smástjörnum. Menn þurfi að vera reiðubúnir að leggja mikið á sig og það þýði ekkert hálfkák og hálfkláraðar vísur. „Hjá mér var þetta bara puð fyrstu árin. En það er ekki bara nóg að vera duglegur því maður þarf líka að hafa lukkudísirnar með sér,“ segir Sigurjón. Þórir segist hafa gert sér vel grein fyrir því að þetta væri svona mikil vinna þegar hann fetaði í hin vandmeðförnu fótspor föður síns. „Þótt vissulega hafi manni bara fundist þetta frekar auðvelt þegar pabbi var að fá Gullpálmann í Cannes og var að gera bíómyndir og sjónvarpsþætti með David Lynch,“ segir hann og hlær.

Frá Hollywood og óreglulegum vinnutíma berst talið að þeim sjálfum. Sigurjón hefur augljóslega í nógu að snúast enda titrar Sony-síminn hans alltaf öðru hverju og á meðan hann talar fer hann létt með að svara einum tölvupósti eða tveimur á Blackberry. „Munurinn á okkur er kannski helst sá að ég er blessunarlega laus við að vinna alla sólarhringinn. Ég get í það minnsta slökkt á símanum á meðan ég horfi á fótbolta.“ Þórir gjóir augunum í áttina að föður sínum. Gott mál, segir Sigurjón, að næsta kynslóð hafi meira jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu. „Ég get nú samt ekki neitað því að tölvupósturinn er frelsandi tæki sem gefur manni tækifæri til að vinna á fleiri stöðum í einu.“

En þótt feðgarnir fáist við ólíka kvikmyndagerð að einhverju leyti er leið þeirra inn í iðnaðinn ekkert svo ólík. Báðir útskrifaðir úr Versló, fóru í bókmenntafræðina í Háskóla Íslands en síðan skilja leiðir. Sigurjón segist reyndar alltaf hafa búist við því að sonurinn myndi snúa aftur til Bandaríkjanna og stúdera fræðin við bandarískan kvikmyndaskóla en Þórir valdi aðra leið. Á háskólaárunum hafði hann kynnst Skúla Malmquist, Ottó Borg, Huldari Breiðfjörð og Ragnari Bragasyni og úr þeim félagsskap varð til ZikZak-fjölskyldan sem er sífellt að stækka og stækka.

### Ólík nálgun

Sigurjón og Þórir eru ekki eingöngu samstarfsaðilar í dönsku stórmyndinni Valhalla Rising. Sigurjón er meðframleiðandi að A Good Heart og þeir og ZikZak voru einnig í samstarfi við gerð tónlistarkvikmyndarinnar Gargandi snilld. Þeir segjast á hinn bóginn forðast það í lengstu lög að vinna of náið saman. Þá væri nefnilega heimilishaldið í hættu og Þórir minnist þess að þeir hafi einu sinni gert mynd í tilefni af fimmtíu ára afmæli mömmu hans. „Allt fór í háaloft inni í klippiherberginu,“ rifjar Þórir upp. „Við höfum bara mjög ólíka nálgun,“ bætir Sigurjón við og vill meina að Þórir sé eilítið mýkri en hann sjálfur – sem hann hafi sennilega frá móður sinni. „Ég er beinskeyttari,“ segir Sigurjón.

Hins vegar þiggja þeir ráðleggingar hvor frá öðrum og eru reyndar sammála um að Titanic sé versta kvikmynd síðustu aldar og Babel sé mest hæpaða kvikmynd þessarar aldar.

Óhjákvæmlega hefur hins vegar ekki verið komist hjá því að bera þá feðga saman í gegnum tíðina. „Maður heyrði alltaf út undan sér að pabbi hlyti nú að vera að toga í einhverja spotta þegar við vorum að byrja í ZikZak,“ segir Þórir og Sigurjón man líka vel eftir þessu. „Þeir sem þekkja mig vita að slíkt væri fjarri lagi,“ segir hann og Þórir tekur aftur við boltanum. „Þetta eru svona „no win“ aðstæður. Ef barninu gengur vel þá er auðvitað sagt að það sé vegna velgengni foreldrisins en ef illa gengur er það aumingi því það fékk tækifærin rétt upp í hendurnar.“

### Á réttri leið

Og loks berst talið að kvikmyndagerð á Íslandi, sem þeir hafa báðir sterkar skoðanir á. Hvorugur er í vafa um að íslenskur kvikmyndaiðnaður sé í mikilli sókn. Þeir eru sammála um að Íslendingar eigi í raun ótrúlega mikið af góðu, hæfileikaríku og vel menntuðu fólki miðað við það hversu ungur iðnaðurinn sé hér. Einnig megi þó ýmislegt betur fara. „Í Danmörku er til að mynda mikið samstarf innan kvikmyndaiðnaðarins. Kvikmyndaskólinn, danska ríkissjónvarpið (DR) og danska kvikmyndastofnunin vinna markvisst að uppbyggingu danska kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins. Hér á Íslandi hefur slíkt samstarf ekki verið fyrir hendi.“ Sigurjón tekur við og sendir fyrrverandi dagskrárstjóra Sjónvarpsins, Rúnari Gunnarssyni, tóninn og telur það sorglegt að slíkur maður skuli hafa fengið að gegna þeirri ábyrgðarfullu stöðu jafn lengi og raun bar vitni. Þórir tekur undir með föður sínum en forðast þó að taka jafn djúpt í árinni. Þeir eru hins vegar sammála um að með nýrri yfirstjórn RÚV sé kominn allt annar andi auk þess sem metnaðarfull dagskrárgerð Stöðvar 2 lofi góðu.

Ekki sé þó allt fullkomið og Sigurjón segir að enn vanti alla samhæfingu og sameiginlega sýn á iðnaðinn í landinu. Aukin framlög úr ríkissjóði hafi að vísu hjálpað gífurlega enda sé það staðreynd að í þeim löndum þar sem öflug kvikmyndagerð sé til staðar, fyrir utan Bandaríkin, hafi almannafé alltaf verið nauðsynlegt til varnar Hollywood-maskínunni. „Að mínu mati er því allt einkavæðingartal um fjölmiðla áhyggjuefni. Og hvað sem allir frjálshyggjuprestar segja sýna dæmin að einkareknir fjölmiðlar þrífast, dafna og skila hagnaði við hlið ríkisstofnanna séu þeir vel reknir,“ segir Sigurjón.

Þórir bætir því hins vegar við að ekki sé hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að kvikmyndaþjóðir á borð við Dani og Frakka eigi sér yfir hundrað ára sögu og hafi því auðvitað ákveðið forskot. „Við verðum fyrst og fremst að sýna leikstjórunum og kvikmyndagerðarfólkinu okkar þolinmæði. Við verðum að gefa þeim mun fleiri tækifæri og leyfa þeim að taka áhættu.“ Og Sigurjón botnar: „Án áhættu næst ekki árangur.“



**GET SLÖKKT Á SÍMANUM** „Munurinn á okkur er kannski helst sá að ég er blessunarlega laus við að vera að vinna allan sólarhringinn. Ég get í það minnsta slökkt á símanum á meðan ég horfi á fótbolta,“ segir Þórir.


# Hugsandi fólk

## Málstofur á vormisseri í Háskólanum á Bifröst



15. JANÚAR
**Þórólfur Árnason**
Forstjóri Skýrr
*Stjórnun í nútímafyrirtækjum.*



22. JANÚAR
Frá Landnámssetri Íslands:
**Sigríður M. Guðmundsdóttir**
forstöðumaður
&
**Kjartan Ragnarsson**
framkvæmdastjóri



*Landnámssetur Íslands - frá hugmynd að veruleika.*



29. JANÚAR
**Alp Mehmet**
Sendiherra Bretlands á Íslandi
*Bretland og Ísland og möguleikar framtíðarinnar.*



5. FEBRÚAR
**Agnes Bragadóttir**
Blaðamaður á Morgunblaðinu.
*Hvað er rannsóknarblaðamennska?*



12. FEBRÚAR
**Sigurður Líndal**
Prófessor, Bifröst
*Hefði Alþingi átt að vera á Þingvöllum?*



19. FEBRÚAR
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
Utanríkisráðherra
*Ísland og Öryggisráðið.*



26. FEBRÚAR
**Anna Birna Jensdóttir**
Framkvæmdastjóri Öldungs hf.
og hjúkrunarforstjóri Sóltúns
*Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu.*

Málstofurnar eru haldnar á þriðjudögum í Hriflu, hátíðarsal Háskólans á Bifröst. Þær hefjast klukkan 15.30 og eru öllum opnar.

Verið velkomin.

WWW.BIFRÖST.IS

ENNEMM / SÍA / NM31509

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Frá 27.795 kr.*

## Vinsælasti sólarstaður Evrópu
## – beint morgunflug



# Costa del Sol

**Bókaðu strax!**

Fyrstu 800 sætin
**15.000 kr.**
afsláttur á mann
ef þú bókar núna.
Bókaðu strax og
tryggðu þér lægsta verðið

Takmarkaður sætafjöldi í boði í hverju
flugi með afslætti.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

## Alltaf vinsælasti áfangastaðurinn

### 20 ára þekking og reynsla á Costa del Sol

Costa del Sol er tvímælalaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga á sólarströndum, enda býður enginn annar áfangastaður á Spáni jafn glæsilegt úrval gististaða, veitingastaða og skemmtunar. Örstutt er að skreppa yfir til Afríku og Gíbraltar og töfrar Andalúsíu heilla alla þá sem henni kynnast en þar ertu í hjarta fegursta hluta Spánar í seilingarfjarlægð frá Granada, Sevilla og Cordoba, Jerez, Ronda og Cadiz. Í Andalúsíu er flamenkótónlistin upprunnin, spænska matargerðin, nautaatið og byggingarlistin.
Þar finnur þú hvítu þorpin, fegurstu strendur Spánar, frægustu golfvelli Evrópu, klaustur, hallir og kastala. Heimsferðir bjóða nú aftur vinsælustu gististaðina á Costa del Sol, m.a. íbúðahótelið vinsæla Castle Beach, með frábærri aðstöðu fyrir farþega sína auk fjölda annarra sívinsælla gististaða. Einnig eru að sjálfsögðu nýir gististaðir í boði – úrvalið hefur aldrei verið meira. Þeir fyrstu sem bóka tryggja sér sérstakan 15.000 króna afslátt á mann. Frábær aðstaða fyrir ferðamanninn, einstakt loftslag og ótrúlegt úrval veitinga- og skemmtistaða. Castle Beach er glæsilegt íbúðahótel með stórum og vel útbúnum íbúðum og einstakri aðstöðu. Íbúðirnar eru með einu eða tveimur svefnherbergjum og rúma allt að sjö manns.



Frá kr. 37.795

## Castle Beach ☼☼☼+
**– frábærar íbúðir fyrir fjölskyldur**






**www.heimsferdir.is**



Beint morgunflug
með íslensku flugfélagi í allt sumar.
Betri þjónusta og betri flugtímar
– fyrir þig!

# Frábærir flugtímar!

**Frá Íslandi að morgni kl. 9.00.**
Þú nærð að koma þér vel fyrir strax á fyrsta degi.

**Síðdegisflug heim frá Spáni kl.16.40.**
Þú nærð að sofa út fyrir heimflugið og ert kominn til Íslands um kvöldmatarleitið.



## Við bjóðum vinsælustu gististaðina á Costa del Sol
















Sumar- og sérferðabæklingurinn 2008
er kominn út.
Þú getur skoðað hann á
www.heimsferdir.is

## Nýir gististaðir Heimsferða á Costa del Sol




**Frá kr. 41.545**
Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku, 22. eða 29. maí.




**Frá kr. 59.290**
Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í viku, 22. eða 29. maí.

## Ótrúlegt verð

**Vikuferð frá kr. 37.795**
Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Castle Beach, 22. og 29. maí.

**Frá 52.595 – 2 vikur**
Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 2 vikur á Castle Beach, 22. og 29. maí.

## Bókaðu núna á www.heimsferdir.is

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099

# Álfatrú og ómálga afgreiðslufólk

Íslendingar trúa álíka mikið á huldufólk og drauga og þeir gerðu fyrir þrjátíu árum. Þetta sýndi viðamikil könnun sem **Terry Gunnell**, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, stýrði á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. *Karen D. Kjartansdóttir* ræddi við Terry um ástæður þess að þjóðtrúin hefur fengið að dafna nær óbreytt meðal fólks þótt samfélagið hafi breyst.

Á ári hverju kemur fjöldi erlendra ferða- og blaðamanna til Íslands til að kanna hvað sé til í frásögnum af þjóðtrú landsmanna, ekki síst álfatrú.

Upplýsingar þess fólks byggjast yfirleitt á rannsókn sem Erlendur Haraldsson prófessor gerði hér á landi árið 1974. Sú rannsókn leiddi í ljós að mun fleiri Íslendingar trúðu á yfirnáttúruleg fyrirbæri en gengur og gerist hjá öðrum þjóðum. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli og hafa oftsinnis verið notaðar í umfjöllunum um Ísland.

Skemmst er að minnast stórrar greinar sem birtist í New York Times árið 2005 þar sem blaðamaður talaði á gamansaman hátt um skrýtnu þjóðina sem bjó í sátt og samlyndi með álfum og draugum á 21. öldinni. Einhverjum sárnaði umfjöllunin og bent var á að verið væri að vísa til þrjátíu ára gamallar könnunar. Margt hefði breyst frá þeim tíma. Var ekki líklegt að þjóðin hefði misst tengsl við hulduverur og forynjur? En svo reyndist ekki vera.

Árin 2006 og 2007 réðust Félagsvísindastofnun og þjóðfræðingar í Háskóla Íslands í aðra könnun á þjóðtrú og trúarviðhorfum Íslendinga. Rannsóknin var að mestu byggð á þeirri sem prófessor Erlendur hafði áður gert, en bætt var inn nýjum spurningum með tilliti til breytinga sem höfðu orðið í samfélaginu og tilkomu svokallaðra nýaldartrúarbragða. Um þúsund manns tóku þátt í könnuninni og niðurstöðurnar þóttu athyglisverðar; þrátt fyrir allar þær breytingar sem orðið höfðu í veröldinni voru trúarviðhorf Íslendinga nær óbreytt.

**Vængjaðir álfar dansa hipphopp og vikivaka**

Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, segir niðurstöðurnar hafa komið sér verulega á óvart. „Það þarf ekki að hafa mörg orð um þær feikilegu breytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi síðustu þrjátíu ár en það virðist ekki hafa haft mikil áhrif á þjóðtrúna.“ Hann áréttar þó að orðið „trú“ sé flókið hugtak.

„Hingað kemur mikið af fjölmiðlafólki og ferðamönnum sem halda að Íslendingar fari reglulega út í móa að kvöldlagi til að fylgjast með litlum vængjuðum og stóreygðum álfum dansa einhvers konar hipphopp eða vikivaka í kringum steina,“ segir Terry.

„Það áttar sig ekki á því að trú Íslendinga á yfirskilvitleg fyrirbæri er mun flóknari en svo. Þetta snýst meira um tilfinningu eða viðhorf Íslendinga til umhverfisins og tengsl við þann menningarlega orðaforða sem Íslendingar fá með móðurmjólkinni.“ Hann segir það ríkt í Íslendingum að hafna ekki möguleikanum á að eitthvað geti verið til staðar þótt þeir sjái það ekki.

„Áhugi útlendinga á þjóðtrú útlendinga – og ekki síst álfatrú – endurspeglar einnig vissa eftirsjá, eða nostalgíu,“ bendir hann því næst á en hann telur slíkar tilfinningar oft kvikna við lestur og áhorf bóka og mynda á borð við Hringadróttinssögu og Bjólfskviðu. „Við búum í vísindasamfélagi þar sem allt er klappað og klárt, og skólar kenna staðreyndir. Menn vilja hafa eitthvað dulið í heiminum; og í síbreytilegri endurnýjaðri veröld er gott að þekkja til róta sem sýna tengsl við liðinn tíma.“

**Draugatrú vex í nútímanum**

Einhverjum gæti komið á óvart að þrátt fyrir að stöðugleiki ríki í trúarmálum virðist trú á reimleika hafa aukist á undanförnum árum.



**AÐ GERA RÁÐ FYRIR ÞVÍ ÓSÝNILEGA** Terry Gunnell segir það hafa líklega bjargað fólki frá upphafi að gera ráð fyrir tilveru einhvers jafnvel þótt það sjái það ekki með berum augum. „Veiðimaður sem gerir ráð fyrir að hætta geti hugsanlega leynst á bak við stóran stein á jú meiri mörguleika á að lifa daginn af en sá sem fer beint á bak við hann án þess að velta því fyrir sér hvort hugsanlega geti þar leynst hætta,“ útskýrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Terry segir að nokkrar ástæður geti legið að baki því. „Húsin hafa elst, fólk þekkir ekki sögu fyrri íbúa nema að litlu leyti og því getur andrúmsloftið orðið lævi blandið. Um leið hefur lífið á landsbyggðinni fjarlægst veruleika borgarbúa, fjöldi bæja farið í eyði og því hefur sveitin fengið á sig dulúðlegri blæ en áður. Þá má ekki gleyma áhrifum Hollywood-kvikmynda. Segja má að kvöldvaka nútímans sé sjónvarpið. Fyrr á tímum sögðu menn börnum draugasögur, nú horfa þau á hryllingsmyndir. Svo hefur Harry Potter eflaust haft sitt að segja fyrir yngri kynslóðina; skólinn hans er auðvitað fullur af draugum. Það kemur því ekki á óvart að fleira ungt fólk trúir á reimleika en þeir eldri.“

**Flökkusögur samtímans**

En þjóðtrú getur tekið á sig önnur form sem tengjast ekki því yfirnáttúrulega. Og líklega má því telja að þjóðsögur fortíðarinnar minni um margt á flökkusögur samtímans. Fólk er jafnan tregt til að trúa þeim en þykir engu að síður gaman að heyra þær og segja frá. En þessar sögur lýsa enn ótta fólks við hið ókunnuga. Til að mynda hafa sögur af viðskiptavinum í verslunum verið vinsælar að undanförnu svo sem: Kona fer í verslun og spyr ungling, sem er að afgreiða, um tvær tilteknar vörur. Ungi afgreiðslumaðurinn bendir á þær og segist konan þá ætla að fá hvort tveggja – og á við báðar vörurnar. Unglingurinn rekur annaðhvort upp stór augu eða svarar á þá leið að „hvort tveggja“ sé ekki til. Þá bjargar annar ungur starfskraftur honum fyrir horn og segir: „Já, ég lenti líka í þessu í gær. Hún meinar að hún ætlar að kaupa bæði.“ Eins er vinsæl saga af afgreiðslumanni sem segir viðskiptavini að lambhúshettur sé líklega að finna í kjötborðinu, þar sem hann heldur að verið sé að biðja um kjötvöru.

> Það er líka svolítið hlægilegt að þeir sem gera grín að þjóðtrú Íslendinga eru oft bókstafstrúarmenn á orð guðs, eða eru sannfærðir um að terroristar leynist úti um allt.

Terry segir líklegt að sögur sem þessar endurspegli ótta Íslendinga við að tapa tungumáli sínu, og um leið viðbrögð við hið ókunnuga. Það tengist bæði þeirri hugsun að unglingar kunni ekki rétta íslensku sem og því hve margt erlent starfsfólk sé á landinu. Síðastnefnda ókyrrðin birtist einnig í öðrum sögum.

„Eftir að Asíubúar fluttu til Norðurlanda spruttu til dæmis upp sögur af kattakjöti og öðru skrýtnu sem átti að vera í erlendum mat,“ segir Terry. Rætt hefur verið um hvort fólk hafi í rauninni lagt trúnað á slíkar sögur eða hvort þær hafi aðallega verið sagðar til skemmtunar. Flökkusögur af þessu tagi segir Terry vera við lýði um allan heim.

**Hulduverur fengu að dafna**

Tryggð Íslendinga við menningu þjóðtrúarinnar er þó afar sérstök og á vart sinn líka í hinum vestræna heimi, fyrir utan ef til vill í vesturhluta Írlands, en þar virðist fólk álíka opið fyrir hugsanlegri tilvist hulduvera og álagabletta og hér á landi. Telur Terry að sameiginlegur keltneskur arfur leiki þar kannski stórt hlutverki, sem og hve seint nútíminn hélt innreið

## VIÐHORF ÍSLENDINGA TIL ÓÚTSKÝRÐRA FYRIRBÆRA

**ÁLFAR**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 13% | 19% | 37% | 17% | 8% | 5% |
| 2006 | 13% | 22% | 32% | 16% | 8% | 9% |
| 1974 | 10% | 18% | 33% | 15% | 17% | 7% |

**REIMLEIKAR**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 7% | 16% | 41% | 18% | 13% | 4% |
| 2006 | 6% | 18% | 36% | 20% | 15% | 6% |
| 1974 | 10% | 23% | 34% | 12% | 9% | 12% |

**SAMBAND VIÐ FRAMLIÐNA Á VEL HEPPNUÐUM MIÐILSFUNDUM**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 10% | 16% | 34% | 19% | 16% | 5% |
| 2006 | 7% | 14% | 37% | 21% | 16% | 6% |
| 1974 | 3% | 8% | 34% | 21% | 21% | 13% |

**SKYGGNIGÁFA**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 7% | 9% | 35% | 22% | 25% | 2% |
| 2006 | 5% | 8% | 34% | 26% | 25% | 2% |
| 1974 | 2% | 5% | 31% | 26% | 31% | 5% |

**BERDREYMI**

| | Óhugsanlegt. | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 6% | 11% | 45% | 23% | 10% | 5% |
| 2006 | 3% | 5% | 41% | 25% | 23% | 2% |
| 1974 | 1% | 2% | 37% | 29% | 25% | 6% |

**FORSPÁRHÆFILEIKAR**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 6% | 11% | 45% | 23% | 10% | 5% |
| 2006 | 3% | 9% | 49% | 22% | 11% | 5% |
| 1974 | 1% | 2% | 37% | 29% | 25% | 6% |

**ÆTTARFYLGJUR**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 10% | 22% | 38% | 14% | 7% | 6% |
| 2006 | 12% | 21% | 39% | 12% | 6% | 10% |
| 1974 | 5% | 12% | 35% | 21% | 16% | 11% |

**ÁLAGABLETTIR**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 9% | 17% | 40% | 16% | 10% | 8% |
| 2006 | 9% | 20% | 38% | 17% | 8% | 8% |
| 1974 | 5% | 14% | 35% | 22% | 11% | 13% |

**FRAMHALDSLÍF**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 7% | 10% | 33% | 21% | 22% | 7% |
| 2006 | 5% | 10% | 33% | 27% | 21% | 4% |
| 1974 | 2% | 5% | 20% | 20% | 40% | 5% |

**NAFNAVITJUN**

| | Óhugsanlegt | Ólíklegt | Mögulegt | Líklegt | Visst | Enga skoðun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2007 | 9% | 13% | 38% | 18% | 17% | 6% |
| 2006 | 7% | 16% | 37% | 20% | 13% | 6% |

* Tæplega þúsund manns tók þátt í könnuninni sem framkvæmd var árin 2006 og 2007

the PIER

# Framkvæmdastjóri the PIER

The PIER er alþjóðleg verslunarkeðja í eigu LAGERSINS ehf.

The PIER rekur 40 verslanir í Bretlandi og hefur nýverið opnað glæsilega verslun við Smáratorg á Íslandi. Á þessu ári mun verslunum the PIER fjölga, en framundan er opnun tveggja verslana til viðbótar á Íslandi þ.e. í Reykjavík og á Akureyri auk 10 verslana víðsvegar í Evrópu.

Félagið er í eigu LAGERSINS ehf., sem er eignarhaldsfélag Rúmfatalagersins og SMI ehf., sem er alþjóðlegt fasteignafélag með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og Búlgaríu.

A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME

## Við leitum að reynsluríkum og öflugum stjórnanda til að annast rekstur verslunarinnar the PIER, sem er dótturfélag LAGERSINS ehf.

Framkvæmdastjóri mun annast;

* Daglegan rekstur verslunarinnar.
* Innkaup, þróun nýrra verkefna, samskipti við birgja og viðskiptavini.
* Starfsmannahald og stýringu verkferla.
* Áætlanagerð og annað það er fellur undir ábyrgð framkvæmdastjóra.

**Framkvæmdastjóri** verður þátttakandi í lykilteymi félagsins og tekur þátt í stefnumótun og markmiðasetningu. Starfinu fylgja einhver ferðalög.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði viðskipta og reksturs, en kostur er þekking eða reynsla á sviði verslunarreksturs. Áhersla er lögð á mjög góða stjórnunar- og skipulagshæfileika, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi. Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is,** svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu **www.stra.is.**

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

STRÁ MRI WORLDWIDE
Leitaðu aðstoðar fagmanna
www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE
Þú þarft ekki að leita lengra
www.stra.is

# SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚI

Pósthúsið óskar eftir drífandi og samviskusömum sölu- og markaðsfulltrúa. Viðkomandi kemur til með að vera lykilþátttakandi í velgengni og sókn félagsins.

Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar. Vörudreifing er mikilvægur þáttur í starfsemi Pósthússins ehf. en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum sérhæfða þjónustu í vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess.

**Starfssvið**
- Tengiliður við viðskiptavini félagsins
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Sölumál og tilboðsgerð
- Skráning reikninga og eftirfylgni verkefna
- Þátttakandi í markaðsmálum félagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð almenn menntun og reynsla á vinnumarkaði
- Mikil þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Gott tækifæri fyrir aðila sem er jákvæður og tilbúinn að taka þátt í uppbyggingu á skemmtilegum og fjölbreyttum vettvangi.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

# FORSTJÓRI
## UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu umhverfismála á vegum ráðuneytisins og fer með leiðandi hlutverk í framkvæmd umhverfismála á Íslandi.

Eftirfarandi málaflokkar heyra undir stofnunina: náttúruvernd, mengunarvarnir, hollustu-hættir, efni- og efnavörur, veiðistjórn og dýravernd. Hjá stofnuninni starfa um 60 manns.

**Starfssvið**
- Stjórnun og stefnumótun stofnunarinnar
- Ábyrgð á rekstri
- Áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf og þekking á verksviði stofnunarinnar
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

samskip

# NÝ TÆKIFÆRI
## SPENNANDI OG KREFJANDI STÖRF Í BOÐI

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

### Skráningarfulltrúi í flutningastjórnunardeild

**Starfssvið**
- Umsjón og eftirlit með skráningum í gámahluta flutningakerfis Samskipa
- Skráning á gámahreyfingum sem ekki skila sér á rafrænu formi
- Umsjón og eftirlit með rafrænum gámaskráningum
- Afstemming farmskrár við losun og lestun skipa

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð almenn menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Almenn tölvufærni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

### Þjónustufulltrúi í þjónustudeild

**Starfssvið**
- Þjónusta við viðskiptavini félagsins
- Flutningaráðgjöf
- Móttaka verðfyrirspurna og tilboðsgerð
- Úrlausn og svörun fyrirspurna viðskiptavina
- Samskipti við skrifstofur félagsins innanlands og erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Rekstrarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun er æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á flutningum mikill kostur
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Fáguð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skilyrði að viðkomandi tali og riti ensku

### Farmskrárfulltrúi í innflutningsdeild

**Starfssvið**
- Tekjuskráning í flutningakerfi Samskipa
- Móttaka og skil á farmskrám
- Sending tilkynninga og reikninga vegna flutningsgjalda
- Samskipti við tollaembætti
- Samskipti við erlendar skrifstofur Samskipa
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavini félagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af skrifstofustörfum kostur
- Almenn tölvuþekking
- Góð enskukunnátta bæði í tali og riti
- Þjónustulund og fáguð framkoma

### Farmskrárfulltrúi í útflutningsdeild

**Starfssvið**
- Tekjuskráning í flutningakerfi Samskipa
- Móttaka og skil á farmskrám
- Sending tilkynninga og reikninga vegna flutningsgjalda
- Samskipti við tollaembætti
- Samskipti við erlendar skrifstofur Samskipa
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavini félagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af skrifstofustörfum kostur
- Almenn tölvuþekking
- Góð enskukunnátta bæði í tali og riti
- Þjónustulund og fáguð framkoma

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# VIÐSKIPTASTJÓRI BUDGET

Budget Car Rental

ALP ehf. er ein af stærstu bílaleigum landsins með einkaleyfi á vörumerkjunum Avis og Budget. Undir þessum vörumerkjum eru reknar tvær af stærstu bílaleigum heims. Samtals hafa Avis og Budget fleiri en 6.000 útleigustöðvar og yfir 26 milljónir bíla um allan heim. Frekari upplýsingar um Avis og Budget er hægt að fá á www.avis.is og www.budget.is

ALP bílaleiga óskar að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf viðskiptastjóra.

**Starfssvið**
- Þátttaka í sölu og markaðsáætlun
- Sala til ferðaheildsala og leitun nýrra tækifæra
- Umsjón með verðum í tölvukerfum
- Ritstjórn budget.is
- Samskipti við Budget erlendis
- Ábyrgð á verðlagningu
- Þátttaka í sölusýningum
- Þjálfun starfsfólks

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun æskileg
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni, sérstaklega Excel
- Metnaður og frumkvæði
- Sjálfstæð vinnubrögð nauðsynleg
- Faglegur metnaður og árangursdrifni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

AÐFÖNG

# GÆÐASTJÓRI
## Í VÖRUHÚSI

Aðföng er stærsta birgða- og dreifingarstöð fyrir matvöru á Íslandi. Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.

Aðföng óska að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf gæðastjóra.

**Helstu verkefni gæðastjóra**
- Umsjón með gæðamálum fyrirtækisins, þ.m.t. viðhald á gæðahandbók, gæðaeftirlit, þróun gæðakerfis, o.s.frv.
- Umsjón með ýmsum verkefnum í vöruhúsi, t.d. „best fyrir" dagsetningar, rýrnun, afgreiðsluöryggi, innihaldslýsingar, merkingar matvæla og efnavara, o.m.fl.
- Samskipti við opinberar stofnanir, birgja og verslanir vegna gæðamála

**Kröfur til gæðastjóra**
- B.Sc. gráða í matvælafræði eða sambærilegum raunvísindum
- Starfsreynsla í gæðamálum kostur
- Frumkvæði og drifkraftur

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Elkem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á málmum og málmblendi á heimsvísu. Velta Elkem árið 2006 var ca. 106 milljarðar ISK. Fyrirtækið er með framleiðslu í Evrópu, Suður Ameríku, Suður Afríku og Asíu, auk þess er Elkem með sterkt net söluskrifstofa út um allan heim. Hjá fyrirtækinu starfa ca. 2960 starfsmenn og eru þeir hluti af Orkla Group, sem er Norskt almenningshlutafélag.

Elkem






# Vilt þú vinna við framtíðarlausnir í umhverfismálum?

Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Ál og kísill draga úr þyngd og orkunotkun í samgöngum. Vatnsaflsvirkjanir og sólarraflar eru umhverfisvænar og endurnýjanlegar orkulindir. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína.

## Elkem leitar að:

# Forstjóra á Íslandi / Plant Manager

**Í boði er:**
Ein markverðasta og mest spennandi stjórnunarstaða innan Elkem. Eftir 3.4 milljarða króna fjárfestingu í nýrri framleiðslulínu verður Elkem nútímalegasta málmsteypiverksmiðja sem fyrir finnst. Að flutningum framleiðslunnar frá Noregi loknum verður verksmiðjan flaggskip Elkem í framleiðslu málmblendis. Við bjóðum samkeppnishæft launaumhverfi, þátttöku í alþjóðlegu stjórnendateymi og einstakt tækifæri til starfsþróunar.

**Starfssvið:**
- Stefnumótun í framleiðslu og markaðssetningu málmsteypuafurða
- Stýra rekstri í samræmi við framleiðsluferli Elkem sem byggja á framleiðsluferlum Toyota
- Keyra áfram vöru-, markaðs- og viðskiptaþróun
- Innleiða gæða-, umhverfis-, öryggisstefnu og stjórnunarhætti, í samræmi við ströngustu kröfur Elkem
- Viðhalda og þróa tengsl við almenning á Íslandi og samfélag heimamanna
- Ýta undir starfsþróun starfsmanna og byggja upp fyrirtæki á heimsmælikvarða
- Þróa sterkt stjórnendateymi
- Svara til stjórnar Íslenska járnblendifélagsins og aðalstöðva Elkem

**Hæfniskröfur:**
- Verk- og/eða tæknifræði gráða, framhaldsmenntun kostur
- Að minnsta kosti 10 ára stjórnunarreynsla í framleiðslufyrirtæki
- Þekking á gæða- og ferlastjórnun
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Leiðtogahæfileikar og þekking á íslensku viðskiptaumhverfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Hæfileiki til að byggja upp teymi og liðsanda

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

capacent RÁÐNINGAR

SÝNI

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. býður upp á ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurframleiðendur. Boðið er upp á örverumælingar, t.d. vegna mats á ferskleika, efnagreiningar vegna krafna um næringargildismerkingar, aðstoð við uppsetningu og viðhald innra eftirlits, hreinlætiseftirlit og ýmis konar fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk í matvæla- og fóðuriðnaði.

# RANNSÓKNARMAÐUR

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til starfa á rannsóknarstofu. Um fullt starf er að ræða. Vinnutími er sveigjanlegur á bilinu frá 8 til 17. Viðkomandi starfsmaður þarf að vera tilbúinn til að vinna aukavinnu á álagstímum.

**Starfssvið**
- Blöndun efna eftir nákvæmum forskriftum
- Aðstoð við örverugreiningar
- Sending pantana til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Almenn menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi mikill kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi

Viðkomandi starfsmaður þarf að búa yfir sveigjanleika og samstarfshæfni sem og getu til þess að sjá tækifæri í verklagi og vinnubrögðum. Starfið býður upp á þróun þar sem þróun verklags kemur aðallega til vegna frumkvæðis starfsmanna.

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. starfrækir einu einkareknu prófunarstofuna á þessu sviði sem fengið hefur faggildingu skv. IST EN ISO/IEC 17025 staðlinum fyrir algengustu efna- og örveruprófanir.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Invent Farma

Invent Farma þróar, framleiðir og markaðssetur virk lyfjaefni og fullbúin samheitalyf. Fyrirtækið leggur áherslu á þróun lyfja með einkaleyfavernduðum framleiðsluaðferðum og á félagið nú yfir 70 framleiðslueinkaleyfi. Hjá Invent Farma starfa um 400 starfsmenn, þar af meira en 40% með háskólamenntun. Megin starfsemi Invent Farma er í Barcelona á Spáni, sjá nánar www.invent.is. Þróunareining Invent Farma á Íslandi tók til starfa í október 2006, en vegna aukinnar starfsemi einingarinnar á Íslandi eru eftirfarandi störf auglýst laus til umsóknar.

## Sérfræðingur við þróun mæliaðferða

**Starfið tilheyrir þróunarsviði Invent Farma.** Sérfræðingurinn tekur þátt í þróun á nýjum lyfjaformum. Hann sér jafnframt um að útbúa leiðbeiningar og annast skýrslugerð auk annarra fjölbreytilegra starfa á rannsóknarstofu.

**Sérfræðingurinn** annast þróun mæliaðferða og mælingar á lyfjum auk þess að sjá um úrvinnslu gagna og frágang á niðurstöðum. Hann hefur jafnframt umsjón með tækjabúnaði á rannsóknarstofu.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði lyfjafræði, efnafræði eða sambærilega menntun. Reynsla af rannsóknarstofuvinnu eða framhaldsnám á sviði efnagreiningar er kostur. Áhersla er lögð á nákvæm og skilvís vinnubrögð, góða tölvukunnáttu auk kunnáttu í ensku í ræðu og riti. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og í hópi.

## Sérfræðingur við þróun lyfjaforma

**Starfið tilheyrir þróunarsviði Invent Farma.** Sérfræðingurinn tekur þátt í þróun á nýjum lyfjaformum. Hann sér jafnframt um að útbúa leiðbeiningar og annast skýrslugerð auk annarra fjölbreytilegra starfa á rannsóknarstofu.

**Sérfræðingurinn** annast þróun lyfjaforma. Hann kemur með tillögur að forskriftum fyrir lyfjaform, prófar og metur hver þeirra uppfyllir sett skilyrði. Hann annast jafnframt úrvinnslu gagna og frágang á niðurstöðum auk þess að hafa umsjón með tækjabúnaði á rannsóknarstofu.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði lyfjafræði, efnafræði eða sambærilega menntun. Reynsla af rannsóknarstofuvinnu eða framhaldsnám/reynsla á sviði lyfjagerðarfræði er kostur. Áhersla er lögð á nákvæm og skilvís vinnubrögð, góða alhliða tölvukunnáttu auk kunnáttu í ensku í ræðu og riti. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og í hópi.

## Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu

**Óskum jafnframt eftir að ráða** aðstoðarmann á rannsóknarstofu Invent Farma.

**Aðstoðarmaðurinn** starfar náið með sérfræðingum í þróunardeild við að þróa mæliaðferðir og lyfjaform, mælingar á lyfjaformum og við úrvinnslu á niðurstöðum. Starfið felst jafnframt í yfirferð á tækjum og öðrum búnaði, sem tilheyrir rannsóknarstofunni auk annarra fjölbreytilegra starfa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði raunvísinda, en reynsla af sambærilegum störfum er áhugaverður kostur. Góð kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, nákvæmni og samviskusemi. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti.

**Umsóknarfrestur vegna ofangreindra starfa** er til og með 16. janúar nk., en upphaf starfa og ráðningartími fer skv. nánara samkomulagi. Ath. að upplýsingar um störfin verða eingöngu veittar hjá STRÁ MRI.

**Gunnar Hólmsteinn Ársælsson**, gunnar@stra.is og **Guðný Harðardóttir**, gudny@stra.is hjá **STRÁ MRI** veita nánari upplýsingar. Viðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarfresti stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár og önnur viðeigandi gögn til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - www.stra.is

# Sérfræðingur á rannsóknastofu

Við leitum að sérfræðingi til að hafa umsjón með þróun og framkvæmd rannsókna í álveri Alcoa Fjarðaáls. Sérfræðingurinn þjálfar og styður þá sem framkvæma mælingar á hráefnum og afurðum á öllum vinnslustigum framleiðslunnar. Viðkomandi þarf að eiga mjög auðvelt með að vinna með öðrum. Í starfinu felst einnig umsjón með stillingu og viðhaldi mælitækja.

**Hæfniskröfur:**
Umsækjandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði efnafræði- eða annarra raungreina og reynslu af því að starfa á rannsóknastofu.

Þetta er skemmtilegt og krefjandi starf fyrir áhugasaman einstakling sem vill taka þátt í að þróa eitt stærsta álframleiðslufyrirtæki í heimi. Hann þarf að vera fús til að sinna vinnu utan dagvinnutíma og um helgar eða þegar þörf krefur til skiptis við aðra á rannsóknastofu.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2008.**

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu starfi hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 40540 01/08

S:HELGASON

# Framleiðslustjóri hjá S. Helgasyni

S. Helgason ehf. var stofnað árið 1953 og rekur steinsmiðju, sem framleiðir flísar, borðplötur, legsteina, vatnsbretti og sólbekki. Þar fer jafnframt fram ýmiskonar sérsmíði og viðhald á eldri steinverkum.

Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og rekur jafnframt verslun, sem selur náttúruflísar keramikflísar, fylgihluti með legsteinum auk úrvals annarrar fjölbreytilegrar vöru, sem framleidd er í verksmiðju fyrirtækisins.

Hjá S. Helgasyni starfa 38 starfsmenn.



## Við leitum að áhugasömum, hugmyndaríkum og öflugum framleiðslustjóra fyrir S. Helgason steinsmiðju

Framleiðslustjóri mun annast;

* Daglega stjórnun og skipulagningu framleiðslu.
* Skipulagningu verkferla.
* Umsjón með innkaupum á íhlutum í vélar og tæki.
* Gerð framleiðsluskýrslna o.fl.

**Framleiðslustjóri** verður þátttakandi í lykilteymi félagsins og tekur þátt í stefnumótun og markmiðasetningu.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði tækni og reksturs auk þekkingar og reynslu á sviði framleiðslustjórnunar. Áhersla er lögð á forystuhæfileika, skipulagshæfni, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi. Reynsla af stjórnunarstörfum er nauðsynleg.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is,** svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu **www.stra.is.**

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

SECURITAS

# Þjónustustjóri

SECURITAS hóf starfsemi árið 1979 og er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar SECURITAS eru í Reykjavík, en fyrirtækið er einnig með starfsemi á Akureyri, Borgarnesi, Selfossi og á Austfjörðum.

SECURITAS er leiðandi fyrirtæki sem vinnur forvarnarstarf með það að markmiði að auka öryggi viðskiptavina sinna og koma í veg fyrir hverskonar tjón.

Nú eru starfsmenn SECURITAS um 400 talsins og þjóna þeir þúsundum viðskiptavina, þar á meðal flestum af stærstu fyrirtækjum landsins.



## SECURITAS óskar eftir að ráða þjónustustjóra

**Við leitum** að öflugum einstakingi til að starfa við þjónustustjórnun hjá SECURITAS, sem er leiðandi fyrirtæki á sviði öryggismála.

**Þjónustustjóri** annast daglega verkefnastjórnun, innra eftirlit framkvæmda, samskipti við undirverktaka og viðskiptavini, reikningagerð auk ýmissa annarra sérverkefna.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi tæknilegan bakgrunn er varðar menntun og reynslu. Marktæk reynsla á sviði verkefnastjórnunar er nauðsynleg. Áhersla er lögð á nákvæm og skilvís vinnubrögð, hæfni í samningagerð, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

**Í boði er** áhugavert starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki, þar sem liðsandinn er þægilegur og framtíðarmöguleikar góðir fyrir metnaðarfullan aðila.

**Umsóknarfrestur** er til og með 16. janúar nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá **STRÁ MRI**. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Gunnar Hólmsteinn Ársælsson**, ráðgjafi hjá **STRÁ** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl.13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir eða eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

# Fangaverðir við Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu

Fangelsismálastofnun ríkisins auglýsir eftir starfsfólki til fangavörslu við Hegningarhúsið Skólavörðustíg og Fangelsið Kópavogsbraut.

**Leitað er eftir starfsmönnum sem:**
- Hafa gott viðmót og samskiptahæfileika
- Hafa áhuga á að vinna með mjög breytilegum einstaklingum
- Eru þolinmóðir, agaðir og eiga auðvelt með að fylgja vinnureglum
- Geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum
- Færni í íslensku áskilin, grunntölvukunnátta æskileg

*Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um.*

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður, í síma 562-1952.

Umsóknir skulu berast Fangelsismálastofnun ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, fyrir 11. janúar nk.

pixel prentþjónusta

brautarholt 10-14
105 reykjavík
sími 575 2700
www.pixel.is

# PRENTSMIÐUR

PIXEL ehf óskar eftir að ráða prentsmið til framtíðarstarfa.

Starfið er aðallega fólgið í uppsetningu prentgripa og umsjón verkefna.

# AÐSTOÐARMAÐUR

PIXEL ehf óskar eftir að ráða aðstoðarmann í prentvinnslu til framtíðarstarfa.

Starfið er mjög fjölbreytt og felst meðal annars í útprentun og frágangi verkefna.

**Við leitum að aðila sem er kátur, heiðarlegur, duglegur, ábyrgðarfullur, góður í samvinnu, sýnir frumkvæði, hefur góða þjónustulund og góða tölvukunnáttu.**

**Fjölbreytt og skemmtilegt starf í góðum hópi.**

**Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á halldor@pixel.is eða hlynur@pixel.is**

Reykjavíkurborg
Einn vinnustaður



# Vilt þú taka þátt í að móta þjónustu Reykjavíkurborgar?

## Reykjavíkurborg er að setja á fót nýtt þjónustuver í Borgartúni

Árið 2008 flytja saman um 400 starfsmenn borgarinnar í nýtt og glæsilegt húsnæði í Borgartúni 10-12. Þetta er einstakt tækifæri til að bæta enn frekar þjónustu við íbúa og fyrirtæki í borginni. Við leitum að fólki sem er reiðubúið að skapa með okkur spennandi framtíð á nýjum vinnustað. Ef þú ert með þjónustulund fram í fingurgóma, vilt hafa áhrif á umhverfi þitt og móta skemmtilegan starfsanda, talaðu við okkur

### Deildarstjóri þjónustuvers

Deildarstjóri verður leiðtogi við mótun og þróun þjónustuvers og sér um daglegan rekstur þess. Hann sér um ráðningar og þjálfun starfsfólks, endurskoðun verklags og verkferla við þjónustuveitingu, áætlanagerð, skýrslugerð, kynningar og fleira. Deildarstjóri gegnir lykilhlutverki í samráði og samskiptum við stjórnendur þeirrar starfsemi sem þjónustuverið þjónustar. Um er að ræða nýtt og spennandi starf

**Hæfniskröfur:**
o Háskólamenntun sem nýtist í starfi
o Stjórnunarreynsla og þekking á sviði þjónustustjórnunar
o Leiðtogahæfileikar
o Samskiptahæfni
o Reynsla og áhugi á framlínuþjónustu
o Metnaður og vilji til að ná árangri
o Þekking á borgarkerfinu æskileg

Nánari upplýsingar veitir Álfheiður Eymarsdóttir, þjónustustjóri Reykjavíkurborgar, netfang: alfheidur.eymarsdottir@reykjavik.is, s: 411 1058/6939332 og og Árni Ragnar Stefánsson, starfsmannastjóri Ráðhúss, netfang: arni.ragnar.stefansson@reykjavik.is, s. 411 4216/ 6939327

Umsókn fylgi yfirlit um nám og störf og skal skilað rafrænt til Álfheiðar Eymarsdóttur eða sent til Ráðhúss Reykjavíkur merkt: Deildarstjóri þjónustuvers Höfðatorgi

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2008.**

### Þjónustufulltrúar þjónustuvers

Starfið felst í margháttaðri þjónustu við viðskiptavini þjónustuvers augliti til auglitis, í gegnum síma, tölvupóst og veflausnir af ýmsu tagi auk þjónustu við starfsmenn borgarinnar. Um er að ræða nýtt og spennandi starf sem gefur tækifæri til að þróa vinnulag og móta nýjan vinnustað í nýju húsi

**Hæfniskröfur:**
o Mikil þjónustulund
o Reynsla og áhugi á framlínuþjónustu
o Góð almenn tölvufærni
o Hæfni í mannlegum samskiptum
o Góð íslenskukunnátta
o Kunnátta í a.m.k. einu tungumáli auk íslensku
o Aðlögunarhæfni, geta hugsað hratt
o Frumkvæði
o Stúdentspróf eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.
o Þekking á borgarkerfinu æskileg

Nánari upplýsingar veita Sigurþóra Bergsdóttir, deildarstjóra símavers, netfang: sigurthora.bergsdottir@reykjavik.is, s: 4 11 11 20/ 693 9367 og Sigríður Þórisdóttir, netfang: sigdridur.kristin.thorisdottir@reykjavik.is , s: 4 11 3038.

Umsókn fylgi yfirlit um nám og störf og skal skilað rafrænt til Sigurþóru Bergsdóttur eða sent til Ráðhúss Reykjavíkur merkt: Þjónustufulltrúi Höfðatorgi.

**Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2008.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# www.z.is

Z-brautir og Gluggatjöld

565293
Z - brautir og gluggatjöld óska eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu og þjónustu í verslun sína í Faxafeni.
Möguleiki er á 50% eða 100% starfi. Í starfinu felst að afgreiða, veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina varðandi vörur verslunarinnar. Leitað er að starfsmanni með þægilega framkomu, sem hefur gaman af samskiptum og er með mikla þjónustulund. Í boði er traustur og góður vinnustaður með góða liðsheild starfsmanna. Starfið hentar öllum aldurshópum.

Z - brautir og gluggatjöld bjóða gríðarlegt úrval af öllum tegundum gluggatjaldaefna, allt frá rúllum, rimlum og strimlum upp í rafdrifin gluggatjöld af fullkomnustu gerð. Þar eru einnig fáanleg handklæði, sængurfatnaður og dúkar í miklu úrvali.
Z - brautir og gluggatjöld hafa haft hönd í bagga með heildarlausnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins t.d. Nýherja, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Össur, Actavis, KPMG, Hæstarétt Íslands, Hilton Reykjavik Nordica, auk fjölmargra skóla og stofnana landsins.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

---

NÝSIR

Á vegum félagsins eru nýhafnar byggingarframkvæmdir við 11 skóla og íþróttamiðstöðvar í einkaframkvæmd skv. samningi við borgarstjórn Aberdeen. Framkvæmdum mun ljúka á árinu 2010. Aðalverktaki er E. Pihl & Søn A/s. og Landsbanki Íslands annast fjármögnun verkefnisins. Verkefnisstjóri mun hafa umsjón með framkvæmd samningsins í samráði við framkvæmdastjóra Nysir UK Limited.

# VERKEFNISSTJÓRI
## ABERDEEN

Nýsir hf. óskar að ráða verkefnisstjóra til starfa hjá dótturfélagi sínu Nysir UK Limited í Aberdeen í Skotlandi. Starfið er laust nú þegar og er miðað við ráðningu fram á mitt ár 2010. Búseta í Aberdeen á starfstímanum er skilyrði.

**Starfssvið verkefnisstjóra er**
- Ábyrgð og umsjón með byggingarframkvæmdum
- Eftirlit með innkaupum og uppsetningu á húsgögnum, búnaði og frágangi lóða
- Samskipti við fulltrúa verkkaupa, fjármögnunaraðila og verktaka
- Samhæfing milli byggingarverktaka og væntanlegs rekstrarverktaka bygginganna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verk- , tækni- eða rekstarfræði
- Alþjóðleg reynsla af byggingarframkvæmdum og verkefnisstjórnun
- Mjög góð enskukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Microsoft

Microsoft Íslandi er kraftmikill og líflegur vinnustaður. Lögð er áhersla á að hver starfsmaður geti nýtt sína hæfileika og metnað til fullnustu og starfar þar samhentur hópur sem stefnir að sama markmiði. Microsoft Íslandi starfar undir Microsoft Corporation. Skrifstofan er staðsett á Engjateigi 7 og þar starfa 20 manns. Microsoft Íslandi var valið Fyrirmyndar fyrirtæki ársins 2007 af VR.

VR 2007

# UMSJÓN HÚSNÆÐISMÁLA

Einstakt tækifæri til að gera góðan hóp enn betri.
Microsoft Íslandi leitar að einstaklingi til þess að sjá um húsnæðismál og þau verkefni er snúa að húsnæðismálum fyrirtækisins (Facilities Manager).

Megin ábyrgð starfsins er fólgin í því að sjá um alla þætti er lúta að húsnæði Microsoft Íslandi. Viðkomandi aðili þarf að sjá til þess að húsnæði Microsoft sé vel við haldið, uppfylli þær kröfur sem Microsoft gerir um viðhald, þjónustustig og öryggismál. Einnig þarf að vinna að áætlanagerð og fylgja eftir kostnaðaráætlunum, leita samninga við verktaka/þjónustuaðila og vinna að skýrslugerð til Microsoft Danmörku.

Viðkomandi mun vera í nánu sambandi við starfsmenn Microsoft erlendis við að uppfylla stefnu Microsoft hvað varðar húsnæði, öryggisstaðla, tölvupóst og netþjónustu, móttöku, þjónustusíma o.fl. og vinna að breytingum og endurbótum með sérfræðingum Microsoft á ofangreindum sviðum.

**Við gerum kröfu um**
- Háskólamenntun
- Færni í greiningu vandamála og verkefna
- Góða færni í íslensku og ensku og hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góða aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og eftirfylgni
- Að viðkomandi sé reiðubúinn til ferðalaga starfssins vegna ef þurfa þykir

Starfið kallar á kraftmikinn einstakling með mikið frumkvæði og metnað til árangurs í starfi. Um fullt starf er að ræða.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is
Skilyrði fyrir umsókn er að ferilsskrá á ensku sé send sem viðhengi.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Reiknistofa bankanna

## Reiknistofa bankanna óskar eftir að ráða þrjá kraftmikla og þjónustulundaða starfsmenn.

### Kerfisstjórn

**Starfssvið**
- Rekstur og þróun upplýsingakerfa
- Þarfagreining vegna endurbóta og nýrra kerfa
- Umsjón með uppfærslum og uppsetning nýrra kerfa
- Uppsetning og rekstur gagnagrunna DB/2 í dreifðu umhverfi

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði, eða sambærilegt er æskilegt
- Reynsla af kerfissetningu og forritun
- Þekking á Linux, Unix og Intel högun

### Netstjórn

**Starfssvið**
- Rekstur víðnetskerfa Reiknistofunnar

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði, eða sambærilegt er æskilegt
- Reynsla af notkun netbúnaðar frá Cisco
- Þekking á TCP/IP
- Reynsla af umsjón Windows netþjóna

### Uppsetning og rekstur tölvukerfa

**Starfssvið**
- Uppsetning og rekstur tölvukerfa í stórtölvuumhverfi

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf
- Almenn tölvukunnátta
- Þekking á starfsumhverfi banka er kostur

Við sækjumst eftir fólki sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, hefur skipulags-hæfileika og er með ríka þjónustulund.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 15. janúar nk.

Upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir.
Netfang: inga@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Skapandi störf með skapandi fólki

## Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Þroskaþjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 553-8545
Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Funaborg, Funafold 42, sími 587-9160
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360
Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Hlíðarendi, Laugarásvegi 77, sími 553-7911
Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Lindarborg, Lindargötu 26, sími 551-5390
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125
Njálsborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Sólhlíð, við Engihlíð, sími 551-4870
Sunnuborg, Sólheimum 19, sími 553-6385
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólasérkennari /þroskaþjálfi/atferlisþjálfi**
Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150.
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

**Yfirmaður í eldhús**
Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099
Sunnuborg, Sólheimum 19, sími 553-6385

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfs-mannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið
RIMASKÓLI

# Rimaskóli

*Regla - Metnaður - Sköpun*

**Íslenska og danska á unglingastigi**

Rimaskóla vantar nú þegar tvo kennara til að kenna íslensku og dönsku á unglingastigi. Önnur staðan er umsjónarkennarastaða. Umsjónarkennari er tengiliður við sérgreinakennara og foreldra.

Rimaskóli er einn af stærstu skólum Reykjavíkur með öflugt starfslið og kröftugan starfsanda. Í hverjum árgangi skólans eru þrjár bekkjardeildir.

Góð starfsaðstaða, mikið samstarf og samfelld stundaskrá. Laun kennara hækkuðu um 3% þann 1. janúar 2008 og hækka að nýju um 3% þann 1. mars nk.

Upplýsingar veitir Helgi Árnason skólastjóri í síma 411-7720 / 664-8320 eða netfang helgi@rimaskoli.is

www.rimaskoli.is

LAUGAR

# Við erum að leita að starfsfólki

…sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

World Class ICELAND

Óskar eftir starfsmönnum í ræstingu í stöðvar okkar í Laugum, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ!
Um er að ræða fullt starf – vaktavinnu og óskað er eftir því að starfsmaður geti byrjað fljótlega.
Umsjón með ráðningu hefur
Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

We are looking for people in our cleaning-department in Laugar, Seltjarnarnes and Mosfellsbær.
The job offers only shift-work and it would be great if applicants could start working soon.
For further information please contact
Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is



# Meiraprófsbílstjóri óskast

**Vegna aukinna verkefna leitar Atlantsolía** að traustum og áreiðanlegum bílstjóra til framtíðarstarfa. ADR réttindi eru ekki skilyrði en námskeið yrði greitt af Atlantsolíu.
*Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.*

**Starfið felur í sér:**
Áfyllingu á bensínstöðvar og dreifingu olíu til verktaka, bænda og sjávarútvegs.

**Æskilegir eiginleikar:**
Fyrirtækið leitar að kröftugum, þjónustulunduðum bílstjóra sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu ört vaxandi fyrirtækis.

Atlantsolía hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en fyrirtækið rekur nú 12 bensínstöðvar. Hjá fyrirtækinu starfa 23 manns. Atlantsolía hefur verið í fararbroddi með nýjungar hér á landi með innleiðingu Dælulykla.

**Áhugasamir hafi samband við Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóra, í síma 825-3133 eða sendi póst á albert@atlantsolia.is fyrir 15. janúar.**

ATLANTSOLÍA

PIPAR • SÍA • 72602

# Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa.

Upplýsingar í síma: 694-1500.
Rafboði ehf.




**RAMMAGERÐIN óskar eftir að ráða öflugan og glaðlegan starfsmann í verslun Rammagerðarinnar í Hafnarstræti.**

**Hæfniskröfur:**

- Góð enskukunnátta er skilyrði, viðbótar tungumál kostur
- Afburða þjónustulund og glaðleg framkoma
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi
- Sölutækni
- Stundvísi

**Nánari upplýsingar veitir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri í síma 551 1122 eða á rammagerdin@rammagerdin.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar. Umsóknir með starfsferilsskrá sendist á rammagerdin@rammagerdin.is eða til 66°Norður, Miðhrauni 11, 210 Garðabæ.**

ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN




Við óskum eftir jákvæðum og hraustum konum og körlum til starfa við stöðuvörslu.

Stöðuvarsla er fjölbreytt starf sem krefst hæfni í mannlegum samskiptum og gengur út á að hafa eftirlit með að stöðureglur í borginni séu virtar.

Við útvegum allan vinnuklæðnað og þú getur valið þann vinnutíma sem hentar þér: 10–16 eða 12–16 eða 12–18 eða 9–18.

**Hringdu – við erum í síma 411 3400**
**Netfang – albert.heimisson@reykjavik.is**

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

# Tækifæri og möguleikar!




# Lögfræðingar

Samgönguráðuneytið

## Vegna yfirfærslu á málefnum sveitarfélaga til samgönguráðuneytis um næstu áramót óskar ráðuneytið eftir að ráða lögfræðing til starfa.

Ráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum skv. lögum. Þá úrskurðar ráðuneytið um vafaatriði varðandi framkvæmd sveitarstjórnarmálefna.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Lögfræðimenntun. MSc.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum kostur.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.

**Helstu verkefni:**

- Lögfræðistörf á sviði stjórnsýslu, frumvarpa og reglugerða.
- Úrskurðir og álitsgjöf á sviði sveitarstjórnarmála.
- Þátttaka í stefnumörkun í málaflokknum.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veita Unnur Gunnarsdóttir skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, unnur.gunnarsdottir@sam.stjr.is, sími 545 8200 og Ari Eyberg hjá Hagvangi, ari@hagvangur.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20. janúar nk. Vakin er athygli á að um framlengdan frest er að ræða.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

## Samgönguráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu lögfræðings á fjarskiptasviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Lögfræðimenntun.
- Framhaldsmenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnsýslu og/eða lögmennsku æskileg.
- Þekking og reynsla af fjarskipta- og upplýsingatæknimálum kostur.
- Áhugi á fjarskiptamálum mikilvægur.
- Gott vald á ensku í ræðu og riti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Helstu verkefni:**

- Lögfræðistörf á sviði stjórnsýslu, frumvarpa og reglugerða.
- Innleiðing Evrópugerða.
- Stefnumörkun fjarskiptamála.
- Framkvæmd fjarskiptaáætlunar.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veita Unnur Gunnarsdóttir skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, unnur.gunnarsdottir@sam.stjr.is, sími 545 8200 og Ari Eyberg hjá Hagvangi, ari@hagvangur.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20. janúar nk. Vakin er athygli á að um framlengdan frest er að ræða.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

Saman náum við árangri

SAMSKIP



ENNEMM / SÍA / NM31499

# > Starfsmaður í mötuneyti óskast

**Samskip hf óska eftir að ráða dugmikinn, samviskusaman og reyklausan starfsmann í mötuneyti fyrirtækisins.**

**Starfssvið**
- Undirbúningur máltíða
- Útbúa samlokur, kaffimeðlæti o.fl.
- Framreiðsla á mat og afgreiðsla
- Aðstoð við veisluþjónustu
- Uppvask, frágangur og þrif
- Eftirlit með kaffibörum á skrifstofu
- Önnur tilfallandi verk

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af svipuðu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Fáguð framkoma, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Mötuneyti Samskipa er með fullkomnari mötuneytum landsins og þar er vinnuaðstaðan ein sú besta sem þekkist.

Vinnutíminn er 08.00 – 16.00 og eitt kvöld í viku.

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa fyrir 14. janúar 2008. Veljið „Starfsmaður í mötuneyti – auglýst staða 06.01.08“.

Ragnar Pálsson, skrifstofustjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8355.

---

# Rafsmiðjan

## Rafsmiðjan ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja og rafvirkjanema til framtíðarstarfa.

**Mikil og fjölbreytt verkefni framundan.**

*Hæfniskröfur*

**Rafvirkjar:**
- Meistara eða sveinspróf í rafvirkjun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Stundvísi

**Rafvirkjanemar:**
- Starfsreynsla í rafvirkjun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Stundvísi

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á rafsmidjan@simnet.is. Öllum umsóknum verður svarað.

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Grandaskóli

**óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:**

**Þroskaþjálfa eða kennara til að vinna með einstökum nemendum,** 75 - 100 % starfshlutfall.

**Starfsmanni til að hafa umsjón með kaffistofu starfsfólks,** 75 % starfshlutfall.
Umsóknarfrestur til 14. janúar 2008

**Umsjónarmanni skóla,** 100 % starfshlutfall.
Umsóknarfrestur til 1. febrúar 2008

**Íþrótta- /sundkennara v/forfalla** frá 1. febrúar

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólastjóri borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólastjóri inga@grandaskoli.is , sími 5611400

Grandaskóli stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Nemendur eru um 290 talsins í 1.- 7. bekk og við skólann starfa um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans og í hópnum ríkir fagmennska, metnaður og góður andi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

# VÖRUSTJÓRAR

Mentis leitar að öflugum vörustjórum fyrir lykilvörur fyrirtækisins. Um er að ræða ný og krefjandi störf sem tilvonandi starfsmenn munu taka virkan þátt í að móta.

**Störfin felast meðal annars í:**
- Ábyrgð á framkvæmd vörustefnu fyrir einstaka vöruflokka og þátttaka í stefnumótun
- Heildaryfirsýn yfir einstaka vöruflokka með tilliti til reksturs, vöruþróunar og sölu
- Nánu samstarfi við sérfræðinga í rekstrar- og þróunarteymum viðkomandi vöruflokka
- Kynningum, fræðslu og ráðgjöf til viðskiptavina
- Miklum samskiptum við viðskiptavini og birgja
- Ábyrgð á skráningu og viðhaldi ferla er snerta viðkomandi vöruflokka

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Reynsla af vörustjórnun, verkefnastjórnun eða af sambærilegum störfum er skilyrði
- Þekking á upplýsingatækni og fjármálamarkaði er kostur
- Brennandi áhugi á vöruþróun
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Nánari upplýsingar** um störfin veitir Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri, sími 570 7600, netfang: ***ragnheidur@mentis.is***

Umsóknir berist fyrir 14. janúar nk. til Ragnheiðar H. Magnúsdóttur, Mentis hf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík eða á netfangið ***ragnheidur@mentis.is***

mentis SOFTWARE

Mentis hf Borgartúni 29 105 Reykjavík Sími: 570 7600 info@mentis.is www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Grafika ehf.

## Óskum eftir verkstjóra í stálsmiðju.

Umsóknir sendist á mar@atlantskaup.is
fyrir 11. janúar

ATLANTSKAUP
Bæjarflöt 6 • Grafavog • Reykjavik

---

Rafmiðlun

## Viltu breyta til á nýju ári?

Rafmiðlun er eitt stærsta rafverktakafyrirtæki á markaðnum í dag með yfir 90 starfsmenn með verkefni hérlendis sem erlendis.
Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag.
Óskum eftir rafvirkjum og nemum til starfa
Mikil vinna framundan.

Upplýsingar í síma 843 3505 - 843 3506 og á www.rafmidlun.is

---

## SECURITY GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this postion is January 20, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

---

# Leitum að snyrtifræðingi í öfluga liðsheild

**Sigurborg ehf. óskar eftir að ráða snyrtifræðing til starfa.**

### Starfsvið
-Þjálfun og kennsla á Clarins snyrtivörur.
-Sala, ráðgjöf og eftirlit á útsölustöðum.
-Tilfallandi verkefni hverju sinni.

### Menntunar og hæfniskröfur
-Snyrtifræðingur.
-Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
-Haldgóð reynsla af sölumennsku.
-Góð ensku og tölvukunnátta.
-Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Sigurborg ehf. er öflug og framsækin heildverslun með snyrtivörur sem var stofnuð 1994.
Hjá Sigurborg starfa níu metnaðarfullir starfsmenn sem hafa það að leiðarljósi að vinna sem sterk liðsheild sem leggur sig fram um að veita góða og vandaða þjónustu til viðskiptavina sinna.

Umsóknir skulu sendar á netfangið sigurborg@sigurborg.is fyrir 8. janúar 2008.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

CLARINS PARIS
Kanebo INTERNATIONAL
Thierry Mugler

SIGURBORG EHF
Gylfaflöt 5 112 Reykjavík Sími: 551 2025

Grafika 2007

---

# Bank! Bank!

Skýrr er kraftmikið, traust og vaxandi fyrirtæki í lifandi atvinnugrein. Mikið er lagt upp úr mannauði fyrirtækisins með fjölskylduvænu umhverfi, sveigjanlegum vinnutíma og öflugu félagslífi.

Skýrr leitar að orkumiklu og jákvæðu fólki, sem vill takast á við spennandi störf og fjölbreytt verkefni á skemmtilegum vinnustað.

### Óskum eftir:
- **MS SharePoint** ráðgjöfum og/eða forriturum
- **MS Dynamics NAV** (Navision) ráðgjöfum
- **Oracle** forriturum
- **Java** forriturum
- Ráðgjöfum og forriturum í **Microsoft viðskiptagreind**
- Ráðgjöfum og forriturum í **Oracle viðskiptagreind**
- **Verkefnastjóra** með þekkingu á fjárhagskerfum
- Ráðgjöfum með **tæknilegan** bakgrunn

Áhugasamir sæki um á vefsvæði Skýrr, www.skyrr.is. Nánari upplýsingar um störfin veita Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 569 5949, eða Jóhann Þorláksson, hópstjóri í Viðskiptalausnum, í síma 569 5979. Allar umsóknir verða skoðaðar og þeim svarað. Fullum trúnaði er heitið.

Skýrr veitir um 2.300 viðskiptavinum fjölbreytta hugbúnaðar- og rekstrarþjónustu. Allt á einum stað. 24/7. Fyrirtækið er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001.



Allt á einum stað | Skýrr

Fiton/SÍA



# Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Berg á Kjalarnesi óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfólk með aðra menntun og reynslu.**

Við leitum að fólki sem hefur ánægju og gleði af að starfa með börnum, er samviskusamt, stundvíst og tilbúið að leggja sitt af mörkum til að skapa ánægjulegt starfsumhverfi. Einkunnarorð leikskólastarfsins eru leikur, gleði og sköpun.

Verið velkomin í heimsókn á Berg eða hafið samband við Valdísi Ósk Jónasdóttur, leikskólastjóra í síma 5666039 eða 6939837. Einnig má senda fyrirspurnir á berg@leikskolar.is

Heimasíða leikskólans er: bergid.is

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

# Forstöðumaður

*Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á skammtímavist fyrir börn í Garðabæ. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.smfr.is og á www.starfatorg.is*

*Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr
Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Reykjavíkurborg
Velferðasvið



## Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili

**Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili** er í miðbæ Reykjavíkur. Heimilið er allt endurnýjað og búa allir íbúar okkar í einbýlum með sér baði. 8 eða 10 manns búa saman í litlum heimiliskjörnum með sér borðstofu og dagstofu. Við leggjum áherslu á heimilislegt umhverfi og er unnið eftir nýjum áherslum í skipulagningu og umönnun íbúa.
Komið er til móts við þarfir starfsmanna um sveigjanlega vinnutíma með Time Care tímastjórnunar kerfinu.
Á heimasíðunni er einnig að finna ýmsar upplýsingar um heimilið og starfsemi þess, www.dropalaugarstadir.is

### Hjúkrunarfræðingur

**Hjúkrunarfræðingar með áhuga á hjúkrun aldraðra óskast til starfa sem allra fyrst á morgun-, kvöld- og helgarvaktir, einnig á 40% næturvaktir.**
Hjúkrunarfræðingur sinnir almennum hjúkrunarstörfum og er stjórnandi vaktar. Vinnuhlutfall samkomulag.

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt starfsleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Frumkvæði, þolinmæði og jákvætt viðhorf

### Yfiriðjuþjálfi

**Laus er staða yfiriðjuþjálfa frá 1. febrúar 2008.**
Yfiriðjuþjálfi stjórnar iðjuþjálfun heimilismanna og ber ábyrgð á henni í samræmi við hugmyndafræði, markmið og gæðakerfi heimilisins. Einnig sér iðjuþjálfi um að skipuleggja störf aðstoðarfólks við iðjuþjálfun. Um fullt starf er að ræða.

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt starfsleyfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samskiptahæfileikar
- Reynsla af vinnu með öldruðum æskileg
- Frumkvæði, þolinmæði og jákvætt viðhorf

### Sjúkraliði

**Sjúkraliðar óskast til starfa á á morgun-, kvöld- og helgarvaktir.**
Sjúkraliði sinnir aðhlynningu samkvæmt hjúkrunaráætlun og vinnur við hlið hjúkrunarfræðings á deildum
**Vinnuhlutfall samkomulag.**

**Hæfniskröfur:**
- Íslenskt starfsleyfi
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg
- Frumkvæði, þolinmæði og jákvætt viðhorf

### Starfsmenn í umönnun

**Óskum er eftir áhugasömum starfsmönnum í umönnun sem fyrst eða eftir nánari samkomulagi.** Um vaktavinnu er að ræða. Starfsmenn vinna með hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum við umönnun og persónulega aðstoð við íbúa heimilisins. Lágmarksaldur er 18 ár.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Reynsla af umönnun aldraðra æskileg
- Góð íslenskukunnátta

### Starfsmaður í þvottahús

**Óskum eftir að ráða starfsmann í þvottahús sem fyrst.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og ábyrgð á þvotti og frágangi fatnaðar íbúa heimilisins
- Umsjón með og ábyrgð á þvotti og frágangi á starfsmannafatnaði
- Umsjón með og ábyrgð á þvotti og frágagni líns fyrir heimilið
- Umsjón með afgreiðslu á líni til deilda

**Hæfniskröfur:**
- Skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki
- Íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um ofangreind störf gefa Ingibjörg Bernhöft forstöðumaður í síma 414 9502, netfang: ingibjorg.bernhoft@reykjavik.is og Ingibjörg Þórisdóttir deildarstjóri starfsmanna- og gæðamála í síma 414 9503, netfang: ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Droplaugarstaða, ennfremur á heimasíðu heimilisins www.droplaugarstadir.is

Umsóknum skal skila á Droplaugarstaði hjúkrunarheimili, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík eða í framangreind netföng **fyrir 21 janúar nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ATLANTIK

## Laus störf hjá Ferðaskrifstofunni Atlantik

Starfsmenn í skipadeild og í hvataferðadeild:
Um er að ræða krefjandi störf við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu hvatahópa, og ferða farþega af skemmtiferðaskipum.. Við erum að leita að starfsmönnum með mjög góða tungumálakunnáttu, einkum í ensku bæði talaði og ritaði. Aukin tungumálakunnátta er kostur.
Starfsmaðurinn þarf að búa yfir eldmóði og metnaði í öllu því sem tekist er á hendur. Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi, hafa góða skipulagshæfileika og mikla þjónustulund.
Starfsmaðurinn þarf að geta unnið langan vinnudag og yfirvinnu á álagstímum en nýtur sveigjanlegri vinnutíma þar utan. Menntun á sviði ferðaþjónustu, s.s. leiðsögunám, IATA/UFTA eða önnur menntun á háskólastigi er æskileg.

Hjá Atlantik er starfsumhverfið spennandi, sérstaklega fjölbreytt, krefjandi og í sífelldri mótun. Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur er til 15.janúar 2008
Umsóknir sendist til: Atlantik
B.t Erlu Gísladóttur
Grandagarður 14
101 Reykjavík
erla@atlantik.is

Starfsmannastefna Atlantik
Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

# Sunnuhlíð

*Sunnuhlíð er lítið og heimilislegt hjúkrunarheimili á góðum stað í Kópavogi. Okkur vantar í eftirtalin störf fólk sem hefur áhuga á umönnun aldraðra.*

**Sjúkraliða**

**Félagsliða**

**Starfsfólk í umönnun**

Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall eftir samkomulagi. Unnið eftir Time Care vaktastjórnunarkerfi.

Upplýsingar veitir:
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 560-4163 eða 560-4100
Netfang: dagmar@sunnuhlid.is
**Sjá líka: www.sunnuhlid.is**

# VIÐ ERUM FERSK!

Við hjá Stika leitum að fersku fólki sem er tilbúið að vinna með okkur að krefjandi verkefnum á sviði ráðgjafar og þróunar í upplýsingatækni.



AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / ST0108

## Ráðgjafar í upplýsingatækni

Við leitum að ráðgjöfum á sviði upplýsingatækni með þekkingu á upplýsingaöryggi og gæðastjórnun. Þekking á alþjóðlegum stöðlum ISO/IEC 27001 og ISO 9001 er nauðsynleg, en þekking á öðrum stöðlum s.s. PCI DSS er kostur. Á verksviði ráðgjafa er ráðgjöf, öflun verkefna, gerð verksamninga og verklýsinga og þátttaka í áætlanagerð. Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði. Önnur menntun á sviði upplýsingatækni kemur einnig til greina. Óskað er eftir að umsækjendur hafi þekkingu á verkefnastjórnun og hafi starfsreynslu á sviði upplýsingatækni.

## Framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs

Við leitum að aðila í stjórnendateymi fyrirtækisins sem er tilbúinn að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu hugbúnaðarsviðs Stika. Framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs sér um að samræma alla hugbúnaðarþróun fyrirtækisins. Hann ber jafnframt ábyrgð á kostnaðar- og tímaáætlunum sviðsins og ber ábyrgð á útvistun hugbúnaðarþróunar og samningum þar að lútandi. Starfið gæti krafist ferðalaga vegna samstarfs við erlenda samstarfsaðila. Gerð er krafa um stjórnunarreynslu úr hugbúnaðargeira og góða tungumálaþekkingu. Starfið er nýtt og gefst viðkomandi tækifæri til að móta það með stjórnendateymi Stika.Við leitum að stjórnanda sem er árangursdrifinn, metnaðarfullur, bjartsýnn og lipur í samskiptum.

## Forritarar - hugbúnaðarsérfræðingar

Við leitum að aðilum með háskólapróf í tölvunarfræði eða tölvuverkfræði. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af helstu gagnagrunnskerfum, Microsoft.NET, SharePoint, Visual Studio þróunarumhverfinu og forritunarmálunum C# og Delphi. Mikilvægt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku vegna samskipta við erlenda samstarfsaðila. Grafísk þekking er kostur.

## Fjármálastjóri

Fjármálastjóri er hluti af stjórnendateymi Stika og ber ábyrgð á gerð fjármálastefnu, heildstæðri áætlanagerð, fjárstýringu og reikningshaldi. Meðal verkefna er umsjón með þróun og viðhaldi fjárhagsupplýsingakerfis, dagleg fjármálastjórn, þátttaka í gerð verksamninga, mat á fjárfestingakostum og framkvæmd fjármálastefnu. Gerð er krafa um háskólamenntun í viðskiptafræði eða aðra sambærilega menntun. Við leitum að aðila með frumkvæði, leiðtogahæfni og sérþekkingu á fjármálum fyrirtækja. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á Navision bókhaldskerfi.

Við bjóðum fjölskylduvænt, sveigjanlegt og gott starfsumhverfi. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar veitir Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri Stika í síma 5 700 600. Sjá einnig heimasíðu Stika, www.stiki.is

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda rafrænt á netfangið svana@stiki.is fyrir 21. janúar 2008.**

IS 67387 FS 67386

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Stiki er þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni og sérhæfir sig í ráðgjöf og lausnum sem grundvallast á öryggi upplýsinga. Framtíðarsýn Stika er að byggja upp öflugt hátæknifyrirtæki, leiðandi á sínu sviði á alþjóðavísu. Framundan er aukin sókn á erlendan markað og áframhaldandi vöxtur. Stiki byggir árangur sinn á fagmennsku og trausti í samskiptum við viðskiptavini. Öll starfsemi Stika er vottuð samkvæmt ISO/IEC 27001 og ISO 9001.

Stiki Information Security

Stiki ehf. - Information Security - Síðumúla 34 - Sími 5 700 600 - Fax 5 700 601 - www.stiki.is




## Húsavík
# Rekstrarstjóri

**Viljum ráða rekstrarstjóra til starfa í verslun okkar á Húsavík. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu fyrirtæki.**

### Helstu verkefni
- Daglegur rekstur verslunarinnar
- Mannahald
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Byggja upp og viðhalda jákvæðum tengslum við viðskiptavini
- Vöruinnkaup og samskipti við birgja
- Tilboðs- og áætlunargerð

### Hæfniskröfur
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af stjórnun
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

### Annað
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Umsóknir berist til Elínar Hlífar Helgadóttur, **atvinna@husa.is**, fyrir 18. janúar 2008. Öllum umsóknum verður svarað. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

**Fyrir alla**

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.

Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri.

Eignin er við Stararima og stendur á góðum stað í fallegu umhverfi með fallegu útsýni. Eignin er vönduð í alla staði, vel meðfarið að utan sem innan. Við eignina er falleg verönd sem útgengt er út á frá þrem stöðum. Eignin skiptist í Anddyri með flísum, Eldhús sem er mjög rúmgott,stofu og sjónvarpshol með parketi á gólfum. Þvottahús og geymsla er með flísum á gólfi. Baðherbergi er flísalagt með fallegri innréttingu. Eignin er í heildina góð í alla staði



Anton Valgarðsson
Sölufulltrúi
**699 4431**
anton@remax.is



Haukur Andreasso
Sölufulltrúi
**866-9954**
haukur@remax.is



Rúnar S. Gíslason
Lögg. fasteignasali
**517 3629**
runar@remax.is

**RE/MAX Stjarnan - Bæjarhraun 6 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 5173629 - www.remax.is**

# ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–18**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum



**STEKKJARHVAMMUR**
Fallegt 207,6 fm raðhús m/bílskúr á góðum stað. 4 sv.herb. Skipti koma til greina, sérstaklega eign í Öldutúnsskólahverfinu. ***Verð 39,5 millj***



**LÆKJARBERG**
121,4 fm neðri hæð í tvíbýli m/bílskúr. 2 sv.herb. Verönd. Frábær staðsetning



**FAGRABERG**
Falleg 80 fm neðri hæð í tvíbýli á frábærum stað. 2 sv.herb. Sérinngangur
***Verð 23,9 millj***



**HÓLMATÚN - LAUST STRAX**
Fallegt 132,5 fm endaraðhús á eignarlóð með sjávarútsýni. 3 sv.herb. Smekkleg eign á góðum stað.***Verð 39,9 millj***



**HÓLABRAUT**
Falleg 120 fm neðri hæð í tvíbýli á góðum stað. 3 sv.herb. ***Verð 28,5 millj***



**LINDASMÁRI - LAUST STRAX**
Sérlega falleg 92,2 fm íbúð á jarðhæð á góðum stað. 2 sv.herb. Suðurverönd og afgirt lóð. ***Verð 27,5 millj***



**GULLSMÁRI - KÓP**
Sérlega falleg 104 fm íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi. 3 góð sv.herb. Suðursvalir. ***Verð 26,3 millj***



**LYNGMÓAR - GBÆR**
Falleg 113 endaíbúð á 2. hæð m/bílskúr í góðu húsi. 3 sv.herb. Stórar svalir. Góð staðsetning. ***Verð 28,7 millj.***

> Hingað kemur mikið af fjölmiðlafólki og ferðamönnum sem halda að Íslendingar fari reglulega út í móa að kvöldlagi til að fylgjast með litlum vængjuðum og stóreygðum álfum dansa einhvers konar hipphopp eða vikivaka í kringum steina.

sína í samfélögin. Tengsl fólks við menningu fortíðarinnar séu því enn sterk á báðum stöðvum.

„Ísland var ein fyrsta fjölmenningarþjóð heims. Hingað kom fólk víðs vegar að, svo sem frá Írlandi, Skotlandi, Noregi, Danmörku og Lapplandi svo dæmi séu tekin. Með fólkinu fluttist einnig hópur kynjavera og sagna sem döfnuðu með fólkinu sem síðar varð þjóð,“ segir hann.

Verurnar fengu að lifa óvenju góðu lífi á Íslandi, þar sem klerkar innrættu Íslendingum ekki jafn mikinn guðsótta og tíðkaðist til að mynda annars staðar á Norðurlöndum. En það sem eftir eimir af þjóðtrú og sagnaarfi nágrannalandanna er einnig athyglisvert.

**Verur sem hljóta ekki náð Íslendinga**

„Í nágrannalöndum okkar voru sagðar sögur af verum eins og búálfum, í formi gardvorder, nisser og tomter, en þær bárust ekki hingað með landnámsmönnum af mismunandi ástæðum. Rætur þeirra vætta rista því grunnt í menningu Íslendinga og það kemur því ekki á óvart að tiltrú á slík fyrirbæri mælist fremur lítil hér á landi, miðað við aðrar hulduverur sem lengi hafa lifað í sögum á Íslandi.“ Terry nefnir máli sínu til stuðnings að í nýrri könnun félagsvísindadeildar um þjóðtrú töldu aðeins um níu prósent þeirra sem svöruðu líklegt eða víst að blómálfar væru til og aðeins ellefu prósent töldu tilvist búálfa líklega eða vissa. Þótt einhverjum gæti þótt þau hlutföll há segir Terry svo ekki vera þegar litið er til þess hve opnir Íslendingar eru fyrir ósýnilegum verum sem eiga tryggari stað í menningu og tungutaki þjóðarinnar, eins og draugar, svipir, huldufólk og einstaklingsfylgjur. En er það svo skrýtið að Íslendingar skuli trúa á slíkar verur?

**Terroristar og Kölski**

„Útlendingar gera stundum grín að Íslendingum vegna þess hve opnir þeir eru fyrir tilvist ósýnilegs veruleika. Sannleikurinn er þó sá að það hefur líklega bjargað alls konar fólki frá upphafi að gera ráð fyrir tilveru einhvers jafnvel þó það sjái það ekki með berum augum. Veiðimaður sem gerir ráð fyrir að hætta geti hugsanlega leynst á bak við stóran stein á jú meiri möguleika á að lifa daginn af en sá sem fer beint á bak við hann án þess að velta því fyrir sér hvort hugsanlega geti þar leynst hætta,“ útskýrir hann.

Þá bendir Terry á að frá landnámi hafi fólk sagt börnum sínum sögur af nykrinum, sem byggi í tjörnum og gæti dregið þau út í vatnið. Slíkar sögur hafi auðvitað orðið til þess að börn vöruðu sig á vatninu og þurftu foreldrar því síður að óttast að þau drukknuðu. Veröldin hefur ekki breyst svo mikið: Fólk í nútímanum, og ekki síst í nágrannalöndum, beiti enn svipuðum aðferðum til að forða börnum sínum undan hættu. Það banna þeim að fara út að leika eða gefa sig á tal við ókunnuga því við hvert fótmál virðist hryðjuverkamenn, barnaníðingar og fjöldamorðingjar leynast.

„Það er líka svolítið hlægilegt að þeir sem gera grín að þjóðtrú Íslendinga eru oft bókstafstrúarmenn á orð guðs, eða eru sannfærðir um að terroristar leynist úti um allt,“ segir Terry og hlær en bendir á að slíkur samanburður geti farið öfugur ofan í fólk.

**Veröldin breytist hægt**

Um aukinn áhuga á þjóðfræði í Háskóla Íslands í dag segir Terry: „Ég held að fólk sé farið að skilja betur að þjóðfræði snýst ekki aðeins um aldna bændur sem kveða rímur á föðurlöndum.“ Hann útskýrir að þjóðfræði eigi alveg jafn mikið við nú á tímum og hún gerði í liðinni tíð, og það sama gildi um trú og þjóðtrú. Nýir guðir hafi orðið til. Fólk hengi til dæmis upp mynd af Johnny Depp þar sem forfaðir þess hefði sett upp íkon af dýrlingi. Menn fari reglulega í bíó og fylgist hljóðir með ævintýrum risavaxinna hetja á tjaldi. Segja megi að slíkt eigi margt sameiginlegt með kirkjuferðum fyrr á tímum þar sem fólk hlustaði á sögur prestsins í andtakt. Hetjur fornaldar, svo sem þær sem birtist í Bjólfskviðu, eigi einnig margt sameiginlegt með John McClane sem berst við ógnvalda í Die Hard. Sögurnar eru svipaðar. Um leið eru ókennilegir draugar og forynjur að taka á sig ný form. Nú eru þau orðin terroristar frá löndum sem við þekkjum ekki. Veröldin breytist hægt, og ekki síst í sambandi við þjóðtrú og þjóðsögur.



ÁTAK
MEÐ FJÓLU
hefst mánudaginn 14. janúar
LÍFSTÍLSNÁMSKEIÐ
SEM STENDUR YFIR
Í ÁTTA VIKUR
ÞAR SEM MARKMIÐ
ERU SETT
OG ÞEIM NÁÐ.
Frekari upplýsingar:
MECCA SPA
www.meccaspa.is
og sími 511-2111





**NÝ RÍKISSTJÓRN** Þráinn spáði því á kjördag að Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gengju í eina sæng að loknum alþingiskosningum. Hann var sannspár.



**ÞAÐ ER EKKI ÞÚ, HELDUR ÉG** „En yfirlýsing um að stjórn D og B geti setið áfram finnst mér álíka trúverðug og ef einhver lýsti því yfir að hann ætlaði að ganga með ömmu sinni á Everest þegar allir vita að amman er í öndunarvél,“ reit Þráinn mánudaginn 14. maí. Þremur dögum síðar dró til tíðinda: „Nú sé ég í netfréttum að Geir er hættur í áfallahjálpinni, búinn að skrúfa fyrir öndunarvélina og hættur við að þræla Jónka upp á Everest með sér.“

# Myndaalbúm Dagbókar Þráins 2007

Í Dagbók Þráins segir *Þráinn Bertelsson* frá lífinu og tilverunni eins og hún kemur honum fyrir sjónir í viku hverri. *Bergsteinn Sigurðsson* blaðamaður og *Kristinn Gunnarsson* myndvinnslumaður, sem hafa veg og vanda af myndskreytingu dagbókarinnar í samvinnu við Þráin, völdu nokkrar myndir sem vöktu athygli á liðnu ári.





**MEÐ SVONA GÓÐA VINI** ... Vikan 7. til 13. október var tíðindamikil. „Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar Gísli Baldursson lýsti því yfir með blíðu brosi á blaðamannafundi í Ráðhúsinu um að allir í borgarstjórnarmeirihlutanum væru ofsalega góðir vinir,“ skrifaði Þráinn. „Það vantaði bara að innsigla vináttuna með kossi. Með svona góða vini þarf Villi ekki á óvinum að halda.“



**D-DAGUR** „Það hefði verið gaman að labba niður að Tjörn til að sjá Dag B. Eggertsson bera Björn Inga í fanginu yfir þröskuld Ráðhússins í upphafi þeirra búskapar,“ skrifaði Þráinn 11. október, á „D-degi REI-listans“.



**EIN STÓR FJÖLSKYLDA** Það fór ekki fram hjá Þráni þegar Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, skipaði Þorstein Davíðsson héraðsdómara í árslok, þótt matsnefnd hefði metið þrjá hæfari. „„Nepótismi“ er það kallað þegar ættingjum valdhafa er hyglað eða potað í embætti með einum eða öðrum hætti og „cronyism“ er hið alþjóðlega heiti á hugtaki sem svipar til „einkavinavæðingar“ á okkar máli. Mikið er gott að íslenskir stjórnmálamenn skuli vera hjartahreinir og frábitnir allri spillingu.“

Hefur gæðin

# Frumsýning í dag

Líttu við og gæddu þér á Pepsí og pylsum.




„Fallegur? Já kannski..."
„En kann hann að gelta, sækja blaðið eða gæta hússins?"

## Hyundai i30. Nýi besti vinur þinn!

Komdu og reynsluaktu! Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu

B&L

Með bílinn handa þér

Nýjasti meðlimur Hyundai-fjölskyldunnar er vinur í raun. Hann er fagur á að líta að innan sem að utan, sparneytinn en kraftmikill í senn og á verði sem vekur verðskuldaða athygli. **Verð frá kr. 1.840.000.** Fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur, bensín og dísel.*

HYUNDAI www.hyundai.is Opið frá kl.12-16 bæði sunnudag og laugardag

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

* **Staðalbúnaður í Hyundai i30:** Árekstrarvörn, ABS-TC-ESP búnaður, tvöfaldir styrktarbitar, 8 loftpúðar, Isofix festingar, útihitamælir, iPod, USB og AUX- tengi, hiti í framrúðu, samlitir stuðarar og reyklitað gler.

## Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar 2008 og 2009

### FERÐAÞJÓNUSTA

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita alls 160 milljónum króna til eflingar ferðaþjónustu á þeim svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti vegna skerðingar á veiðiheimildum.

**Auglýst er eftir umsóknum um stuðning við verkefni til atvinnusköpunar í ferðaþjónustu á ofangreindum svæðum. Umsækjendur geta verið sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki og er hámarksstyrkur til hvers verkefnis 8 milljónir kr.**

Verkefnin verði unnin á árunum 2008-2009 og verður styrkurinn greiddur í tvennu lagi, helmingur hvort ár. Seinni greiðslan er háð árangursmælingu í samræmi við ákvæði í umsókn, en hver umsækjandi gerir tillögu að árangursmælikvarða fyrir viðkomandi verkefni.

Við afgreiðslu umsókna verður sérstaklega litið til langtímaáhrifa verkefna á sköpun nýrra starfa á svæðunum og hversu hratt störfin geta orðið til. Ekki er um að ræða styrki til menntunar eða rannsókna.

Umsóknum skal skila á sérstökum umsóknareyðublöðum, sem hægt er að nálgast á vefsíðum Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) og Ferðamálastofu (www.ferdamalastofa.is)

**Umsóknum skal skila til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða Ferðamálastofu, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík fyrir 5. febrúar 2008.**

Byggðastofnun | IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board


**Auglýsingasími**

**512 50 50**



– Mest lesið






*Sveiflaðu þér í form!*

**Kennum samkvæmisdans fyrir alla aldurshópa og tökum yngst fjögurra ára**

**Sérnámskeið í Salsa**

Gríðarleg reynsla kennara eftir sex námsferðir til Kúbu



**Sérnámskeið í Hipp Hopp og Freestyle**

Hipp hopp snillingurinn Erla kennir bestu taktana

**Reykjavík – Mosfellsbær – Hveragerði**

Fyrstu hóparnir byrja **08.janúar 2008**. Innritun og upplýsingar í síma **551-3129 frá 16:00 – 22:00** daglega






# STUÐ MILLI STRÍÐA Hver á þennan bústað, já eða nei?

**ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR** FÍLAR STELLU LÖVE



Jólafrí er tilvalinn tími til að slaka á og liggja fyrir framan sjónvarpið. Sérstaklega ef skemmtilegt sjónvarpsefni hefur leynst í pökkunum. Þannig var það einmitt í mínu tilviki. Í einum af jólapökkunum var uppáhaldsmyndin, Stella í orlofi. Komin á DVD og því ekki lengur nauðsynlegt að horfa á gömlu spóluna sem fékkst frítt með SS-pulsupakka á sínum tíma. Ég get ekki talið öll þau skipti sem ég hef séð myndina, en það skiptir engu hversu oft horft er á hana, aldrei veldur hún vonbrigðum. Þangað til í vikunni voru reyndar liðin þónokkuð mörg ár frá því að ég sá hana síðast – eiginlega of mörg. Þess vegna var tilhlökkunin rosalega mikil þegar ég settist niður í góðra vina hópi og myndin var sett af stað. Strax í fyrsta atriðinu byrjuðu hlátrasköllin, og þau hættu ekki fyrr en að myndinni lokinni.

Sumu af því sem hlegið var að fyrir mörgum árum var aftur hlegið að í þetta skiptið – klassískum bröndurum sem allir alvöru aðdáendur kunna utan að. En eins og með allar góðar myndir uppgötvast nýir brandarar og smáatriði í hvert skipti sem á þær er horft, sama hversu oft það er. Og þegar ekki var verið að hlæja að bröndurunum sjálfum var alltaf hægt að hlæja að hárgreiðslum og klæðaburði, sem á köflum var fyndnari en nokkur brandari. Hvert einasta atriði myndarinnar er fyndið, og hver einasti leikari stendur fyrir sínu.

Í framhaldinu fór ég að pæla í hugmyndaflugi handritshöfunda á Íslandi, sem er oft á tíðum óvenjulegt og skemmtilegt. Þegar ég renndi yfir uppáhalds íslensku kvikmyndirnar mínar gerði ég mér grein fyrir því að margar snúast þær um afskaplega óvenjulega hluti. Aldrei minnist ég þess til dæmis að hafa séð góða, bandaríska bíómynd sem í grunninn snýst um leit að týndri fjarstýringu, eins og ein af uppáhaldsmyndunum mínum fjallar um. Og misskilningur sem veldur því að maður á leið í meðferð hjá SÁÁ fer með-í-ferð í Selá er nokkuð sem fáum hefði getað dottið í hug.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Reykjavík styrkir listir

Við athöfn í Iðnó á föstudag voru styrkir Reykjavíkurborgar til menningarstarfsemi afhentir. Formaður menningar- og ferðamálaráðs, Margrét Sverrisdóttir, afhenti styrkina 48 sem veittir eru til verkefna og liststarfsemi 2008, samtals að upphæð 26 milljónir króna, og er það tæplega sex milljón króna hækkun frá síðasta ári. Jafnframt samþykkti ráðið að veita tvo styrki samtals að upphæð 700 þús. kr. af fjárveitingu ársins 2007.

Ísafold - Kammersveit var valin Tónlistarhópur Reykjavíkur 2008 og hlýtur þess vegna styrk sem nemur tveimur milljónum króna. Stjórnandi Ísafoldar er Daníel Bjarnason. Í greinargerð fagnefndar segir: „Ísafold kom nýlega fram á sjónarsviðið með miklum sprengikrafti og árið 2008 mun hún fagna sínu fimmta starfsári. Hljómsveitin, sem skipuð er ungu og efnilegu tónlistarfólki, hefur sýnt og sannað að hún hefur getu og vilja til þess að stuðla að áhugaverðri nýbreytni og þróun á sviði tónlistar. Einstakur metnaður einkennir fjölbreytta verkefnaskrá þeirra og samstarf við aðra listamenn, listgreinar og listastofnanir. Í byrjun ársins 2005 var Ísafold tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem bjartasta vonin í flokki sígildrar tónlistar.“

Hæsta styrkinn, að upphæð tvær milljónir króna, hlaut Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð sem er nýmæli á sviði leiklistar í borginni sem nú er í undirbúningi og sækir mál sitt af metnaði: segist ætla að gefa „borgarbúum færi á að upplifa nýjustu strauma og stefnur í leiklist með sýningum sem taldar eru þær markverðustu í leikhúslífi Evrópu og Bandaríkjanna þá stundina“.

Kling og Bang fær milljón í styrk á þessu ári. Hópurinn hefur haldið úti sýningaraðstöðu fyrir samtímalist í rúm fjögur ár en stóð einnig á bak við Listverksmiðjuna Klink og Bank. „Frumkvæði þeirra og framtak hefur greitt fyrir kynningu á myndlist og listafólki bæði hérlendis og erlendis sem leitt hefur til gróskumikilla tengsla og samstarfsverkefna og gert borgina ríkari sem menningarborg fyrir vikið,“ sagði í niðurstöðum ráðsins.


**MENNING** Frá veitingu styrkja Reykjavíkur til víðtæks menningarstarfs í höfuðborginni á komandi ári.

Þá taka við hinir smærri styrkir: 800 þús. kr. styrk hlutu: Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn í gamla íshúsinu við Tjörnina, Tjarnarbíó, Ívar Örn Sverrisson leikari vegna leikverksins Óþelló sem hann hefur í undirbúningi og dansleikhúshópurinn Panic Production.

700 þús. kr. styrk hlutu: Blúshátíð í Reykjavík og Kvikmyndafélag Íslands ehf. – Stuttmyndadagar í Reykjavík.

600 þús. kr. styrk hlutu: Guðmundur Arnar Guðmundsson v. Heims sýnar, Höfundamiðstöð Rithöfundasambands Íslands og myndlistarhátíðin Sequences.

500 þús. kr. styrk hlutu: Atonal Future, Draumasmiðjan ehf., Hallfríður Ólafsdóttir, Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan, Kristín Mjöll Jakobsdóttir v. Hnúkaþeys, List án landamæra, Listfélag Langholtskirkju, Mýrin - félag um barnabókmenntahátíð, Nordic Affect, Múlinn Jazzklúbbur, Númer 9 ehf. – Ísold Uggadóttir, Samband ísl. myndlistarmanna v. Metropolis, Sjónauki, Sviðslistahópurinn 16 elskendur, Torfusamtökin og Örn Magnússon.

400 þús. kr. styrk hlutu: Halaleikhópurinn, Hinsegin bíódagar, Kammerkórinn Carmina, Kolbeinn Bjarnason, Leikminjasafn Íslands, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Ólöf Ingólfsdóttir, Músík og saga ehf., Nýhil, Reykjavík Documentary Workshop, Sigurður Flosason og Sjóminjasafnið.

300 þús. kr. fá Amínamúsík, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra tónlistarmanna, Húsfélag alþýðu, IBBY á Íslandi, Ingibjörg Hannesdóttir, Stuttmyndahátíðin Ljósvakaljóð, Rúnar Ingi Einarsson, Tangófélagið, Bryndís Halldórsdóttir og TFA - áhugamannafélag. Að auki var veitt af fjárveitingu síðasta árs 350 þúsund krónum til Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins.

Samstarfssamningar til allt að þriggja ára eru veittir listahópum eða menningarstofnunum sem sannað hafa gildi sitt í reykvísku menningarlífi, hafa náð afbragðs árangri og geta með rökstuddum umsóknum sýnt fram á framkvæmdagetu og fjármögnunarleiðir til að reka þá liststarfsemi sem óskað er eftir samstarfi um. Þeir voru ekki auglýstir að þessu sinni, en nú er 41 slíkur samningur í gildi sem nema samtals 54,7 m. kr. á árinu og renna átta þeirra út í árslok. Verður því meira til skiptanna á næsta ári.

pbb@frettabladid.is

# Álfar og Vínartónlist

Vínartónleikar fara fram í tónleikahúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit í dag kl. 15. Þar kemur fram Salonsveit Sigurðar I. Snorrasonar og söngkonan Hulda Björk Garðarsdóttir.


**HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR** Syngur með Salonsveit Sigurðar I. Snorrasonar á vínartónleikum í Laugarborg í dag.

Salonsveitina skipa þau Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Pálína Árnadóttir fiðluleikari, Sigurgeir Agnarsson sellóleikari, Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari, Martial Nardeau þverflautuleikari, Sigurður I. Snorrason klarinettuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Pétur Grétarsson slagverksleikari.

Á efnisskrá tónleikanna verður ýmis Vínartónlist eftir meðal annarra þá Josef og Johann Strauss. Tónleikarnir hefjast á nokkrum íslenskum álfalögum.

Miðaverð er 2.500 kr. og boðið verður upp á freyðivín í hléi. - vþ




Kvennakór Reykjavíkur

Fyrsta æfing vorsins verður miðvikudaginn 9. janúar kl. 20:00 í sal ÍSOR að Grensásvegi 9. Við getum bætt við félögum í allar raddir. **Ef þú ert áhugasöm um söng ættir þú að hafa samband við okkur í síma 896-6468 eftir kl. 17 og láta í þér heyra.** Kórinn æfir á mánudögum kl. 18:30 og á miðvikudögum kl. 20. Hlökkum til að sjá þig!

**Senjoritur Kvennakórs Reykjavíkur** æfa á mánudögum kl.16 í sal ÍSOR að Grensásvegi 9. Fyrsta æfing vorsins verður mánudaginn 7. janúar kl. 16. Kórinn er ætlaður konum 60+. Skráning nýrra kórfélaga í síma 896-6468 eftir kl. 17.

# Stærsta bygging heims rís í Moskvu

Borgarstjórn Moskvu hefur samþykkt að þar muni rísa heimsins stærsta hús. Eins og vænta mátti hafa Moskvubúar skiptar skoðanir um þessa ákvörðun og á meðan sumir fagna henni vilja aðrir meina að byggingin verði lýti á ásjónu borgarinnar.

Gólfflötur byggingarinnar, sem hönnuð er af breska arkitektinum Norman Foster, verður hvorki meira né minna en tvær og hálf milljón fermetra að flatarmáli. Í húsinu verða 3.000 hótelherbergi, 900 íbúðir og skóli. - vþ


**KHAN SHATYRY** Bygging teiknuð af Norman Foster sem svipar til þeirrar sem mun rísa í Moskvu.

ÓPERUFERÐ TIL NEW YORK



**Vinafélag Íslensku óperunnar stendur fyrir ferð í Metropolitan-óperuna í New York 4.-11. maí 2008.**

Boðið verður upp á eftirfarandi óperusýningar í ferðinni:
**Brottnámið úr kvennabúrinu** eftir Mozart með Diönu Damrau, Matthew Polenzani og **Kristni Sigmundssyni.**
**Macbeth** eftir Verdi með Carlos Alvares, Andreu Gruber og René Pape.
**The First Emperor** eftir Tan Tun með **Plácido Domingo**.

**Boðið verður upp á aðra menningartengda atburði og verður því um allsherjar menningarferð að ræða.**

**Fararstjórar eru Tómas H. Heiðar, stjórnarformaður Vinafélags Íslensku óperunnar, og Edda Jónasdóttir, starfsmaður markaðssviðs Íslensku óperunnar.**

Edda Jónasdóttir veitir nánari upplýsingar og annast skráningu í síma 562-1077 kl. 10-16.
Einnig er unnt að senda tölvupóst á edda@opera.is.

**Upplýsingar um ferðina má finna á www.opera.is undir Vinafélagið.**

Vinafélag

í samstarfi við Vesturport

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

11. janúar
19. janúar
25. janúar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið
Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku
Einkatímar: kr. 47.000-
Geisladiskur með upptöku nemanda í lok námskeiðs.
Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-
Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is
**Öll stílbrigði !**
**Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna**

**Gítarkennsla er okkar fag !**
Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

Dansnámskeið Þjóðdansafélags Reykjavíkur

Gömludansanámskeiðin hefjast 7. janúar.
Opið hús 9. janúar.

Upplýsingar í síma 587 1616
Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14a

# Sest undir Pressu

Annar þáttur Pressu líður yfir skjái þeirra landsmanna í kvöld sem eru áskrifendur hjá 365 að Stöð 2 og fylgistöðvum. Þessi nýja sakamálaröð er rétt að byrja og tekur raunar ekki almennilega við sér fyrr en dregur að lokum þáttar kvöldsins. Þó eru mörg einkenni hennar orðin skýr. Þar er fylgst með störfum ungrar konu einhleyprar á blaði sem á að minna á mörg liðin síðdegisblöð sem flest renna saman í minninu. Hún fæst við fréttir tengdar mannshvarfi, verður að koma sér fyrir á nýjum starfsvettvangi og mætir þar svölum strákum og einni kerlingu úr blaðamannastétt: aðrar persónur eru barnsfaðir hennar (kennari í bókmenntum í Háskóla Íslands), dóttir þeirra, afinn, eiginkona hins horfna manns (sjónvarpsþula), þingmaður með áfengisvanda og rétt tæpir í lögguna í fyrsta þættinum.

Það eru Sigurjón Kjartansson, rokksöngvari, Tvíhöfði og Fóstbróðir með meiru, og Óskar Jónasson sem bera ábyrgð á pródúktinu, kalla að vísu til samtalshöfunda sem komið hafa nærri glæpasagnageiranum íslenska, en þeir eiga söguna, hafa dregið persónur helstu dráttum, ráða útliti, ham verksins ef svo má segja.

Hér er allt á björtu hliðinni, enda fóru tökur fram að sumri til, eilífur dagur er í lífi allra, lýsing björt, förðun er ekki fegrandi, fatastíll hversdagslegur. Hér er semsagt unnið með eftirlíkingu, stílfærsla í þágu efniviðar víkur, andstætt til dæmis stílnum á Forbrydelsen sem Stöðvar 2 menn vilja keppa við um áhorf, þar sem allt er dimmt, lýsing er dramatísk og leggur alla áherslu á þunga og alvöru glæps sem skal upplýsa. Morð og myrkraverk í dagsbirtu verða einhvern veginn hjárænuleg. Dagtökur eru enda hagræns eðlis. Stutt síðan áskrifendur Stöðvar 2 sáu hvað myrkrið hentar myndlegri frásögn, jafnvel gamanmálum, eins og Næturvaktin sýndi.



**SJÓNVARP** Hluti af leikarahópnum í Pressu. Fremst er hin geðþekka unga blaðakona sem Sara Dögg Ásgeirsdóttir leikur.

**LEIKLIST**

**Pressa - 1. þáttur af 6.**

Höfundar: Sigurjón Kjartansson og fleiri

Leikstjóri: Óskar Jónasson

Framleiðandi: Saga Film fyrir Stöð 2

★★

Dauft upphaf á krimma - eða drama? Átakalítið en snoturt.

Fyrsti þáttur Pressu var raunar líkari átakanlegri sögu af þrautum einstæðrar móður á vondum bíl með veikt barn en yfirvofandi krimma. Samtöl eru víða dauðyflislega innantóm og sá „létti blær“ sem ríkir á síðdegisblaðinu full þunnur, persónurófið á þeirri stofu takmarkast við fjóra og ekki er mikið líf í ritstjórninni. Þetta er ekki ósannfærandi í leik en ósköp hafa þau úr litlu að moða. En hver veit nema Eyjólfur hressist.

Fræga fólkið, Jakob Þór, Nanna Kristín og í kvöld Sveinn Geirsson, eru talsvert stærri þótt ekki séu þetta meitlaðir persónuleikar. Nútíminn hefur fært okkur tvö ný samskiptasvið í krimmann: samtal í GSM-síma og akstur á bíl. Á báðum stöðum seytlar úr upplýsingaveitunni fyrir áhorfanda, athöfn verður í lágmarki og fábreytni í mynd allsráðandi. Handritshöfundar ættu að forðast slíkar senur, rétt eins og innakstur á bílaplan, bíl sem stöðvast og manneskja stígur út. Það eru dauðablettir í sögu, töf, hik. Eins eiga menn að forðast hraðatökur af gatnamótum til að lýsa tímabreytingum.

Efni af þessu tagi af íslenskum stofni er vandasamt. Samkeppnin er við framleiðendur sem vinna á mun stærri skala og hafa flestir áratugareynslu af frásögn sem þessari. Pressa verður ekki bara borin saman við það besta í sjónvarpskrimmum heldur líka allt miðjumoðið, jafnvel það versta. Þótt handritshöfundar hafi flækt sér inn í persónulegt líf söguhetjunnar hvað varðar umönnun barns og samskipti við fyrrverandi eiginmann (við höfum enn ekki séð fataþvott, kökubakstur, samkvæmis- og kynlíf) standa vonir til að í þriðja og fjórða þætti fari að hitna í kolunum. Þess sjást þegar merki í þætti kvöldsins.

Spyrjum að leikslokum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS LÚXUS | kl. 12.30 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 8 - 10 ENSKT TAL | |
| HITMAN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 2 - 4 - 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu — 5%

| | | |
|---|---|---|
| I´M NOT THERE | kl. 3 - 6 - 9 ótextuð | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3 - 5.45 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| I AM LEGEND | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NANNY DIARIES | kl. 4 - 8 - 10 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 3 - 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| NAT. TREASURE 2 DIGITAL | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| I AM LEGEND | kl. 5:30 - 8 - 8:20 - 10:30 - 10:40 | 14 |
| I AM LEGEND | kl. 12:30 - 3 - 5:30 | VIP |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 12:30D - 3D - 5:30D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 1 - 3:30 - 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| FRED CLAUSE | kl. 12:30 - 3 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 1 - 3:30 | L |
| BEE MOVIE M/- Ensku TAL | kl. 1 - 5:30 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8D - 10:10D | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30D - 3:40D | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| FRED CLAUSE | kl. 10:10 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30D - 3:30D | L |
| BEOWULF | kl. 5:50(3D) | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| TÖFRAPR.. M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SAW IV | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 4-6-8-10 | 12 |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 2 | 10 |
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30- 8 -10:40 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 8:10 - 10:30 | 14 |
| ALVIN OG Í... M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 - 3:40 | L |
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 - 3:50 -6 | L |

SparBíó 450kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus — GLEÐILEGT ÁR




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 2, 5, 8 og 10.30 | 12 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2, 5, 8 og 10.15 | 10 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 8 og 10 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!









## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Pamela Anderson** hefur endanlega ákveðið að skilja við þriðja eiginmann sinn, **Rick Salomon**. Strandvarðagellan fyrrverandi sótti um skilnað 14. desember síðastliðinn eftir tveggja mánaða hjónaband en tilkynnti þremur dögum síðar að þau Rick ætluðu að reyna að leysa ágreining sinn. Lögfræðingur Pamelu lagði svo fram kröfu um skilnað hinn 28. desember. Pamela var áður gift **Kid Rock** og þar áður tilvonandi Íslandsvininum **Tommy Lee**. Salomon var hins vegar kvæntur **Shannon Doherty** og **Elizabeth Daily**. Frægastur er hann þó fyrir kynlífsmyndband sitt með **París Hilton**.



Söngkonan **Natalie Imbruglia** er skilin við eiginmann sinn, söngvarann **Daniel Johns** úr hljómsveitinni Silverchair. Hjónabandið entist í fjögur ár en þau giftu sig á gamlárskvöld 2003. Ástæður skilnaðarins eru langar fjarvistir vegna vinnu þeirra. „Kröfur vegna ferils okkar og það að búa í sitthvorum heimshluta hafa gert þessa erfiðu ákvörðun nauðsynlega. Við höfum vaxið í sundur við það að geta ekki eytt nægum tíma saman," sagði í sameiginlegri yfirlýsingu þeirra.



**Geri Halliwell** segir ekkert hæft í fréttum þess efnis að meðlimir Spice Girls fái 1,5 milljarða í laun fyrir tónleikaferðalag sitt um heiminn. Ólíklegt sé að þær græði nokkuð á ferðinni. „Við förum í þessa ferð fyrst og fremst til að heiðra aðdáendur okkar, tónlistina og okkur sjálfar. Þetta snýst ekki um peninga þó við vonumst eftir því að koma út á sléttu eða jafnvel í plús."



Leikkonan **Drew Barrymore** hefur sett mikla pressu á kærastann sinn um að bera upp bónorðið. Þó að ekki séu nema fimm mánuðir síðan þau kynntust er Drew sannfærð um að **Justin Long** sé rétti maðurinn fyrir sig. Þetta yrði þá þriðja hjónaband leikkonunnar, sem áður var gift **Jeremy Thomas** og **Tom Green**. „Hún sagði Justin að nýársheiti hans ætti að verða að biðja hana að giftast sér," sagði vinur Drew.


# GEGGJUÐ RÝMINGARSALA

NÚ VERÐUR ALLT BRJÁLAÐ!!!

ATH. Erum með 60 potta á gólfi.

Rýmum fyrir árgerð 2008.
Seljum alla potta árgerð 2007 á hrikalegu verði.
Það er núna eða aldrei. Hvað er betra en að hafa rjúkandi heitann pott í garðinum sínum og slappa vel af í skammdeginu!!!!!

Arctic Spas eru Kanadiskir gæðapottar
Arctic Spas eru sterkir pottar og þola íslenskt veðurfar
Arctic Spas þola allt niður að -50gr frosti



Seljum einnig Panasonic Nuddstóla.
Þetta eru stólar sem þola næstum allt.
2 ára ábyrgð. Gæðastólar



Vorum að taka á móti heilum gám.
Allt fyrir spilaherbergið, Pókerborð,
Billiardborð, spilastólar, Barir og fleira og fleira.
Allt unnið úr gegnheilum við (Aski) frá Kanada



Eigum mikið úrval af plast tröppum ásamt vönduðum tröppum úr sérvöldumsedrusviði.



Bryggjuborð úr Azoba tré.
Dönsk hönnun, dönsk gæði,
dönsk vara, lífstíðar ending.
Þetta eru framtíðarútihúsgögn.



Opið alla helgina.
Föstudag 10.00 -18.00
Laugardag 10.00 -18.00
**ATH. Opið í dag**
**Sunnudag 12.00-18.00**

**Artic Spas Faxafeni 9 (ATH: aðkoma í kjallara bakhús)**
**Sími 554 7755 www.articspas.is & www.heitirpottar.is**



Office 1 Superstore

# Skeifan opin í dag 12 og 17



## > Hlynur er ekki hjátrúarfullur

Það vakti athygli í leik Snæfells og Njarðvíkur í gær að Hlynur Bæringsson mætti í treyju númer 8 en hann hefur verið í treyju númer 4 til þessa í vetur. „Jón vildi fá fjarkann og ég lét hann bara fá treyjuna. Mér er sléttsama hvaða númer ég ber á bakinu enda ekki hjátrúarfullur. Það var átta núna, tían í fyrra og hver veit hvað ég mæti með næst. Annars lentum við næstum í vandræðum út af þessu því við gleymdum að breyta skýrslunni og láta dómarana vita. Það slapp þó fyrir horn,“ sagði Hlynur.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HLYNUR SIGMARSSON:** LEIKUR GUMMERSBACH OG FLENSBURG LÍKLEGA EKKI Á ÍSLANDI EFTIR ALLT SAMAN

# *Draumurinn dáinn og Hlynur farinn í megrun*

Það lítur því miður allt út fyrir að draumur Hlyns Sigmarssonar um að halda leik Flensburg og Gummersbach hér á landi í upphafi febrúar sé dáinn. Hlyni hefur ekki tekist að finna stóra styrktaraðila á viðburðinn og málið þar af leiðandi sjálfdautt.

„Ég talaði talsvert við Kaupþing um málið en þeir höfðu ekki áhuga á að taka þátt, sem mér fannst miður. Ég hef í kjölfarið svo gott sem lagt niður vopnin enda hef ég ekki endalausan tíma. Svo hef ég ekkert heyrt frá forráðamönnum Flensburg síðasta mánuðinn þannig að líklega eru þeir bara búnir að finna nýjan stað fyrir leikinn,“ sagði Hlynur. Heyra mátti að hann var mjög svekktur að sjá stóra drauminn deyja en hann hafði allan tímann fulla trú á því að hægt væri að halda leikinn hér á landi.



Hann segist vera hissa á því hversu lítinn áhuga stórfyrirtækin hafi á að tengja sig við slíkan stórviðburð miðað við margt annað sem þau setji peninga í.

„Þau eyða kannski tugum milljóna í eina auglýsingu en það þarf ekki einu sinni það mikinn pening til að setja upp flottasta handboltadag sögunnar hér á landi.“

Hlynur er mikið ólíkindatól og nýjasta uppátæki hans er að skora á kvennalið Gróttu í keppni. Hlynur hefur ákveðið að fara í megrun og segist ætla að missa fleiri kíló fyrir lokahóf HSÍ en lið Gróttu fær í N1-deildinni eftir áramót. Alls eru 26 stig í boði fyrir Gróttustúlkur þannig að Hlynur gæti þurft að hafa sig allan við til að vinna það veðmál en sá sem tapar býður hinum í mat. „Ég hef ekki enn fengið svar frá Alfreð og Gróttustelpunum hvort þau séu klár í slaginn en þó svo að þau verði ekki klár fer ég bara samt í keppni við þau. Það er samt vonandi að þau taki slaginn,“ sagði Hlynur, sem stefnir því að fara í formlega vigtun með vitnum á næstu dögum.





**11 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA**



**JOHNNY JENSEN** Segir Norðmenn ekki líka að spila við íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Johnny Jensen:

## Vorum ekki nógu agaðir

**HANDBOLTI** Norski harðjaxlinn Johnny Jensen var ekki nógu sáttur með að hafa aðeins gert jafntefli við Ísland á LK Cup í gær.

„Við þurfum að vera miklu agaðri. Við leiddum með fjórum mörkum og þá fara menn að skjóta of snemma í stað þess að vera agaðir og bíða eftir góðu færi,“ sagði Jensen frekar ósáttur við NTB eftir leikinn.

Norðmenn byrjuðu síðari hálfleikinn með miklum látum og komust í 19-15. Þá kom íslenska liðið aftur til baka.

„Ísland er ekki lið sem okkur finnst gott að spila á móti en við verðum að læra af mistökum okkar hér í dag,“ sagði Jensen. Norðmenn hvíldu Steinar Ege, Frode Hagen og Glenn Solberg í leiknum og munaði um minna fyrir norska liðið. - hbg

# Margt jákvætt í okkar leik

**Ísland og Noregur gerðu jafntefli, 28-28, í öðrum leik liðanna á LK Cup í Danmörku í gær. Landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason var tiltölulega sáttur við leik sinna manna og margir að spila ágætlega. Lokaleikurinn er við Dani í dag.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið gerði jafntefli við Norðmenn á LK Cup í gær, 28-28. Íslenska liðið leiddi með tveim mörkum í leikhléi, 14-12, en gaf verulega eftir í upphafi síðari hálfleiks og leikurinn var í járnum allt til loka. Norðmenn fengu tækifæri til þess að klára leikinn en Hreiðar Guðmundsson varði lokaskot leiksins frá Íslandsbananum Kjetil Strand sem gerði 19 mörk gegn Íslandi á EM í Sviss.

„Við leiddum eiginlega allan fyrri hálfleikinn sem var vel spilaður af okkar hálfu. Sóknarleikurinn var agaður þó svo við höfum ekki verið að klára skotin nægjanlega vel. Varnarleikurinn var einnig mjög góður og Birkir í ágætu formi fyrir aftan vörnina. Síðari hálfleikur var ekki eins góður. Við réðum þá ekkert við línumann Norðmanna og vorum að láta reka okkur of mikið af velli. Birkir fann sig ekki en Hreiðar kemur inn undir lokin. Byrjar ekki vel en ver vel á síðustu mínútunum. Við hefðum getað tapað leiknum og við hefðum líka hæglega getað unnið hann,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir leikinn.

### Einar og Ólafur voru mikið mun sterkari í dag

„Miðað við hvernig leikurinn þróaðist er ég þokkalega sáttur við úrslitin þó svo ég hefði viljað fá sigur. Aftur á móti er margt jákvætt í okkar leik á þessu móti. Einar Hólmgeirsson kom sterkari inn núna og Ólafur Stefánsson var miklum mun betri núna en gegn Pólverjum.

Arnór átti köflóttan fyrri hálfleik en var samt að gera fína hluti að mínu mati, Logi Geirsson átti fína spretti í síðari hálfleik en það sem ég er ósáttastur við er hversu illa við kláruðum skotin. Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur fundu sig ekki alveg. Snorri átti fínan fyrri hálfleik en það fjaraði undan honum í þeim síðari,“ sagði Alfreð en hann skipti minna gegn Norðmönnum en gegn Pólverjum.

Markverðirnir vörðu aðeins tólf bolta að þessu sinni en Alfreð var samt þokkalega sáttur við þeirra framlag.

„Varnarvinnan var líka fín og Birkir átti góða kafla. Aftur á móti vörðum við síðan ekki bolta á 20 mínútna kafla og það er náttúrlega ekki ásættanlegt,“ sagði Alfreð en hvernig leggur hann upp leikinn gegn Dönum í dag?

„Menn eins og Einar verða að fá að spila ef ég ætla að hafa hann í standi í Noregi. Bjarni Fritzson er kominn út þannig að hann fær eitthvað að spila og Ólafur fær meiri hvíld fyrir vikið. Við ætlum samt í leikinn til að vinna og munum ekki gefa neitt eftir,“ sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is



**ÓLAFUR HEITUR** Ólafur Stefánsson átti mjög fínan leik gegn Norðmönnum í gær og skoraði sjö mörk úr níu skotum. Hann fær aðeins meiri hvíld gegn Dönum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚRSLIT

*LK Cup*

**Ísland-Noregur** **28-28 (14-12)**
**Mörk Íslands (skot):** Ólafur Stefánsson 7/2 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (6), Einar Hólmgeirsson 4 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 3/1 (7), Logi Geirsson 3 (4), Arnór Atlason 2 (5), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (5), Hannes Jón Jónsson 1 (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 8, Hreiðar Guðmundsson 4.
**Mörk Noregs:** Kristian Kjelling 5/1, Rune Skjærvold 4/2, Kjetil Strand 4/2, Frank Løke 3, Håvard Tvedten 3, Thomas Skoglund 3, Børge Lund 2, André Jørgensen 2, Erlend Mamelund 1, Bjarte Myrhol 1.
*Áhorfendur: 750.*
**Danmörk-Pólland** **31-30**



**DANIEL NARCISSE** Ekki á leið til Gummersbach á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Narcisse til Gummersbach?

## Ekkert til í þessari frétt

**HANDBOLTI Þýskir fjölmiðlar greindu frá því á dögunum að svo gæti farið að Frakkinn Daniel Narcisse gengi aftur í raðir Íslendingaliðsins Gummersbach eftir aðeins ár í Frakklandi. Alfreð Gíslason, þjálfari Gummersbach, segir fréttina vera ranga.**

**„Þetta er algjörlega tilbúin frétt. Þetta blað þarf nú venjulega ekki nema hálft orð svo það skili sér í frétt. Við höfum ekki verið á eftir Narcisse og mig grunar að blaðið hafi einfaldlega verið í vandræðum með að fylla plássið á síðunum hjá sér,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið.** - hbg

Boltinn er hjá okkur

Arsenal - Newcastle
29.-30. janúar
Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

West Ham - Birmingham
8.-10. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

Arsenal - AC Milan
20.-21. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Detroit Pistons og Boston Celtics á mikilli siglingu í NBA-deildinni:

## Ellefu sigurleikir í röð hjá Pistons

**NBA** Það er gríðarleg sigling á Detroit Pistons og Boston Celtics í NBA-deildinni þessa dagana en gott gengi liðanna hélt áfram aðfaranótt laugardags. Þá vann Detroit sinn ellefta leik í röð en Boston sinn áttunda. Lengsta sigurgangan á þessari leiktíð er hjá Portland, sem vann þrettán leiki í röð áður en liðið tapaði fyrir Utah.

Detroit fór illa með Toronto og vann stórsigur, 101-85. Varamenn Pistons áttu frábæra innkomu og lögðu grunninn að sigrinum.

„Við höfum áður farið á slíka siglingu en það sem er hvað ánægjulegast við gengið núna er hversu mikið framlag við fáum frá bekknum. Varamennirnir eru að skila gríðarlega mikilvægu verki á erfiðum augnablikum leikjanna,“ sagði Tayshaun Prince, leikmaður Pistons, en hann skoraði tíu stig og gaf einar ellefu stoðsendingar.

Boston lenti í óvæntu basli gegn Memphis á heimavelli en Memphis hefur aðeins unnið níu leiki í vetur. Varamaðurinn Tony Allen átti frábæran leik fyrir Celtics og steig upp þegar Ray Allen var ekki að finna sig. Ray klúðraði öllum níu skotum sínum en setti niður tvö vítaskot þegar innan við tíu sekúndur voru eftir af leiknum. Það var hans framlag til leiksins.

Detroit tók síðan á móti Boston í uppgjöri þessara liða í nótt. Síðasti tapleikur Boston var einmitt gegn Detroit í desember.

„Ég held að leikmenn hafi verið fullmikið með hugann við Detroit-leikinn,“ sagði Doc Rivers, þjálfari Boston. Tony Allen skoraði 20 stig í leiknum en stjörnurnar Kevin Garnett og Paul Pierce voru báðar með 23 stig. - hbg



**SJÓÐHEITIR** Chauncey Billups og félagar í Detroit Pistons eru á mikilli siglingu um þessar mundir og mættu Boston í nótt í uppgjöri heitustu liða NBA-deildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**QUINTON FORTUNE** Gæti fengið tækifæri hjá sínum gamla liðsfélaga.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sunderland:

## Tekur Fortune á reynslu

**FÓTBOLTI** Roy Keane, knattspyrnustjóri Sunderland, hefur verið duglegur að safna til sín fyrrum leikmönnum Man. Utd enda eru meðal annars í Sunderland-liðinu þeir Andrew Cole og Dwight Yorke.

Keane er ekki hættur því nú hefur hann fengið annan United-mann, Quinton Fortune, til reynslu hjá Sunderland.

Fortune er aðeins þrítugur að aldri og var síðast hjá Bolton en fékk ekki nýjan samning síðasta sumar.

„Hann er að koma sér í form eftir aðgerð. Við munum koma með frekari fréttir af málinu eftir helgi,“ sagði Keane við heimasíðu Sunderland en Fortune er búinn að æfa með liðinu í mánuð.

Keane hefur þegar fengið einn leikmann í janúarglugganum en það var Jonny Evans sem kemur að láni frá Man. Utd en Evans þessi var einmitt sakaður um að hafa nauðgað stúlku í jólateiti Man. Utd á dögunum. - hbg

Nígeríska landsliðið:

## Everton fær undanþágu

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Nígeríu hefur gefið enska félaginu Everton leyfi til þess að halda landsliðsmönnunum Yakubu Aiyegbeni og Joseph Yobo aðeins lengur svo þeir geti spilað með Everton gegn Chelsea í undanúrslitum enska deildarbikarsins.**

**Þeir félagar koma svo til móts við hópinn 8. janúar en Nígeríumenn ætla sér stóra hluti í Afríkukeppninni sem þeir hafa unnið 1980 og 1994.**

**Keppnin sjálf hefst 20. janúar en liðin hittast fyrr og fara í æfingabúðir.** - hbg

Afríkukeppnin:

## Drogba valinn í landsliðið

**FÓTBOLTI** Það styttist í Afríkukeppnina umdeildu en í gær var framherjinn Didier Drogba valinn í 23 manna hóp landsliðs Fílabeinsstrandarinnar þrátt fyrir að vera meiddur á hné. Aðeins einn leikmaður í landsliðinu spilar í heimalandinu.

Fílabeinsstrendingar koma saman í Kúvæt á mánudag og verða þar í æfingabúðum til 18. janúar. Liðið mun einnig spila þrjá æfingaleiki í Kúvæt – einn gegn landsliðinu og svo gegn sterkum félagsliðum í landinu.

Mörg kunnugleg nöfn eru í landsliði Fílabeinsstrandarinnar eins og Emmanuel Eboue og Kolo Toure hjá Arsenal, Yaya Toure hjá Barcelona og Salomon Kalou hjá Chelsea. - hbg





**KAMPAKÁTIR** Þeir Cristiano Ronaldo, Wayne Rooney og Anderson fögnuðu marki Rooneys vel og innilega. Rooney átti frábæra innkomu af bekknum en með honum kom nægt líf til að klára Villa. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Ronaldo og Rooney sáu um að afgreiða Villa

**Man. Utd vann góðan 0-2 útisigur á Aston Villa í enska bikarnum í gær. Nokkuð var um óvænt úrslit í keppninni eins og venjulega en fjögur úrvalsdeildarfélög voru slegin út úr keppninni af neðrideildarliðum í gær.**

**FÓTBOLTI** Það er alltaf mikill sjarmi í kringum ensku bikarkeppnina enda fá litlu liðin þá tækifæri gegn þeim stóru og oftar en ekki líta óvænt úrslit dagsins ljós. Á því varð engin breyting í gær.

Úrvalsdeildarlið Blackburn var hreinlega pakkað saman af Coventry á heimavelli, 1-4, og Bolton tapaði fyrir Sheffield United, 0-1, og einnig á heimavelli. Everton tapaði líka óvænt á heimavelli, 0-1, og það gegn Oldham. Birmingham tapaði aftur á móti á útivelli gegn Huddersfield.

Chelsea slapp með skrekkinn gegn QPR og sigraði með sjálfsmarki gestanna. Tottenham gerði jafntefli gegn Reading, 2-2, og West Ham gerði markalaust jafntefli við Manchester City.

Stórleikur gærdagsins var þó klárlega viðureign Aston Villa og Man. Utd á Villa Park. United hefur haft mikið tak á Villa í gegnum árin og takið losnaði ekki í gær. Hinir baneitruðu Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney sáu til þess að United færi með sigur heim með mörkum á síðustu tíu mínútunum.

Varnarmaðurinn Rio Ferdinand þakkaði Wayne Rooney fyrir sigurinn en hann sagði að innkoma Rooneys af bekknum hefði kveikt í liðinu.

„Rooney sneri þessum leik algjörlega við. Hann er ótrúlegur knattspyrnumaður. Hann hefur verið fjarri góðu gamni í síðustu leikjum en var mjög ferskur er hann kom inn. Strákurinn býr yfir alveg hreint ótrúlegri orku,“ sagði Ferdinand eftir leikinn en hann hrósaði Ronaldo líka en hann laumaði sér á bak við Bouma er hann kom United yfir í leiknum.

„Þetta var ekki fallegt mark en gaurinn skorar alveg ótrúlega mikið. Það skiptir engu hversu falleg mörkin eru, við tökum öllum mörkum fagnandi. Það kom ekki til greina hjá okkur að spila þennan leik aftur og það er okkur eðlislægt að klára leiki í stað þess að sætta okkur við einhverja stöðu. Stjórinn myndi heldur aldrei nokkurn tímann sætta sig við það. Við förum í alla leiki og öll mót með það að markmiði að vinna. Annað er hreinlega vanvirðing sem við viljum ekki sjá,“ sagði Ferdinand.

henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Enski bikarinn:

| | |
|---|---|
| Chasetown-Cardiff | 1-3 |
| Wolves-Cambridge | 2-1 |
| Barnsley-Blackpool | 2-1 |
| Blackburn-Coventry | 1-4 |
| Bentley - Mifsud 2, Adebola, Ward (víti). | |
| Bolton-Sheff. Utd | 0-1 |
| - Carney. | |
| Bristol City-Middlesbrough | 1-2 |
| Charlton-WBA | 1-1 |
| Chelsea-QPR | 1-0 |
| Camp, sjálfsmark. | |
| Colchester-Peterborough | 1-3 |
| Huddersfield-Birmingham | 2-1 |
| Ipswich-Portsmouth | 0-1 |
| Norwich-Bury | 1-1 |
| Plymouth-Hull | 3-2 |
| Preston-Scunthorpe | 1-0 |
| Southampton-Leicester | 2-0 |
| Sunderland-Wigan | 0-3 |
| - Scharner, Cotterill, sjálfsmark. | |
| Tottenham-Reading | 2-2 |
| Berbatov 2 (eitt víti) - Hunt 2. | |
| Watford-Crystal Palace | 2-0 |
| West Ham-Man. City | 0-0 |
| Everton-Oldham | 0-1 |
| Aston Villa-Man. Utd | 0-2 |
| Cristiano Ronaldo, Wayne Rooney. | |

### Iceland Express-deild kvk:

| | |
|---|---|
| **Haukar-KR** | **74-80** |

**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Kiera Hardy 16, Unnur Jónsdóttir 15, Telma Fjalarsdóttir 9, Ragna Brynjarsdóttir 7, Heiðrún Jónsdóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Bára Hálfdánardóttir 2.
**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir 27, Sigrún Ámundadóttir 15, Guðrún Þorsteinsdóttir 14, Guðrún Ámundadóttir 13, Þorbjörg Friðriksdóttir 6, Helga Einarsdóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2, Dóra Þrándardóttir 1.

| | |
|---|---|
| **Keflavík-Fjölnir** | **112-77** |
| **Grindavík-Hamar** | **96-79** |



**BARÁTTA** Eiður er hér í skallaeinvígi við David Navarro í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður í liðinu í gær:

## Tekinn af velli í hálfleik

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen fékk aftur tækifæri í byrjunarliði Barcelona í gær en Real Mallorca var sótt heim í spænsku deildinni.

Eiður Smári kom ekki sérstaklega vel undan jólunum, hafði sig lítt í frammi og var tekinn af velli í leikhléi. Í hans stað kom Bojan Krkic.

Barcelona vann leikinn, 2-0, með mörkum frá Rafael Marques og Samuel Eto´o. - hbg

KR-konur lögðu Íslandsmeistara Hauka og það án síns besta leikmanns, Monique Martin:

# Skotsýning Haukakvenna kom of seint

**KÖRFUBOLTI** KR-konur unnu sex stiga sigur, 74-80, á Íslandsmeisturum Hauka á Ásvöllum í gær og stungu upp í þá sem hafa haldið því fram að liðið væri bara bandaríski leikmaðurinn Monique Martin sem hefur skorað 38,3 stig að meðaltali með liðinu í vetur.

Martin skilaði sér ekki eftir jólafríið en KR-konur létu það ekki á sig fá og voru með örugga forustu allan leikinn eða allt þar til að Haukaliðið sjóðhitnaði og skoraði fimmtán stig í röð á rúmum þremur mínútum og áttu eftir það möguleika á lokasprettinum. Haukaliðið setti niður fjórar þriggja stiga körfur í röð og fengu síðan tveggja stiga körfu og víti að auki sem fór ofan í og staðan breyttist úr 57-76 í 72-76 á skömmum tíma. Það var hins vegar besti maður vallarins, Hildur Sigurðardóttir, sem skoraði stigin á lokakaflanum sem lönduðu sigrinum en Hildur var með 27 stig, 9 fráköst og 8 stoðsendingar í gær.

KR-liðið vann stóran sigur í gær ekki síst fyrir sjálfstraustið enda ljóst að þær eru langt frá því að treysta eingöngu á framlag Monique Martin. Hildur lék mjög vel og eins voru þær Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (15 stig og 14 fráköst), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir (14 stig) og Guðrún Ósk Ámundadóttir (13 stig, 4 stoðsendingar og 4 stolnir boltar) allar að spila mjög vel. Það var þó frammistaða Hildar sem stóð upp úr, hún tók af skarið í fjarveru Martins, skoraði 20 af fyrstu 40 stigum liðsins og spilaði auk þess félagana vel uppi.

Haukaliðið átti frábæra endurkomu í fjórða leikhlutanum en fram að því réðu gestirnir úr Vesturbænum lögum og lofum á vellinum. Haukaliðið hitti aðeins úr 13 af 50 skotum sínum (26 prósent) í fyrstu þremur leikhlutunum og lykilmenn eins og Kiera Hardy og Kristrún Sigurjónsdóttir voru ískaldar fram eftir leik. Þær settu hins vegar niður 20 stig saman í fjórða leikhluta (Kristrún 11 stig og Hardy 9) og skutu sínu liði aftur inn í leikinn ásamt hinni 16 ára Heiðrúnu Hödd Jónsdóttur sem kom inn í lokin og setti niður tvo stóra þrista. - óój



**Í BANASTUÐI** Hildur Sigurðardóttir átti verulega góðan leik fyrir KR og leiddi sitt lið til sigurs gegn Íslandsmeisturum Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Neistinn loksins fundinn

**Snæfell vann gríðarlega góðan sigur, 74-67, á Njarðvíkingum í Stykkishólmi í gær. Mikið hefur vantað upp á baráttuandann hjá Snæfelli í vetur en það var enginn skortur á honum í gær og útlit fyrir að neistinn sé loksins fundinn.**

**KÖRFUBOLTI** Það var aldrei spurning um hvort liðið færi með sigur af hólmi þegar Njarðvíkingar heimsóttu Snæfell í Fjárhúsið í gær. Heimamenn mættu mikið betur stemmdir til leiks, voru grimmari í öllum aðgerðum og það skilaði þeim verðskulduðum sigri að lokum, 74-67.

Það var jafnræði með liðunum framan af og jafnt eftir fyrsta leikhluta, 25-25. Snæfellingar voru magnaðir í öðrum leikhluta er þeir lokuðu vörninni og röðuðu niður þriggja stiga körfum. Þeir höfðu því sex stiga forskot í leikhléi, 39-33.

Heimamenn juku enn við forskotið í þriðja leikhluta og þegar aðeins einn leikhluti var eftir var munurinn átta stig, 54-46. Njarðvík átti smá áhlaup í fjórða leikhluta er þeir minnkuðu muninn í fjögur stig, 56-52, en þá steig Snæfell á bensínið á ný og landaði verðskulduðum sigri.

„Þetta var hörkuleikur og ég er alveg búinn á því. Sigurinn var samt mjög ljúfur,“ sagði Hlynur Bæringsson, leikmaður Snæfells, kampakátur eftir leikinn. Hlyni hefur verið tíðrætt í vetur um skort á baráttuanda hjá Snæfelli en það var enginn skortur á honum í gær.

„Þetta er nákvæmlega það sem ég er búinn að tala um og ég veit ekki hvort að sú staðreynd að leikurinn hafi verið í sjónvarpi hafi kveikt í mönnum og þeir sett aðeins aukagel í hárið eða hvað. Við höfum verið hrikalega andlausir í vetur en með svona baráttu getum við staðið í og unnið hvaða lið sem er. Þetta gefur góð fyrirheit fyrir erfiða áætlun sem er fram undan hjá okkur. Við getum aftur á móti blandað okkur í efri hlutann með góðum úrslitum í næstu leikjum og það er stefnan. Koma okkur í góða stöðu fyrir úrslitakeppnina og gera svo atlögu að titlinum,“ sagði Hlynur.

### Veit ekki hvernig ég á að afsaka tapið

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, var eðlilega ekki sáttur í leikslok. „Ég er gríðarlega svekktur því við vorum svo langt frá okkar besta. Það voru ekki nema 2-3 leikmenn sem voru líkir sjálfum sér en aðrir voru bara slakir. Ég tek ekkert af Snæfelli sem spilaði vel. Ég veit ekki alveg hvernig ég á að afsaka þetta tap og ég sagði við strákana inn í klefa að ég vildi bara gleyma þessum leik. Þetta var hrikalega dapurt og þá sérstaklega sóknarleikurinn í síðari hálfleik. Það var ekkert flæði og menn stóðu bara og horfðu hver á annan,“ sagði Teitur sem tók undir að Snæfell hefði einfaldlega viljað sigurinn meira en þeir.

„Snæfell tók þvílíkt af sóknarfráköstum og við komumst ekki í hraðaupphlaup. Það er einmitt viljinn sem skiptir máli þegar verið er að berjast um fráköst og Snæfell hafði meiri vilja en við,“ sagði Teitur.

**henry@frettabladid.is**



**GRIMMUR** Sigurður Þorvaldsson og félagar í Snæfelli voru mjög grimmir gegn Njarðvík og vildu sigurinn meira en Njarðvíkingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**JUSTIN GATLIN** Neitar staðfastlega að hafa neytt ólöglegra lyfja.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Justin Gatlin:

## Ætlar að áfrýja banninu

**FRJÁLSAR** Spretthlauparinn Justin Gatlin hefur ákveðið að áfrýja keppnisbanni sínu sem hann fékk fyrir að falla á lyfjaprófi árið 2006. Hann féll einnig á lyfjaprófi árið 2001. Upphaflega var Gatlin dæmdur í átta ára bann frá íþróttinni en það var stytt í fjögur ár á dögunum.

„Ég veit í hjarta mínu að ég hef ekki gert neitt rangt,“ sagði hinn 25 ára gamli Gatlin við Washington Post. „Ég hef verið rændur tækifærinu á að klára minn feril. Það er búið að taka frá mér allt sem ég hef unnið fyrir á minni ævi. Ég hef alltaf barist fyrir mínu og ég ætla ekki að gefast upp í þessu máli. Mér líður eins og ég sé fastur í banka sem verið er að ræna og mér sé síðan kennt um ránið.“

Gatlin vann gull á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004 og hann ætlaði sér að verja Ólympíutitil sinn í Peking í sumar.

**- hbg**

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Snæfell-Njarðvík** **74-67**
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 17, Magni Hafsteinsson 13, Hlynur Bæringsson 13, Slobodan Subasic 12, Sigurður Þorvaldsson 11, Anders Katholm 5, Árni Ásgeirsson 3.
**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 23, Hörður Axel Vilhjálmsson 18, Brenton Birmingham 15, Sverrir Sverrisson 5, Friðrik Stefánsson 4, Egill Jónasson 2.

**ÍR-Þór Ak.** **96-85 (41-36)**
**Stig ÍR**: Steinar Arason 8, Nate Brown 4, Ómar Örn Sævarsson 13, Ólafur J. Sigurðsson 4, Hreggviður Magnússon 16, Sveinbjörn Claessen 18, Tahirou Sani 32, Þorsteinn Húnfjörð 1.
**Stig Þórs:** Cedric Isom 28, Luka Marolt 14, Hrafn Jóhannesson 12, Daniel A. Krazmi 11, Óðinn Ásgeirsson 7, Ólafur H. Torfason 6, Magnús Helgason 5, Bjarki Á. Oddsson 2.

NFL-deildin:

## Úrslitakeppnin hafin

**NFL** Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst í nótt þegar Seattle Seahawks tók á móti Washington Redskins en síðari leikur næturinnar var viðureign Pittsburgh Steelers og Jacksonville Jaguars. Fyrsta umferðin er svokallaðir Wild Card-leikir og síðari tveir leikirnir fara fram í dag. Fyrst tekur Tampa Bay Buccaneers á móti New York Giants og síðan mætir Tennesee Titans til San Diego þar sem liðin spila á Qualcomm-vellinum.

Sá leikur er í beinni útsendingu á Sýn og hefst leikurinn klukkan 21.30.

**- hbg**





**STERKUR** Frakkinn Tahirou Sani var of stór biti fyrir Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÍR nálægt því að missa niður unninn leik:

## Sani sá um Þórsara

**KÖRFUBOLTI** ÍR vann mikilvægan sigur á Þór Akureyri í Iceland Express-deild karla í gær, 96-85. ÍR styrkti þar með stöðu sína í sjöunda sæti deildarinnar með 10 stig, tveimur stigum meira en Þór.

Í stöðunni 6-10 skoraði ÍR átta stig í röð og tók frumkvæðið í leiknum sem liðið lét aldrei af hendi. Nate Brown, leikstjórnandi ÍR, fékk sína þriðju villu í lok fyrsta leikhluta og hikstaði sóknarleikur liðsins án hans í öðrum leikhlutanum.

Sóknarleikur Þórs gekk enn verr en skyttum liðsins virtist ómögulegt að finna körfuna. ÍR fór með fimm stiga forystu inn í hálfleikinn, 41-36. ÍR náði fljótt 10 stiga forystu í þriðja leikhluta og náði 18 stiga forystu fyrir síðasta leikhlutann, 75-57.

ÍR náði mest 21 stigs forystu, 80-59, en þá slakaði liðið á og Þórsarar gengu á lagið. Þór skoraði 15 stig gegn 3 og minnkaði muninn mest í fimm stig, 87-82, en Frakkinn Sani fór fyrir ÍR í lokin sem vann að lokum sanngjarnan 11 stiga sigur, 96-85. Tahirou Sani fór mikinn í liði ÍR í sínum öðrum leik með liðinu og gæti hann reynst liðinu mikilvægur síðari hluta mótsins þegar hann kemst betur inn í leik ÍR.

Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari ÍR, var ekki sáttur við leik sinna manna í leikslok þrátt fyrir sigurinn. „Ég er sáttur við stigin tvö en liðið lék ekki eins vel og ekki eins hratt og ég hefði viljað. Það var kæruleysi í varnarleiknum og einbeitingarleysi í sóknarleiknum sem olli því að þeir komust inn í leikinn í lokin,“ sagði Jón Arnar í leikslok.

**- gmi**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40526 01/08

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLIÐIÐ
*í blíðu og stríðu*

FLJÚGÐU Á EM Í HANDBOLTA 2008
BEINT FLUG TIL ÞRÁNDHEIMS

**RIÐLAKEPPNIN** 17.–21. JANÚAR
EÐA **MILLIRIÐLAR** 21.–25. JANÚAR
94.500* KR.
Á MANN Í TVÍBÝLI

+ Nánari upplýsingar og bókanir
á www.uu.is/ithrottir eða í síma 585 4000



Hvatning og stuðningur eru mikils virði þegar menn heyja harða keppni á alþjóðavettvangi. Icelandair og Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn taka nú höndum saman og bjóða handboltaáhugamönnum einstakt ferðatilboð í beinu flugi til Þrándheims í Noregi á EM 2008.

Tryggðu þér strax sæti! Hvetjum strákana til dáða á EM 2008!

**ÁFRAM ÍSLAND, ALLTAF!**

VERTU VIRKUR STUÐNINGSMAÐUR STRÁKANNA OKKAR
Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Í HANDKNATTLEIK

ÚRVAL-ÚTSÝN ICELANDAIR

* Innifalið: Flug, skattar, gisting í 4 nætur með morgunverði,
flugvallarakstur erlendis og miðar á alla leiki íslenska liðsins í riðli eða milliriðli.



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.**

**1) Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun**, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ

zebra

## > Julia Roberts

Árið 1992 hafnaði Julia Roberts tilboði um aðalhlutverkið í kvikmyndinni Basic Instinct sem Sharon Stone tók síðan að sér.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR SYRGIR HUGMYNDINA UM LÚKAS

# *Björgum dýrunum*

Allir þekkja söguna um Lúkas. Hann hvarf, var talinn hafa farist á voveiflegan hátt, um hann spunnust sögur og ævintýr, hann olli miklu fjaðrafoki og svo birtist hann á ný, heill á húfi. Ég var ein af þeim sem sat beggja vegna borðsins. Meðan mér fannst fólk fara eilítið yfir strikið með því að fleyta kertum og brynna músum þá skyldi ég líka þessa vanmáttartilfinningu sem grípur mann þegar minnimáttar er gert mein á illfýsinn hátt.

Dýraníðingar eru án efa til hér á landi líkt og annars staðar í heiminum og ég áttaði mig á því um daginn þegar ég var oftar sem áður að horfa á Animal Planet, hve mál Lúkasar hefur í raun skaðað málstað dýra hér á landi. Málið var það umdeilt og þótti að lokum svo fáránlegt og fyndið að það rataði í áramótaskaupið. Fjölmiðlar voru í raun rassskelltir fyrir að trúa rógburði af spjallþráðum eins og nýju neti. Þetta verður líklega til þess að ef upp kemur annað sambærilegt mál, þá verði fjölmiðlar mjög varir um sig. Allt eins er líklegt að þeir loki augum og eyrum og vilji ekki einu sinni koma við það með langri stöng. Þetta er slæmt enda er ofbeldi gagnvart dýrum staðreynd þótt það birtist í mörgum myndum. Þetta sést berlega í þáttum á borð við Houston animal cops á Animal planet. Þar kemur manneskjan fram í sinni bestu og meinfýsnustu mynd. Góðhjartaðir dýralæknar bjarga dýrum sem hafa sætt ótrúlegri meðferð. Yfirleitt er ekki um hreint ofbeldi að ræða, miklu fremur hugsunarleysi og vankunnáttu. Í hverjum þætti bjarga starfsmenn borgarinnar horuðum hestum, sækja hunda til eigenda sem láta þá svelta heilu hungri og brjótast inn í íbúðir þar sem eigendur halda hundrað ketti, litla, stóra, lifandi og dauða.



Slíkir þættir geta ekki annað en snert hjörtu hinna hörðustu andstæðinga dýrahalds og hefðu allir gott að því að horfa á þó ekki væri nema einn slíkan þátt til að fá smá innsýn inn í hug þess fólks sem syrgði hugmyndina um hinn myrta Lúkas.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.55 Footballers' Wives – Extra Time** SIRKUS



▶ **20.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** SKJÁR EINN



▶ **21.20 Dulmálslykillinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Mary Reilly** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.20 Elvis** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Kóala bræður 08.49 Landið mitt 09.01 Herkúles 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Fínni kostur 09.52 Fræknir ferðalangar 10.22 Sigga ligga lá 10.35 Konráð og Baldur

**10.50 Váboði** (10:13) e.

**11.20 Laugardagslögin**

**12.25 Þekking brúar bilið** e.

**14.20 Orðin að engu** e.

**15.40 Foo Fighters á tónleikum** e.

**17.00 Mótókross**

**17.30 Táknmálsfréttir**

**17.40 Nú er ég frjáls**

**18.00 Stundin okkar**

**18.25 Litla-Bretland – Jólaþáttur** (2:2) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**20.20 Glæpurinn** (12:20)

▶**21.20 Sunnudagsbíó - Dulmálslykillinn** (Arabesque) Bandarísk bíómynd frá 1966. Sérfræðingur í arabísku myndletri er fenginn til að fletta ofan af samsæri um að myrða forsætisráðherra í Austurlöndum nær. Leikstjóri er Stanley Donen og meðal leikenda eru Gregory Peck og Sophia Loren. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.05 Kveðja frá Ríkisútvarpinu** Einsöngvarar, hljóðfæraleikarar og kórar flytja íslensk sönglög. Áður flutt á árunum 2000 - 2005. Kynnir er Ása Briem og um dagskrárgerð sér Andrés Indriðason. e.

**23.45 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Owning Mahowny**

**08.00 Indecent Proposal** (e)

**10.00 Jersey Girl**

**12.00 Moon Over Parador** (e)

**14.00 Owning Mahowny**

**16.00 Indecent Proposal** (e)

**18.00 Jersey Girl**

**20.00 Moon Over Parador** (e)

▶**22.00 Mary Reilly** Hér er á ferðinni hrollvekjandi ástarsaga sem aldrei var sögð. Aðalhlutverk: Glenn Close, John Malkovich, Julia Roberts.

**00.00 Garden State**

**02.00 Pieces of April**

**04.00 Mary Reilly**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir** 07.25 Barney 07.50 Algjör Sveppi 07.55 Ben 08.20 Fífí 08.35 Doddi litli og Eyrnastór 09.15 Kalli og Lóla 09.30 Dora the Explorer 09.55 Krakkarnir í næsta húsi 10.20 Pocoyo 10.30 Tracey McBean 10.40 Tutenstein 11.05 A.T.O.M. 11.30 Háheimar

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Nágrannar**

**13.30 ´Til Death** (20.22)

**14.00 Joey** (2.22)

**14.25 Tískulöggurnar** (1.6)

**15.15 True Gladiator**

**16.10 Logi í beinni**

**16.55 60 mínútur**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Sjálfstætt fólk**

**19.40 Pressa** (1.6) Ný rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Handritið skrifuðu þeir tvímenningar ásamt nokkrum af vinsælustu glæpasagnahöfundum landsins, Árna Þórarinsson, Pál Kristin Pálsson, Yrsu Sigurðardóttur og Ævar Örn Jósepsson. 2007.

**20.30 Pressa** (2.6) Bönnuð börnum.

**21.20 Damages** (12.13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögfræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinni á toppinn. 2007. Bönnuð börnum.

**22.05 Instinct** (1.2) Framhaldsmynd mánaðarins. Bresk sakamálamynd um Thomas Flynn, rannsóknarlögreglumann, sem rannsakar dularfull mannshvarf. 2007.

▶**23.20 Elvis** (1.2) Margverðlaunuð sjónvarpsmynd í tveimur hlutum sem segir á einstaklega aðgengilegan og áhrifaríkan máta frá tilurð hins eina sanna konungs rokksins; Elvis Presley. Írski leikarinn Jonathan Rhys-Meyers hlaut Golden Globeverðlaunin fyrir túlkun sína. Aðalhlutverk: Randy Quaid, Rose McGowan, Jonathan Rhys Meyers, Tim Guinee. 2005.

**00.45 Elvis** (2.2)

**02.10 Double Dare**

**03.30 ´Til Death** (20.22)

**03.55 Joey** (2.22)

**04.20 Pressa** (1.6)

**05.05 Pressa** (2.6)

**05.50 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.50 Gillette World Sport 2007**

**08.20 Mallorca - Barcelona Spænski boltinn**

**10.00 Espanyol villarreal Spænski boltinn**

**11.40 Aston Villa - Man. Utd. FA Cup 2007**

**13.20 NFL - Upphitun** (NFL Gameday 07/08) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**13.50 Burnley - Arsenal FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Burnley og Arsenal í ensku bikarkeppninni.

**15.50 Luton - Liverpool FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Luton og Liverpool í ensku bikarkeppninni.

**17.50 Stoke - Newcastle FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Stoke og Newcastle í ensku bikarkeppnni.

**19.50 Real Madrid - Zaragoza Spænski boltinn**

**21.30 NFL deildin** (San Diego - Tennessee) Bein útsending frá leik San Diego og Tennessee í NFL-deildinni.

## SÝN 2

**12.20 Masters Football**

**14.35 Liverpool - Wigan** (Enska úrvalsdeildin)

**16.15 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**16.45 PL Classic Matches**

**17.15 PL Classic Matches**

**17.45 1001 Goals**

**18.40 Fulham - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin)

**20.20 Aston Villa - Tottenham** (Enska úrvalsdeildin)

**22.00 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glenn Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**11.50 Vörutorg**

**12.50 World Cup of Pool 2007** (9:31)

**13.40 Dr. Phil** (e)

**15.15 Charmed** (e)

**16.00 Canada's Next Top Model** (e)

**17.00 David Blaine, Drowned Alive** (e)

**18.00 The Office** (e)

**18.35 7th Heaven**

**19.25 30 Rock** (e)

**20.00 Dýravinir** (10.14) Skemmtilegur og fróðlegur þáttur fyrir alla fjölskylduna um gæludýr og eigendur þeirra. Guðrún Heimisdóttir kemur víða við og skoðar gæludýr af öllum stærðum og gerðum.

▶**20.30 Ertu skarpari en skólakrakki?** Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna. Keppandinn getur þrisvar „svindlað" með aðstoð skólakrakka til að svara spurningunum. Stjórnandi þáttarins er Gunnar Hansson.

**21.30 H2O** (1:2) Fyrri hluti kanadískrar framhaldsmyndar. Þetta er pólitískur tryllir með Paul Gross (Due South) og Leslie Hope (24) í aðalhlutverkum. Kanadíski forsætisráðherran deyr að slysförum rétt áður en mikilvægar viðræður við bandarísk yfirvöld áttu að hefjast. Sonur hans snýr aftur heim til Kanada til að vera viðstaddur útför föður síns. Fyrr en varir er hann kominn á kaf í pólitík og endar í sæti föður síns sem forsætisráðherra.

**23.00 Post Impact** (e)

**00.30 C.S.I. Miami** (e)

**01.15 Vörutorg**

**02.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi**. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.05**

### Sjálfstætt fólk



Hinn margverðlaunaði sjónvarpsþáttur Sjálfstætt fólk hefur göngu sína á ný í kvöld á Stöð 2. Þar mun Jón Ársæll Þórðarson halda mannlífsrannsóknum sínum áfram og taka tali áhugavert fólk sem hefur frá mörgu að segja. Viðmælandi Jóns Ársæls í þessum fyrsta þætti er Kristján Tómas Ragnarsson, skurðlæknir við Sinai-sjúkrahúsið fræga í New York. Kristján Tómas hefur náð afar góðum árangri í starfi sínu og hefur m.a. unnið sér til frægðar þar vestra að veita íþróttastjörnum lækningu meina sinna. Sjálfstætt fólk hefur oftar en nokkur annar þáttur verið útnefndur Sjónvarpsþáttur ársins á Edduverðlaunahátíðinni, eða þrisvar sinnum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Pressa**

**Stöð 2 kl. 20.35**

Ný mögnuð íslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Fyrir viku var fyrsti þátturinn sýndur og nú er komið að þeim næsta þar sem spennan heldur áfram að magnast.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunandakt
**08.15** Ársól
**09.03** Lóðrétt eða lárétt
**10.15** Um Jón Espólín
**11.00** Guðsþjónusta í Seljakirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Gárur
**14.00** Óperukórinn býður til veislu
**14.25** Útvarpsleikhúsið: Hamlet
**16.00** Síðdegsifréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.24** Útvarpsleikhúsið: Sitji guðs englar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Seiður og hélog
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Hundur í útvarpssal
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Orð skulu standa
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (91.260)
**18.05 Hollywood Uncensored**
**18.30 Footballer´s Wives - Extra Time** (9.18)
▶ **18.55 Footballers´ Wives - Extra Time** (10.18) Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum. einnþá. Spúsur fótboltastjarnanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svakalegri, ennþá svæsnari.
**19.20 The George Lopez Show** (5.18) (e) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilisvinir setja gjarnan strik í reikninginn. Leyfð öllum aldurshópum.
**19.45 Sjáðu**
**20.10 American Dad 3** (e) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.30 Special Unit 2** (2.19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Johnny Zero** (9.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
**22.00 Stelpurnar Bönnuð börnum.**
**22.25 X-Files** (e)
**23.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.30** EastEnders **11.00** Land of the Tiger **12.00** Wild Indonesia **13.00** A Week of Dressing Dangerously **13.30** Grumpy Old Women **14.00** Popcorn **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Dad's the Prime Minister **16.30** Mad About Alice **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Secrets of the Ancients **18.50** Himalaya with Michael Palin **19.50** Blizzard - Race to the Pole **20.50** Trouble at the Top **21.30** I'll Show Them Who's Boss **22.10** Boss Women **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Secrets of the Ancients **1.00** Himalaya with Michael Palin **2.00** Boss Women

## DR 1

**10.00** Moskusoksens lange rejse **11.00** TV Avisen **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Boogie Listen **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Sigurd og Bigbandet **17.00** Når gorillaen bygger rede **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Sportsrevyen 2007 **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SøndagsSporten **20.50** En falden engel **22.00** OBS **22.05** Prisvindere: Små mirakler **22.55** Dødens Detektiver

## NRK 1

**9.55** V-cup kombinert **10.45** Tour de Ski **11.55** V-cup skiskyting **12.45** Tour de Ski **13.55** V-cup skiskyting **14.50** Sport i dag **15.10** Hoppuka **16.20** Sport i dag **16.40** Hoppuka **17.30** Energikampen 2007 **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Naturens former **19.45** Nordkalotten 365: Et år på tur med Lars Monsen **20.15** Mr. and Mrs. Smith **22.10** Kveldsnytt **22.25** Keno **22.30** The Bridge **0.00** Beste av Bye & Rønning

## SVT 1

**10.10** Disneydags **11.20** Inför Svenska Idrottsgalan 2008 **11.30** Mötet **12.00** Rapports årskrönika 2007 **13.00** Detta förbaskade Public service... **14.00** August **15.30** Povel a la carte **17.00** BoliBompa **17.30** Stockholm International Horse Show **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Inför Svenska Idrottsgalan 2008 **20.25** Övertalning **22.00** Retreat - den raka vägen **22.55** Rapport **23.05** Led Zeppelin live


NÝJAR PAKKNINGAR
BETRA VERÐ

Nicotinell®

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA Á AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!




TYGGÍGÚMMÍ

KOMDU VIÐ Í NÆSTU LYFJU OG FÁÐU FRÍAR NICOTINELL BRAGÐPRUFUR

*NICOTINELL BRAGÐPRUFUR ERU LYFLEYSA OG INNIHALDA ÞVÍ HVORKI NIKÓTÍN NÉ ÖNNUR VIRK EFNI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann byrjaði ungur að sprella, er mikil félagsvera og eiginlega bara fæddur til að vera í aðalhlutverkinu. Ég er rosalega ánægð með hvernig hefur gengið hjá honum og vona að þetta verði frábær sýning fyrir norðan. Svo er ekki verra að hann er í Gyllta áttavitanum, það er gott að fá reynslu á sem flestum sviðum.“*

Margrét Ósk Árnadóttir, móðir Viktors Más Bjarnasonar sem leikur í Fló á skinni og talar inn á Gyllta áttavitann.

## HIN HLIÐIN LAUFEY ELÍASDÓTTIR LEIKKONA

# *Draumurinn að endurheimta tölvuna*

**Hvað er að frétta?**
Það er nú alltaf eitthvað að frétta.
**Augnlitur:**
Mógrænn.
**Starf:**
Leikkona.
**Fjölskylduhagir:**
Fínir.
**Hvaðan ertu?**
Frá Hafnarfirði.
**Ertu hjátrúarfull?**
Já, frekar.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:**
Dexter.
**Uppáhaldsmatur:**
Japanskur.
**Fallegasti staðurinn:**
Kerlingarfjöll.
**iPod eða geislaspilari:**
iPod.
**Hvað er skemmtilegast?**
Að leika sér.
**Hvað er leiðinlegast?**
Að taka til.
**Helsti veikleiki:**
Óöryggi.
**Helsti kostur:**
Hugrekki.
**Helsta afrek:**
Dóttir mín.
**Mestu vonbrigðin:**
Veit ekki.
**Hver er draumurinn?**
Að sá sem stal tölvunni minni skili henni aftur, vegna alls sem var þar inni, eins og myndir og fleira persónulegt.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?**
Hemmi Gunn og Laddi.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?**
Nöldur.
**Hvað er mikilvægast?**
Fjölskyldan.




# Bandaríkin í biðstöðu

„Það er eiginlega allt frosið núna út af þessu verkfalli og öll verkefni eru í biðstöðu. Og maður er kannski ekki fyrstur í goggunarröðinni, það eru aðrir karlar á undan manni,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur en lítið hefur þokast áfram í útrásinni til Ameríku að undanförnu sökum verkfalls handritshöfunda í Hollywood. Eins og kom fram í fjölmiðlum á síðasta ári sýndu nokkrir erlendir framleiðendur Baltasar áhuga eftir gríðarlega velgengni Mýrinnar og fékk leikstjórinn sendan fjöldann allan af misgáfulegum handritum. En eftir að verkfallið skall á hefur varla verið skrifaður stafur á blað í draumaborginni.

Annars þarf leikstjórinn ekkert að kvíða neinum verkefnaskorti þótt allt sé stopp í hinni stóru Ameríku. Hann var staddur í Svíþjóð þegar Fréttablaðið náði tali af honum og var að litgreina kvikmyndina Brúðgumann sem verður frumsýnd á þessu ári en hún er að einhverju leyti byggð á leikritinu Ívanov eftir Tsjekov. Og svo er Baltasar í einu aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam sem leikstýrt er af Óskari Jónassyni.



- fgg

## ARNALDUR INDRIÐASON: FÆR UM 15 MILLJÓNIR Í SINN HLUT

# Loðnir um lófana eftir feit bókajól

„Nýr bíll? Neeei, en það verður ýmislegt framkvæmt í sumar get ég sagt þér. Ég á stórt hús sem má margt gera við,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn margra metsöluhöfunda nýafstaðinna bókajóla.

Bókaútgefendur og höfundar eru himinlifandi með bóksölu þessarar bókavertíðar. Að sögn Kristjáns B. Jónassonar, formanns Félags íslenskra bókaútgefenda, er fjöldi titla sem fór vel yfir tíu þúsund eintaka sölu. Hann nefnir til sögunnar Hagkaupsbókina, Útkall eftir Óttar Sveinsson, Bíbí eftir Vigdísi Grímsdóttur, Guðna eftir Sigmund Erni og Ösku eftir Yrsu Sigurðardóttur að ógleymdum konunginum sjálfum Arnaldi Indriðasyni en Harðskafi hans var prentuð í hátt í þrjátíu þúsund eintökum. Þýddar bækur sem fóru vel yfir tíu þúsund seld eintök eru Leyndarmálið, Harry Potter og Þúsund bjartar sólir. Þá var breið sala bóka á bilinu fimm til tíu þúsund eintök og þannig fóru bæði Hrafn Jökulsson með bók sína Þar sem vegurinn endar og Óttar M. Norðfjörð með Hníf Abrahams hátt í tíu þúsund seld eintök.

„Þetta eru mestu bókajól sögunnar, miðað við umfang útgáfunnar og hversu mikill fjöldi bóka fer yfir tíu þúsund eintök. Þetta er mikil lyftistöng fyrir alla. Innkoma fyrir forlögin, innspýting fyrir bransann almennt og sýnir að varan er sterk. Allt hið jákvæðasta mál,“ segir Kristján. Hann bendir á að þegar hann var að byrja í bókaútgáfu fyrir rúmum tíu árum hafi þótt meiriháttar árangur að ná fimm þúsund eintaka sölu. Þróunin hefur verið hröð.

Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Veröld, er að vonum kátur en tvær bóka hans, Aska og Guðni, seldust í um tólf þúsund eintökum. „Mesta sala Veraldarsögunnar. Arnaldur er kóngurinn. Um það verður ekki deilt. En það er enginn kóngur án drottningar!“ segir Pétur og vísar til Yrsu.

Kóngurinn Arnaldur var prentaður í um þrjátíu þúsund eintökum. Miðað við hefðbundna samninga milli útgefenda ber rithöfundur 23 prósent úr býtum af heildsöluverði bókar. Þumalputtaregla er sú að í krónum talið sé um að ræða 600 krónur á eintak. Þá er eftir að taka með í reikninginn að skil eftir jól til útgefenda eru nokkur og aukast eðli málsins samkvæmt eftir því hversu vel selst af hverri bók um sig. En að gefnum þeim forsendum að 25 þúsund eintök sitji eftir hjá ánægðum lesendum Arnaldar má meta það sem svo að hann fái í sinn hlut fimmtán milljónir. Yrsa er þá að fá í sinn hlut um 6,6 milljónir (miðað við ellefu þúsund eintök eftir skil) sem og Óttar. Vigdís og Bíbí og svo Sigmundur Ernir og Guðni deila með sér sömu upphæð.

Það virðist því sem liðin sé sú tíð að rithöfundar séu soltnir í kröm, berklaveikir í kvistherbergi að skrifa sín meistaraverk?

„Já,“ segir Kristján, sem reyndar telur lunga rithöfunda ekki ofgóða af sínu. Og þeir líta ekki á starfslaun sem verulega tekjulind, þau komi og fari og séu háð duttlungum matsnefnda hverju sinni.

„Rithöfundar hafa verið óhressir með þetta fyrirkomulag, að fá prósentur af heildsöluverði í stað fastrar tölu. En það er engin leið til baka. Menn verða einfaldlega að taka þátt í markaðsstarfi og þessi jól sanna að stefna hvað varðar frjálst bókaverð er rétt. Samkeppni á bókamarkaði og aðgengi að vörunni eykur hlutfallslega veltu.“

jakob@frettabladid.is



**ÓTTAR SVEINSSON** Selur útkallsbækur sínar í stórum stíl – 6,5 milljónir til hans.



**ARNALDUR** Kóngurinn trónir langefstur á sölulista.



**VIGDÍS OG BÍBÍ** Vinkonurnar góðu skipta með sér 6,5 milljónum.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Fær um 6,5 milljónir í sinn hlut.



**GUÐNI OG SIGMUNDUR** Deila sáttir með sér 6,5 milljónum.






# Gaf þingmönnum forboðna bók

„Ritskoðun er of sterkt orð að nota. En það liggur við. Eða hvað á maður að halda þegar berst bréf frá Vöku-Helgafelli þar sem segir: Of mikil ádeila. Ekki hægt að gefa þetta út?“ spyr Eyvindur P. Eiríksson rithöfundur.

Eyvindur sendi nýverið frá sér bókina „Glass“ en ekkert forlag fékkst til að gefa hana út. Leitaði hann víða en enginn vildi snerta við og voru margvíslegar ástæður gefnar fyrir því, mistrúverðugar að mati höfundar sem telur einfaldlega ádeiluna í bókinni á íslenskt þjóðfélag slíka að útgefendur þori ekki.

Undirtitill bókarinnar er „saga af glæpum og glöpum“ og strax í tileinkun, áður en bókin hefst, er boltinn upp gefinn: „Þau eiga kröfu á þá geðsjúku gróðapunga, sem í dag stjórna þessu landi og þessum heimi. Kröfuna til framtíðar.“ Eyvindur, sem er verðlaunahöfundur, hlaut bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness árið 1997 fyrir „Landið handan fjarskans“, gaf hverjum þingmanni eintak af bókinni.

Rithöfundurinn gaf einnig borgarfulltrúm Glass – telur bókina eiga erindi við hina pólitísku þótintáta. Eyvindur segist svo sem ekkert vera sérstaklega mikill bölsýnismaður en bendir á að þróunin sé hröð og mörg dæmi um að allt fari á hinn versta veg.

„Þegar þú tekur fyrir þætti í nútímasamfélagi sem eru vafasamir og þróar þá áfram á neikvæðan hátt. Eins og getur gerst og hefur gerst fær maður yfirleitt fram skelfilega niðurstöðu,“ segir Eyvindur sem nú situr úti í Noregi við skriftir en sambýliskona hans er norsk. Hann segir kannski í lagi að hann, kominn yfir sjötugt, rífi kjaft. Hann hafi engu að tapa. Eyvindur hefur enn ekki heyrt neitt frá pólitíkusum þeim sem hann gaf bókina en vonast til þess að svo fari. Hann býst við að standa fyrir máli sínu.

- jbg



**EYVINDUR P. EIRÍKSSON** Skrifar um geðsjúka gróðapunga sem í dag stjórna þessu landi.

# Kraftmikil vetrardagskrá









## 8 vikna námskeið
**hefjast 7. janúar**

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

## PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- takmarkaður fjöldi

## MÖMMUTÍMI
- Nýbakaðar mæður með börnin með

## ROPE YOGA
- takmarkaður fjöldi

## JÓGANÁMSKEIÐ

## MEÐGÖNGUJÓGA
- takmarkaður fjöldi

## HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

## TAI CHI

## 12 vikna námskeið
**hefjast 14. janúar**

## LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ
- Fyrir konur

**Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug, Sundlaug Seltjarnarness, tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.**

## SPORTSKÓLI WORLD CLASS
Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára.
**Hefst 19. janúar**

## DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS
Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar.

## SHOKK
Heilsurækt fyrir börn og unglinga, 8 til 15 ára.

**Skráning í Laugum og Seltjarnarnes í síma 553 0000, í Spönginni í síma 553 5000 og í Mósfellsbæ í síma 5667888**

**Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is**

**Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is**

World Class® ICELAND

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Apótekið
lægra verð



**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

# *Aldrei of seint*

Nú í vikunni horfði ég með öðru auganu á breskan sjónvarpsþátt um ekkjumann sem varð ástfanginn, en varð að gefa konuna sem hann unni upp á bátinn af því að uppkomnum börnum hans leist ekki á ráðahaginn. Þeim fannst hann svíkja móður þeirra með því að bera tilfinningar til annarrar konu, rétt eins og þeim sem komnir eru yfir móðuna miklu sé það sérstakt kappsmál að eftirlifandi ástvinir þeirra eyði því sem þeir eiga eftir ólifað í eymd og sút yfir brotthvarfi þeirra. Þegar hann benti á að hann ætti sér enn drauma og þrár hreytti ein dætra hans í hann að hann væri fjörutíu og þriggja ára. Í orðunum lá að á þeim aldri væri heiðvirt fólk vaxið upp úr svoleiðis vitleysu. Þetta hafði djúp áhrif á mig. Ég varð nefnilega fjörutíu og þriggja ára í gær.

**ÞEGAR** ég var skiptinemi í Bandaríkjunum var mér úthlutað ritgerðarverkefninu „Ég árið 2000“. Þetta var haustið 1983, ég var átján ára og árið 2000 var í fjarlægri framtíð. Mér fannst að þá hlyti ég að vera kominn á minn stað í lífinu, þá yrði orðið fullljóst hvað úr mér yrði. Það er skemmst frá að segja að mér skjátlaðist hrapallega um framtíð mína. Í ritgerðinni var ég virtur kvikmyndaleikstjóri, ég hafði komið íslenskri kvikmyndagerð á heimskortið með ódauðlegum meistaraverkum og bjó ásamt fullkominni eiginkonu minni og sæg barna í glæsivillu í Öskjuhlíðinni. Raunin varð sú að bæði villan og leikstjóraferillinn voru langt utan seilingar árið 2000. Þá var ég 35 ára.

**ÞÁ** hvarflaði ekki að mér að 35 ára maður á alla jafna tvo þriðju hluta starfsævinnar framundan, menntaður kvikmyndaleikstjóri sennilega enn meira, líklega ekki minna en þrjá fjórðu. Þaðan af síður flögraði sú hugsun að mér að það væri sorglegt hlutskipti að vera búinn með helstu stórvirki sín í lífinu á þeim aldri og þurfa að verja lunganum af starfsævinni í skugga þeirra.

**Í** raun var ég enn þröngsýnni en stúlkan í sjónvarpsþættinum. Mér fannst að þrjátíu og fimm ára ætti maður að vera orðinn eins og maður yrði (þ .e. full-orðinn) og hjakka í sama farinu upp frá því, af því að á þeim aldri tæki því ekki að byrja á einhverju nýju, verða ástfanginn eða skipta um starfsvettvang. Núna efast ég um að ég hafi nokkurn tímann verið jafnfeginn að hafa rangt fyrir mér.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 6. janúar, 6. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11:13 | 13:33 | 15:53 |
| Akureyri | 11:25 | 13:18 | 15:12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

